



Uppskrift

Anna Mjöll fékk matareitrun

„Maturinn kom út alls staðar sem hann gat

ELDRI KONUR MEÐ YNGRI MÖKUM



5. OKTÓBER 2018 / 38. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DIKT



Páll Óskar Sex ár að vinna sig upp úr skuldasúpu

Reynir Bergmann

Viðtal



SNAPPARI SEM SLAPP ÚR KLÓM FIKNAR

■ Margoft íhugað sjálfsvíg ■ Sótti fíkniefni með barn í bílnum ■ Taugaskemmdir eftir krakkneyslu



Alvarlegt ástand á Bakka

■ Íslendingar flýja



BLÓMSTRUÐU SEINT GERÐU GÓÐA HLUTI



Fólkið í hruninu

■ Mótmælendur, löggur og reitt fólk
■ Ólík örlög leikenda

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Síðustu orðin

„Lék ég hlutverk mitt vel? Klappið þá fyrir mér er ég yfirgef sviðið.“

– Haft eftir Ágústusi (23.9.63 f.Kr.–19.8.14), fyrsta keisara Rómaveldis.

Á þessum degi, 5. október

1450 – Gyðingar eru reknir frá Neðra-Bæjaralandi að skipun Lovíks 9., hertoga af Bæjaralandi.



1789 – Konur Parísar marsera til Versala til að bjóða Lóvík 16. Frakklandskonungi birginn. Þær kröfðust brauðs, afnáms lénsskipulagsins og að konungur og hirð hans yrði flutt til Parísar.

1962 – Fyrsta kvikmynd James Bond-seríunnar, Dr. No, lítur dagsins ljós.



1962 – Fyrsta smáskífa The Beatles, Love Me Do, er gefin út í Bretlandi. Á B-hliðinni er lagið P.S. I Love You.



1984 – Marc Garneau fer fyrstur Kanadamanna út í geim, með geimskutlunni Challenger.



Umhverfissvæna skipið legið við bryggju í tíu mánuði

Eigandinn hættir í útgerð

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Eigandi Storms Seafood hefur ákveðið að hætta í útgerð og sett nýsmíðað skip sitt á sölu. Skipið vakti töluverða athygli þegar það kom til lands fyrir tæpu ári en það var þá fyrsta hálfrafnúna fiskiskipið. Það hefur hins vegar legið við bryggju síðan þá og aldrei verið notað til veiða. Eigandinn segir persónulegar ástæður og efnahagsumhverfi liggja þar að baki.

Tvö ár í smíði
Athygli vakti þegar línu- og netskipið Stormur HF 294 kom til hafnar í Reykjavík þann 18. desember síðastliðinn. Þetta var fyrsta nýsmíði í línuskipaflotanum í sextán ár og auk þess fyrsta fiski-

skipið sem var rafknúið að hluta. Almenn ánægja var með að Íslendingar væru að stíga fyrsta skrefið í að rafvæða fiskiskipaflotann eins og Norðmenn hafa verið að gera. Skrokur skipsins var keyptur á Nýfundnalandi fyrir nokkrum árum af félaginu Stormur Seafood ehf. Þá var hann fluttur til Gdansk í Póllandi og í tvö ár var unnið að því að lengja skipið, rafvæða það og koma fyrir nýjustu og fullkomnuustu tækjunum. Kerfið heitir Diesel Electric og veldur betri eldsneytisnýtingu. Ætla mætti að skipið hefði tafarlaust verið tekið til notkunar fært afla í höfn á umhverfissvænan og fullkominn máta. En svo er ekki því að Stormur HF 294 hefur legið í Reykjavíkurhöfn í rúma tíu mánuði og ekki fiskað neitt. Þykir mörgum sjómönnum og öðrum

sem starfa við höfnina þetta hin mesta furða.

Eiga fimm prósent í Stundinni
Steindór Sigurgeirsson er eigandi Storms Seafood. Aðspurður hvers vegna skipið hafi ekki farið úr höfn segir hann: „Það er nú ástæða fyrir því. Við höfum verið að græja svoltið í skipinu en svo erum við komnir með það í söluferli.“
Ætlaðir þú að nýta það til veiða?
„Já, ég ætlaði að gera það en svo ákvað ég að hætta í útgerð.“
Áður hefur verið fjallað um eignarhaldið á Stormi Seafood en hluti fyrirtækisins er í eigu erlendra fjárfesta, Nautilus Fisheries LTD í gegnum önnur félög. Í frétt RÚV frá árinu 2010 var sagt að Nautilus væri í eigu Kínverja, einnar ríkustu fjölskyldu Asíu

sem Steindór hafi kynnst í Hong Kong. Steindór segir þetta hafa verið rangan fréttafletning og það væri í raun breskur viðskiptafélagi hans sem ætti hlutinn. Sá maður er Jason Whittle.
Útgerð er ekki það eina sem Steindór og Jason hafa fjárfest saman í. Þeir keyptu til að mynda veitingastaðinn Kaffi Reykjavík árið 2012. Þá eiga þeir um fimm prósent hlut í Stundinni í gegnum Storm Seafood og eignarhaldsfélagið Fjélagið.
Af hverju ertu að hætta í útgerð?
„Það eru ýmsar ástæður fyrir því, þar á meðal persónulegar. Krónan er orðin mjög sterk og erfitt að reka lítið fyrirtæki í þessum geira.“
Steindór segir skipið hafa verið til sölu í nokkra mánuði en nú sé að rofa til. ■

5 mögulegar kvikmyndir byggðar á íslenskum atburðum

Í næstu viku verður kvikmyndin Undir halastjörnu, í leikstjórn Ara Alexanders, frumsýnd. Myndin byggist á líkfundarmálinu svokallaða sem skók íslenskt samfélag árið 2004. DV tók saman fimm mál eða persónulegar sögur sem verðskulda að vera kvikmyndaðar.



Guðmundar- og Geirfinnsmálin
Ekki sér enn fyrir endann á þessu stærsta sakamáli Íslands-sögunnar. Mögulegt er að málin verði rannsökuð upp á nýtt og aldrei að vita nema gerendur fá makleg málagjöld. Líf ungs fólks varð aldrei samt. Spilltir lögreglumenn svífast einskis. Þetta handrit hefur allt.



Fjallið
Ungur sláni frá Akranesi umbreyttist í mannlegan Hulk. Sigrar í keppnum og á leiklistarsviðinu. Þeningum rignir inn. Undir niðri kraumar ólga í einkalífinu sem ekki sér fyrir endann á.

Hrunið
Íslenska efnahags-hrunið er fordæmalaust með öllu og því væri hægt að gera góðan trylli sem gerist dagana fyrir og eftir hrunið, þar sem pólitiksar eru í geðshræringu og braskarar reyna að bjarga sér. Á meðan missa margir saklausir allt sitt.

Bláa hafid
Upprisa Íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Byrjar á tapleik gegn Liechtenstein og endar á jafntefli gegn Argentínu í Moskvu. Algjör óþarfi að fjalla um síðustu leikina og það má alls ekki minnast á Eric Hamren. Þetta verður klisjukennnd Hollywood-mynd, ekki raunsæ evrópsk harnsaga sem verður bara sýnd í Bíó Paradís.



Skákað í skjólinu
Upphafssatriði: Fíkni-efni gerð upptæk á skrifstofu Skáksam-bands Íslands. Á sama tíma lamast íslensk kona í dularfullu slysi á Spáni. Öll spjót beinast að eiginmanninum. Týndur bílaleigubíll, sviðin jörð í viðskiptum á Íslandi. Erlendar mafur blandast inn í málið.





Louis Poulsen kynnir PH 3/2 borðlampa í takmörkuðu upplagi sem upphaflega var hannaður árið 1926. Skermurinn er gerður úr munnblásnu ítölsku gulu gleri hann stendur á fallegum messing fæti og er áletraður.

Borðlampinn verður aðeins í sölu í þrjá mánuði, frá 1. október til 31. desember. 2018, og er því um sannkallaðann safngrip að ræða.

PH 3/2 Amber Borðlampi úr messing

Takmarkað upplag

**louis
poulsen**

Hönnun Poul Henningsen


Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



Verð: **169.000-**

*Hægt verður að kaupa auka gler / opalgler fram til 1. nóvember á 34.000 kr. (verð áður 68.000 kr.)

Hver er hún



- Hún er fædd 8. febrúar árið 1977.
- Hún er tónlistarkona á ekki langt að sækja hæfileikana.
- Hún gaf út sína fyrstu plötu árið 2001 og hefur vakið mikla lukku með hljómsveitunum Steed Lord og Blissfull.
- Hún hefur verið búsett í Los Angeles í tæpan áratug.
- Hún gerði nýlega samning við útgáfurisann Sony um dreifingu á nýrri plötu.

SVAR: SVALA BJÖRGVINSDDÓTTIR



Georg I, konungur Englands, var í raun þýskur.



Ronald Reagan vann sem lífvörður á háskólaárum sínum. Hann bjargaði 77 mannlífum.



Gamanleikarinn Rowan Atkinson er með meistaraáráðu í rafmagns-verkfræði.



Hátt í 97% af vatni jarðar eru ódrykkjarkæf.



„Ég sá íslenska frétt sem lofaði að ég yrði rík“

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Minnst einn Íslendingur hefur fallið í gildru falsfréttu sem kenndar eru við Viðskiptabaðið. Um er að ræða síðu sem heiti Heralded News sem lítur út fyrir að vera vefur Viðskiptabaðsins og birtir þar falskar fréttir sem eiga að fá Íslendinga til að skrá sig sem Bitcoin-kaupendur. Fréttirnar, sem eru margvíslegar og hafa fram til þessa innihaldið myndir af þekktum Íslendingum á borð við Björgólf Guðmundsson, Rúnar Frey Gíslason og Jón Ásgeir Jóhannesson ásamt Einari Þorsteinssyni í Kastljósinu. Hefur Einari sagt að hann sé „alveg bit“ að vera notaður á þennan hátt. Þessum fréttum var svo dreift á Facebook-síður Íslendinga.

Íslensk kona um þrítugt, sem vildi alls ekki koma fram undir nafni, segir í samtali við DV að hún hafi fallið í gildruna. Hún hafi ekki haldið að hún yrði jafn rík á einni nóttu og fréttin lofaði en það væru hugsanlega gróðamöguleikar þarna á ferð. Eftir að hún lét síðuna fá nafn sitt og símanúmer var hún beðin um að afhenda kortaupplýsingarnar sínar. „Þá leist mér ekki lengur á blikuna, þeir vildu að ég keypti Bitcoin og lofuðu að ég fengi upphæðina margfalt til baka, þá hætti ég við,“ segir konan.

Hún var búin að láta aðilana fá símanúmerið og fór hún þá frá ítrekuð símtöl úr erlendu númeri. „Ég vaknaði kl. 8 og var þá strax með sex ósvoruð símtöl. Ég vildi ekki svara, ég vildi helst bara gleyma þessu.“

Póttust ekkert vita
Númerið sem var hringt úr er svissneskt og er ekki skráð í símaskrá í landinu. Þegar blaðamaður DV hringdi í númerið var svarað hjá einhverju sem kallar sig Trade Capital. Sá sem svaraði í símann kannaðist ekki við selja Íslendingum Bitcoin eða aðra rafmynt og vildi ekki ræða samband Trade Capital við Heralded News. Vildi viðkomandi lítið gefa upp hvernig

Ég skil ekki hvernig ég gat látið plata mig svona

fyrirtæki Trade Capital er, en sagði það vera í Zurich. Átti blaðamaðurur að fá símtal innan skamms frá sölumanni, það símtal kom ekki.

Víða er varað við fyrirtæki sem kallar sig Trade Capital, á vef Forex kemur fram að höfuðstöðvar Trade Capital er hótelherbergi í Genf. Vefsíðan þeirra er svo skráð á Lozareo Group, félag með höfuðstöðvar í kráarhverfi Edinborgar, 151 fyrirtæki er skráð í sömu byggingu. Eigandi Trade Capital heitir Zafar Mavlyanov og kemur frá Úsbekistan.

tal ekki raun að selja rafmynt heldur biðja þau um fjárfestingu og lofa fórnarlömbum sínum háum fjárhæðum síðar. Það fé skilar sér aldrei og fyrirtækin hætta að svara tölvupósti og loka símanúmerinu sínu. Vefsíða Viðskiptabaðsins var virk í gær en nú er buið að breyta hleknum og fjarlægja allt sem viðkemur Bitcoin og loforðum um ríkidæmi. En síðan hefur sprottið upp á öðrum vefslóðum.

Konan varar aðra við að falla í sömu gildru. „Ég var bara að fletta á Facebook og sá íslenska frétt sem lofaði að ég yrði rík. Ég skil ekki hvernig ég gat látið plata mig svona en sem betur fer tapaði ég engu.“

Er Góði hirðirinn að breytast í Epal?

Svarthöfði
Svarthöfði hefur velt því fyrir sér af hverju Góði hirðirinn er orðin svona dýr búð. Þar er selt rusl. Þarna er til dæmis verið að selja stól úr hrosshári á 75 þúsund krónur. Le Corbusier er hann kallaður og er víst fint merki utan úr heimi. Svarthöfði þurfti að klípa sig í upphandlegginn til að athuga hvort hann væri nokkuð að dreyma. Gekk Svarthöfði kannski óvart inn í Epal en ekki nytjarknað Sorpu þennan dag? En jú, Svarthöfði var vel vakandi og enn þá í ruslabúðinni.

Stórvesírarnir á Sorpu geta því valið bestu bitana en sleppt alvöru ruslinu

tímanlega og sá að fyrir opnun stóðu tugir fyrir utan búðina og biðu þess að hún yrði opnuð. Þetta hefur Svarthöfði aðeins séð þegar Dunkin' Donuts var opnað í Austurstræti árið 2015. En jú, líka í sjónvarpinu þegar Kanar berjast um raftæki á svörtum föstudegi. Svarthöfða var svolítið brugðið en lét ekki deigan síga.

Svarthöfði fór á stúfana og leit aði skýringa á þessu. Komst hann að því að bölvuðu góðærinu er um að kenna. Íslendingar kaupa allt nýtt og henda nánast ónotuð-



um hlutum beint í tunnuna, sumu enn í verksmiðjuplastinu. Stórvesírarnir á Sorpu geta því valið bestu bitana en sleppt alvöru ruslinu.

Veltir Svarthöfði fyrir sér hver næstu skref Góða hirðisins verði. Munu þeir opna netverslun? Auglýsa vörur sínar í Sjónvarpinu? Kannski fara í útrás til Köben og Lundúna? Den Gode Hyrde - Design Fabuleux.

Þetta er varhugaverð þróun að mati Svarthöfða. Strangheiddarlegt alþýðufólk hefur varla efni á að

kaupa rusl lengur. Góði hirðirinn er hins vegar ekki eini nytjarknaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og hefur Svarthöfði í auknum mæli neyðst til að versla við markað ABC Barnahjálpar og Rauða krossinn. Þar er ruslið á mun samkeppnishæfara verði og þjónustan fín. Það kæmi Svarthöfða þó hins vegar lítið á óvart ef þessir markaðir færu að elta Góða hirðinn og þá er voðinn vís. Hvar verður þá hægt að kaupa rusl? ■

NÝR JIMNY!

ALVÖRU JEPPI

FRUMSÝNUM HANN
6. OKT. KL. 12-17
LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

ALLIR SEM REYNSLUAKA
SUZUKI BÍL Á SÝNINGUNNI FARA
Í LUKKUPOTT. DRÖGUM ÚT TVO
HEPPNA EFTIR SÝNINGUNA SEM MUNU
VINNA SÉR INN SKEMMTIFERÐ
INNANLANDS FYRIR TVO.



Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjór hjóladrif með lágu drifi

Það er alltaf Suzuki veður!

„Það eru allir Íslendingar að flýja“

■ Lág laun fyrir erfiða vinnu ■ Umdeild byssa í notkun ■ Er bönnuð í Noregi

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ástandið er hræðilegt á vinnustaðnum og það dettur ekki nokkrum heimamanni í hug að sækja um vinnu hjá þessu fyrirtæki. Það eru örfáir Íslendingar sem starfa í framleiðslunni og flestir þeirra ætla að þrauka til áramóta til þess að fá þrettánda mánuðinn greiddan. Síðan munu menn segja upp,“ segir starfsmaður PCC á Bakka í samtali við DV.

Fréttir af mikilli ólgu meðal starfsmanna kísilverins hafa verið háværar undanfarna viku. Fjallað var um málið í frétt Fréttablaðsins í vikunni en þar kom fram að óánægja starfsmanna væri margþætt og beindist gegn stjórnarháttum yfirmanna, vinnuástandi og launakjörum.

Heppinn að drepa sig ekki

Ekki bætti úr skák þegar fréttir bár-ust af alvarlegu vinnuslysi þriðju- daginn 2. október. Starfsmaður slasaðist alvarlega við vinnu sína þegar hann fékk í sig skot úr byssu sem notuð er þegar tappa á bráðnum málmum úr ofni verksmiðjunnar.

„Hann var ljónheppinn að drep-ast ekki. Þetta er skýrt dæmi um þá óstjórn sem verið hefur í gangi. Það eru til aðrar leiðir til að tappa af ofn-inum en þær hafa verið ófærar út af bilunum sem ekki hefur verið gert við. Byssan hefur því verið í mun meiri notkun en eðlilegt getur talist og það eru byssuskot úti um alla verksmiðju. Það er bannað að nota slík tæki í Noregi og það er með ólíkindum að það sama gildi ekki hérlandis,“ segir starfsmaðurinn.

Í kjölfar slyssins má segja að starfsmönnum hafi verið nóg boðið. „Einn reyndur starfsmaður á annarri vakt neitaði að nota byss-una nema öryggi starfsmanna væri tryggt. Það verður vonandi til þess að að það heyri til undantekninga að heyra byssuskot á Bakka,“ segir starfsmaðurinn.

Lág laun fyrir erfiða vinnu

Starfsmannaveita á Bakka hefur verið afar mikil undanfarið og nýir starfsmenn eru nánast undantekningarlaust frá Eystrasaltslöndun-um. „Það eru allir Íslendingar að flýja fyrirtækið. Þeir borga algjör skítlaun fyrir mjög líkamlega erfiða vaktavinnu. Fyrir fulla vinnu er ég að fá rúmlega 300 þúsund krónur í útgreidd laun og ég mun ekki láta

þjóða mér þetta lengur. Ég reikna með því að segja upp eftir áramót,“ segir starfsmaðurinn. Hann segir að íslenskir starfsmenn séu afar óánægðir með þær fyrirhuguðu breytingar að taka upp eingöngu tólf tíma vaktakerfi. „Það er fint fyrir útlendinga sem koma hingað á eins konar vertíð. En það er ekki eitthvað sem íslenskir fjölskyldumenn geta hugsað sér.“

Þá segir hann marga reynda starfsmenn furðu lostna yfir því að ekkert sé reynt til þess að halda í þá. „Fyrirtækið hefur fjárfest gríðarlega í starfsmönnum sínum. Við höfum setið rándýr námskeið og höfum reynslu sem ég myndi telja verðmæta. Þess í stað þá reynir fyrirtækið ekki einu sinni að halda í starfsmenn sem segja upp og ráða þess í stað starfsmenn frá Eystrasaltslöndunum sem ætla sér bara að starfa í nokkra mánuði. Það segir sig sjálfst að slíkur rekstur er dauðadæmdur,“ segir starfsmaðurinn.

Eins og staðan er í dag þá er aðeins einn ofn, Birta, í rekstri á Bakka. Illa gekk að koma Birtu í fullan rekstur, meðal annars kviknaði eldur í verksmiðjunni í júlí, sem tafði ferlið mjög. Þegar það þó tókst var næsta verkefni að reyna að koma



hinum ofninum, Boga, í rekstur. Það ferli hefur verið martraðar-kennt. „Það eru stöðugar bilanir. Það er búið að reyna að koma hon-um að minnsta kosti þrisvar í gang en það endar alltaf með því að það brotna í honum rafskaut áður en að hann er kominn á fullt afl. Þá þarf að moka hráefninu upp úr ofninum sem og skautabrotunum. Síðan þarf að byrja upp á nýtt,“ segir starfs- maðurinn. Á heimasíðu kísilverins kemur fram í frétt frá 2. október að undirbúningsvinnu við gangset-ningu Boga sé lokið og að fyrirtæk- ið stefni á að ofinn verði kominn í góðan og stöðugan rekstur á allra næstu dögum.

„Það er öllu alvarlegra að stjórn-




endur fyrirtækisins skelli algjörlaga skollaeyrum við því að það sé ekki nægilegur mannskapur til staðar til þess að manna vaktir ef Bogi kemst í gang. Það er alveg ljóst að álagið á starfsfólk er komið yfir þolmörk og því skil ég ekki hvernig þetta á að vera gerlegt,“ segir starfsmaðurinn að lokum. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Breskur söluaður kom með fíkniefni í vösunum á lögreglustöðina

■ Hélt að um hótél væri að ræða

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ungmenni í Reykjavík lentu í undarlegri uppákomu á miðvikudagskvöld. Mættu þau breskum manni í Krambúðinni við Skólavörðustíg og var hann mjög ölvaður og lét illilega. Kvöldið endaði með því að hann gekk sjálfviljugur en óafvitandi inn á lögreglustöðina við Hlemm með fulla vasa af fíkniefnum.

Flaggaði stolnu áfengi og fíkniefnum

Ungmennin fjögur voru í Krambúðinni þegar þau sá ungan og hraustlegan mann í jakkafötum, reyndist hann vera breskur. Í samtali við DV segja þau hann hafa verið mjög ölvaðan og reynt að stofna til slagsmála við íslenskan viðskiptavin búðarinnar. Hann hafði stolið víni af hótelinu sem hann gisti á og fór ekki leynt með það. Ekki frekar en fíkniefnin sem hann hafði á sér, bæði gras og hvítt efni í poka.

„Hann byrjaði að tína upp úr vösunum og setja á bretti þarna fyrir utan búðina. Hann bauð öllum sem voru þarna áfengi,“ segir un- gur maður.

Maðurinn fór að spjalla við ungmennin og bað þau um að skutla sér niður á BSÍ þar sem hann átti að taka flugrútuna út á Keflavíkflugvöll. Sagðist hann vera hjartalæknir en við eftirgrennsan kom í ljós að hann starfar fyrir svissneskt fyrirtæki sem framleiðir lækningatæki. Var hann hér á Íslandi í einn dag til að kynna vörur á Landspítalanum. Átti hann flug til Lundúna.

„Þetta er hótelið þitt“

Í bílnum sagði hann að töskunni sinni, með síma og læknatækjum, hefði verið stolið en síðan að hann hlyti að hafa gleymt töskunni á bar. Bauð hann ungmennunum 500 sterlingspund fyrir að hjálpa honum að leita.

„Okkur fannst þetta mjög lang- sótt enda var hann blindfullur. Við sáum á miðanum hans að hann átti að verða sóttur fyrir framan hótelið sitt, nálægt Hallgrímskirkju, en hann vildi þá ekki fara út úr bílnum, jafnvel eftir að rútan hans fór. En þá bauð hann okkur pening til að skutla sér út á völl. Þá sögðumst við ætla að keyra hann á annað hótél.“

Ungmennin keyrðu þá rակleidis með manninn á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Einn ungur maður segir:

„Þegar við keyrðum að stöð- inni sagði ég við hann: „This is your

„Hann bauð öllum sem voru þarna áfengi“

hotel“ og síðan fórum við öll út úr bílnum. Lögreglumaður kom og talaði við hann. Hann gekk upp að dyrunum og þá komu sex lögreglu- menn og handtóku hann.“

Maðurinn var þá enn þá með fíkniefnin á sér fyrir utan poka af grasi sem hann skildi eftir í bílnum. Ungmennin afhentu lögreglunni pokann og héldu svo sína leið. Samkvæmt tilkynningu frá lög- reglunni var maðurinn yfirheyrður og vistaður í fangageymslu. ■



vita

Njóttu þess að hlakka til



GDANSK

VITAborg

Frábært verð til margra okkar bestu borga

Aðeins bókanlegt hjá VITA

© IGLS/STUDIO VITA 8804 1015




HAVANA



MARRAKESH



GRANADA



VALENCIA

Flogið með
ICELANDAIR

VITA | Skógarhlöð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

Bókanlegt á VITA.is





Lítt þekkt ættartengsl

Saklaus sakborningur og athafnamaðurinn

Á dögunum féllu langbráðir sýknudómar í Guðmundar- og Geirfinns-málunum, sem flestir eru sammála um að sé svartur blettur á íslenski réttarsögu. Einn af þeim sem voru sýknaðir var Tryggvi Rúnar Leifsson sem hlaut á sínum 13 ára fangelsisdóm fyrir að hafa banað Guðmundi Einarssyni í janúar 1974.

Tryggvi Rúnar lést árið 2009 og gat því ekki fagnað með ástvinum sínum þegar mannröð hans var hreinsað. Einn af þeim sem sátu í réttarsalnum var albróðir hans, Hilmar Þór Leifsson athafnamaður. Hilmar, sem fer oftast að lögum, hefur stundum ratað

á síður fjölmíðla fyrir ýmiss konar uppákomur, sérstaklega átök á almannafæri.



Fjölskyldufaðir tók rangan strætó í Kringluna

320 þúsundum krónum fátækari

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Fjölskyldufaðir í Reykjavík sem er á atvinnuleysisbótum var sviptur þeim í tvo mánuði á þeim forsendum að hann hefði misst af kynningarfundum hjá Vinnuálfstofnun. Þetta er mikið áfall fyrir hann og fjölskyldu hans þar sem þetta eru einu tekjur hans.

„Ég þori ekki einu sinni að segja konunni minni þetta. Þetta er bara eitthvað svo kjánalegt að ég hrein-

„Það vildi enginn tala við mig í síma og útskýra fyrir mér af hverju þau gerðu þetta

lega trúi ekki að þetta geti gerst,“ segir maðurinn. Forsaga málsins

er sú að maðurinn skráði sig á atvinnuleysisbætur og fékk boð um að mæta á sérstakan kynningarfund hjá Vinnuálfstofnun. Þar sem fjárhagur hans var ekki sterkur eftir að hann missti vinnuna sína þurfti hann að taka strætisvagn því ekki voru til fjármunir fyrir bensíni á bíl hans. Þegar kom að því að taka vagninn þá gerði hann þau mistök að taka rangan vagn. „Ég áttaði mig á þessu allt of seint, en um leið og ég gerði það þá hringdi ég strax niður í Vinnuálfstofnun til að láta vita af þessu.“

Skýringar mannsins skiptu augljóslega engu máli fyrir Vinnuálfstofnun því hún ákvað vegna þess að hann missti af þessum einu fundi að taka af honum rétt til atvinnuleysisbóta í tvo mánuði, en það þýðir um rúmar 320 þúsund krónur í tekjumissi fyrir hann.

Maðurinn, sem vill ekki koma undir nafni, sagði í samtali við DV að hann skildi ekki þessa gífurlegu hörku sem stofnunin beitti hann vegna fjarveru hans á einum fundi. „Það vildi enginn tala við mig í síma og útskýra fyrir mér af hverju þau gerðu þetta nákvæmlega, sögðu mér aðeins að senda þeim tölvupóst.“

Honum finnst afar ómanneskjulegt hvernig er farið að í þessu ferli. „Ég skil ekki þessi viðbrögð. Ég hafði allan tímann ætlað mér að taka þátt í öllum þeim úrræðum sem Vinnuálfstofnun ætlaði að bjóða upp á, ég er ekki að reyna svindla á neinum hérna.“



Í samtali við DV sagði Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnuálfstofnunar, að lögin einfaldlega væru þannig að Vinnuálfstofnun yrði að gera þetta. Samkvæmt 58. grein laga um atvinnuleysistryggingar kemur fram að hafni einstaklingur þátttöku í vinnuálfstofnun skuli hann ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum í tvo mánuði. Túlkar Vinnuálfstofnun þessa lagagrein svo að mæti fólk ekki á kynningarfund hjá stofnuninni sé það að hafna þátttöku í vinnuálfstofnun skuli hann ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum í tvo mánuði og hefur hann því engar tekjur þann tíma fyrir sig og fjölskyldu sína. Engar formlegar reglur eru til hjá Vinnuálfstofnun um hvaða ástæður séu teknar gildar. Blaðamaður spurði Unni hvort það væri geðþóttaákvörðun Vinnuálfstofnunar hvaða ástæða sé tekin gild fyrir að missa af kynningarfundum og ekki missa bætur á sama tíma. „Nákvæmlega, það er það sem við gerum alla daga. Það eru bara mjög mismunandi útskýringar og oft eru þær teknar gildar.“ Ekki á neinum stað á heimasíðu Vinnuálfstofnunar er tekið fram hvað telst vera löggild ástæða fyrir því að missa af fundi, svo fólk getur ekki vitað hvort það missi bótarétt sinn í tvo mánuði ef það missir af einum kynningarfundum. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Flutningaþjónusta milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

FÓLKID Í HRUNINU

■ Litlu munandi að illa færi ■ Ólík örlög þjóðþekktra persóna

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Hrunið og búshaldabyltingin eru einhverjir mestu orlagatímur á Íslandi undanfarna áratugi. Þjóðfélagið lék á reiðiskjálfi og litlu mátti muna að illa færi á köflum. Upp úr þessum jarðvegi spruttu upp persónur sem urðu áberandi í þjóðfélaginu af ýmsum ástæðum. DV tók saman nokkrar af þeim helstu og hvað varð um þær.

Telur lögregluna hafa gengið of hart fram

Fyrir hrunið var Birgitta Jónsdóttir þekkt sem skáldkona og aktivísti. Þegar búshaldabyltingin skall á varð hún áberandi talskona þeirra sem vildu knýja breytingar í gegn og var viðstödd flestallar samkomur sem haldnar voru. Síðar var hún kjörin á þing fyrir Borgarahléyinguna og árið 2012 tók hún þátt í að stofna flokk Pírata.

Birgitta segir að fólk hafi mætt til að mótmæla á Austurvelli af ýmsum ástæðum en flestir hafi óttast um afkomu sína og sinna.

„Um tíma leit út fyrir að matar- og lyfjaöryggi landsins væri í hættu,“ segir Birgitta í samtali við DV. „Ég var að vinna í matvöruverslun í gamla daga þegar allsherjarverkfall stóð yfir og hillurnar byrjuðu að tæmast. Þegar hrunið skall á sá ég að það var farið að raða í hillurnar á svipaðan hátt. Þá fór ég að hugsa um hvort ég ætti að birgja mig upp af hveiti og öðru slíku, hvort maturinn í landinu væri að klárast. Þetta voru ógnvekjandi tímar. Ég þekkti líka fólk sem var í námi erlendis og gat ekki tekið út neina peninga. Íslendingar voru allt í einu orðnir þriðja flokks þegar en þetta er að gleymast í öllum hvítþvottinum um hrunið. Fólk fannst ekki einungis að fjármálakerfið hefði hrunið, heldur allar þær undirstöður sem tryggja að samfélagið sé heilbriggt.“

Eina af þessum undirstöðum segir Birgitta hafa verið fjölmiðlana og því hafi hún og fleiri tekið það að sér að taka upp og skrifa um mótmælin. Nefnir hún sérstaklega umfjöllun 365 um „kryddsíldar-mótmælin“ þar sem sagt var að mótmælendur hefðu verið reiðir og ágengir.

„Ég tók myndbönd frá þessum degi og þetta var algjört kjaftæði. Fólk var jú reitt en ekki þannig að neinum stæði ógn af. Stemningin almennt var ekki ágeng eða ofbeldisfull. Það var eitthvert fólk sem var að reyna að nýta sér ástandið, góðkunningjar lögreglunnar, en þá stóðu mótmælendur vörð um lögregluna.“

Hvernig fannst þér lögreglan bregðast við?

„Misjafnlega. Þetta var langverst þegar þeir klæddu sig í óeirðagallana, því að þá hættu þeir að vera manneskjur. Í janúar gengu þeir fram með miklu offori og settu fólk til dæmis niður í bíla-kjallara þinghússins. Þetta varð ógnvekjandi á tímabili, þegar þeir

Það var sótt að heimilum lögreglumanna



DV 24. nóvember 2008 Fagnaðarlæti þegar Hauki var sleppt lausum.

voru byrjaðir að beita tárugasi og til tals kom að flytja inn einhverjar óeirðagræjur frá Danmörku. Lögreglan gerði fjölda mistaka í þessu ferli en hún hafði aldrei lent í neinu svona áður.“

Birgitta sat á þingi til ársins 2017 og var virk í ýmsum verkefnum, bæði hér heima og á erlendum vettvangi. Til dæmis í kringum uppljóstrunarvefinn Wikileaks. Í dag situr hún við skriftir á ævisögu móður sinnar, Bergþóru Árnadóttur söngvaskálds, og stefnir á útgáfu á næsta ári. Einnig vinnur hún að ýmsum verkefnum erlendis í tengslum við mannréttindi í hinum stafræna heimi.

„Ég hef verið að ganga í gegnum mikla kulnun undanfarið. Ég held að ég hafi ofgert mér í þessari vinnu sem ég valdi mér.“

Húsbjóturinn dæmdur í fangelsi

Í kjölfar hrunsins misstu fjölmargir Íslendingar skuldsett heimili sín enda ruku lán upp úr öllu valdi. Samtök heimilanna voru stofnuð til að aðstoða þetta fólk og margar skrautlegar uppákomur urðu. Á þjóðhátíðardaginn árið 2009 barst sú frétt að maður hefði eyðilagt hús sitt á Álftanesi og fögnuðu margir dirfsku hans. Hann var talinn hetja fyrir að láta ekki bankann fá að taka húsið en síðar kom í ljós að maður var í mysunni.

Mál húsbjótisins, Björns Braga Mikkaelssonar, nær fram fyrir hrunið. Til ársins 2007 þegar hann, við sölu einingahúss, notaði fjármuni frá viðskiptavinum sínum til að greiða niður lán á heimili hans við Hólmatún á Álftanesi. Hjón um þrítugt greiddu um sjö milljónir króna inn á reikning félags hans, Sun House Ísland, og átta greiðslurnar að fara til finnsks framleiðanda.

Fyrirtækið var þá í miklum fjárhagsvandæðum og beiðni var lögð fram um nauðungarsölu á húsinu. Sú beiðni var afturkölluð þegar Björn greiddi inn á lánið.



Lögreflufoinginn Óttaðist að lögreflan réði ekki við ástandið.

Birgitta Jónsdóttir
„Þetta varð ógnvekjandi á tímabili, þegar þeir voru byrjaðir að beita tárugasi og til tals kom að flytja inn einhverjar óeirðagræjur frá Danmörku.“

Afgangurinn fór beint í rekstur Sun House, til Björns sjálfs og fjölskyldumeðlima. Tæpu ári síðar var félagið komið í sams konar vanda og fjárnám gert í húsinu. Þetta gerðist allt saman fyrir hrun.

Þann 17. júní árið 2009 komst Björn í fréttirnar þegar hann braut niður húsið á Álftanesi með beltagröfu. Húsið var þá í eigu Sun House. Lét hann ekki þar við sitja og eyðilagði Mercedes Benz-bíreið í eigu félagsins.

Björn var ákærður og játaði að hafa skemmt húsið. Hann neitaði hins vegar að hafa gerst sekur um fjársvik og skilasvik. Þann 17. janúar var hann í Héraðsdómi Reykjaness sakfelldur í ákæru-liðunum og ekki talinn eiga sér neinar málsbætur. Hlaut hann átján mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm.

Árið 2013 var Björn úrskurðaður gjaldþrota og ekkert fékkst upp í 115 milljóna króna kröfur í búið. Gat hann því ekki greitt þær bætur sem hann var dæmdur til að inna af hendi. DV hefur ekki vitneskju um hvar Björn er staddur í dag.

Vardi þinghúsið og settist svo á þing

Eftir að bankahrunið raungerðist magnaðist hratt upp reiði í þjóðfélaginu. Beindist hún bæði að

bankamönnum og stjórnvöldum sem voru talin hafa brugðist. Veturinn 2008 til 2009 einkenndist af mótmælum sem stigmöggnuðust dag frá degi og stóð lögreflan í ströngu við að verja Alþingishúsið við Austurvöll og aðrar ríkisstofnanir. Geir Jón Þórisson yfirlögrefluþjónn stýrði aðgerðum lögreflunnar við erfiðar aðstæður.

Geir segist í samtali við DV hafa verið virkilega smeykur þegar mestu lætin gengu yfir.

„Þetta var mjög tæpt á köflum. Ég var smeykastur við að fólk myndi slasast, bæði lögreflumenn og mótmælendur, og einnig að lögreflan myndi ekki ná að hafa tök á þessu. Ég var mjög hræddur við það.“

Hvenær var hættan mest?

„Ég man sérstaklega eftir mótmælunum 20. janúar og nóttina þar á eftir. Síðan mótmælunum við lögreflustöðina í nóvember, sem voru mjög alvarleg. Það var búíð að brjóta allar rúður á framhliðinni og hurðin var komin inn. Það var ekki nokkur leið að róa fólk og við urðum að grípa til aðgerða.“

Hvað með menn þína, buguðust þeir einhvern tímann?

„Nei, en það var tæpt á því. Menn voru orðnir mjög þreyttir

enda var þetta langvarandi staða. En ég fann aldrei fyrir neinni uppgjöf. Margir af þeim voru í sömu stöðu og mótmælendur og misstu jafnvel heimili sín en þeir hugsuðu fyrst og fremst um að standa sína plikt. Þetta bitaði hardast á lögreflunni því hún stóð í fremstu víglínu fyrir hið opinbera og heimili sem veist var að.“

Geir segir það hafa verið mjög mismunandi hverju fólk var að mótmæla.

„Við sáum það að fólk var að láta reiði sína bitna á lögreflunni vegna annarra mála, ótengdum hruninu. Það notfærði sér tækifærið og það bakland sem mótmælin veittu.“

Lentu lögreflumenn í áreiti utan vinnu?

„Já. Ekki ég persónulega en það var sótt að heimilum lögreflumanna.“

Geir harmar að stjórnvöld hafi ekki sýnt lögreflunni skilning og að embættið hafi sjálft þurft að standa straum af kostnaðinum. Almennt séð hafi stjórnmalamennt stutt lögrefluna en fjárútlátin fylgdu ekki, þvert á móti var skorið niður þrátt fyrir álagið.

Árið 2012 hætti hann hjá lögreflunni og síðar fór hann inn á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn ▶

**ELDBORG - HÖRPU
7. OG 8. OKTÓBER**

Celebrating
**DAVID
BOWIE**

VINIR OG FÉLAGAR **BOWIES** HEIMSKLASSA
TÓNLISTARMENN & SÉRSTAKIR GESTIR, Á
TÓNLEIKUM SEM SPANNA ALLAN FERIL **BOWIES**

**TODD RUNDGREN ADRIAN BELEW
ANGELO MOORE PAUL DEMPSEY**

**EMM GRYNER ANGELO BUNDINI RON DZIUBLA
MICHAEL URBANO DAVEY FARAGHER**

MEÐ SÉRSTÖKUM GESTUM

**ANNA MJÖLL
EINAR SCHEVING
KJARTAN VALDEMARSSON**

**MEÐ STJÓRNANDANUM TOM TRAPP
MEÐ SINFONIANORD HLJÓMSVEIT OG KÓR*
(*8.OKTÓBER)**

MIÐASALA Á HARPALIS



DV 30. apríl 2012 Húsbrióturinn var hylltur sem hetja áður en sannleikurinn kom í ljós.



Þá var ég hálf lömuð og grét yfir þessu

Mætti alltaf fyrst „Ég vildi ekkert endilega kosningar strax.“



Sturla Jónsson
Kominn með sama vagn og fyrir hrún.

sem varaþingmaður. Þá spruttu upp mótmæli vegna ákvörðunar Gunnars Braga Sveinssonar ut-anríkisráðherra um að binda endi á Evrópusambandsúmsókn Íslands.

„Það var mjög sérstök tilfinning að upplifa hávaðann og lætin innan veggja þinghússins eftir að hafa staðið fyrir utan í hruninu. Heyra flautin og öskrin.“

Langaði þig til að fara út og stjórna aðgerðum?

„Nei, alls ekki. Karlinn var búinn með sína skyldu og hæfir menn teknir við.“

Geir er enn að berjast fyrir auknu fjármagni til löggæslu en hann býr nú í Vestmannaeyjum og er formaður Rauða Krossa þar.

Umsátur við lögreglustöðina

Föstudagskvöldið 21. nóvember var ungur mótmælandi, Haukur Hilmarsson, handtekinn eftir vísindafærð heimspekinema í Alþingishúsinu. Haukur var þekktur aktívisti sem meðal annars hafði tekið þátt í mótmælum við Kárahnjúkavirkjun og í bú-sáhaldaþytingunni. Tveimur vikum fyrir handtökuna hafði hann hengt fána Bónus-verslananna á þinghúsið.

Mótmælendur gengu að lögreglustöðinni við Hverfisgötu og vildu Hauk lausan. Spörkuðu þeir í hurðina og lömdu með mótmælaskiltum. Loks gáfu bæði ytri og innri hurðir stöðvarinnar sig en þá réðst lögreglan til atlögu gegn mótmælendum og víkingasveitin kom hlaupandi frá bakhliðinni.

Táragasi var beitt og þurftu margir að leita aðstoðar, til dæmis Eva Hauksdóttir, móðir Hauks, sem þurfti að leita á spítala. Mótmælendur létu eggjum rigna yfir lögreglumennina sem stóðu vörð fyrir framan stöðina. Lauk um-sátrinu með því að Hauki var sleppt lausum og færðist þá ró yfir.

Haukur leit á sig sem anarkista og barðist fyrir hugsjónum sínum alla tíð síðan. Hann varð

einna þekktastur fyrir að beita sér í málefnum hælisleitenda, oft með beinum hætti. Fékk hann til dæmis 60 daga fangelsisdóm fyrir að reyna að stöðva flutning hælisleitandans Pauls Ramses úr landi árið 2010.

Árið 2017 gekk hann til liðs við frelsisher Kúrda í Sýrlandi og barðist gegn hryðjuverkasamtökunum ISIS þar í landi. Í mars síðastliðnum var tilkynnt að hann hefði fallið í loftárás Tyrkja í héraðinu Afrin fyrr á árinu. Síðan þá hefur fjölskylda Hauks þrúspurt um afdrif hans en ekki hefur tekist að staðfesta andlátíð.

Tók hruninu sem árás á heimili sitt

Margrét Tryggvadóttir rithöfundur var á meðal þeirra þúsunda Íslendinga sem mættu til að mótmæla í bú-sáhaldaþytingunni. Eftir hrúnið var hún kjörin á þing fyrir nýjan flokk, Borgarahreyfinguna, sem spratt upp úr jarðvegi byltingarinnar. Í samtali við DV segir hún:

„Ég var sjálfstætt starfandi á þessum tíma og leigði með nokkrum öðrum einyrkjum. Okkar staða var mjög veik, með skuldbindingar en engan atvinnuleysisbótarétt. Við fylgdumst því náði með og tókum þátt. Ég tók hruninu mjög persónulega. Mér fannst þetta vera svik og árás á heimili mitt. Allt sem maður hélt að væri traust var byggt á lygi.“

Margrét segist ekki hafa verið reið á fyrstu dögnum, en óttinn og óvissan var mikil. Hún mætti á mótmælin sem Hörður Torfason skipulagði um helgar og taldi það borgaralega skyldu sína.

„Ég vildi ekkert endilega kosningar strax. Ég taldi að fólkíð sem var best inni í þessum málum væri best til þess fallið að koma okkur út úr þessu, jafnvel þó að það hefði komið okkur í þetta til að byrja með. En þegar tíminn leið og stjórnvöld virtust vanmáttug þá fannst mér ekki spurning um að við ættum að kjósa.“

Fannst þér mótmælin bera árangur?

„Já, það var stígandi í þeim. En þetta var ekki auðvelt og eftir þrjár eða fjórar vikur hugsaði ég með mér að ég þyrfti að fá helgarfrí frá mótmælum. Fólk þurfti að kúpla sig út stöku sinnum og það var almennt samstaða um að gera hlé yfir jólin. En koma svo af fullum krafti aftur í janúar.“

Hún segir að mótmælin hafi heilt yfir gengið friðsamlega fyrir sig og fólk sýnt stillingu, báðum megin við borðið, en þó ekki alltaf.

„Ég man sérstaklega eftir fyrsta degi bú-sáhaldaþytingarinnar. Þá var ég hálf lömuð og grét yfir

þessu. Mér fannst lögreglan ganga fram með allt of mikilli hörku og mér brá af því ég hafði aldrei séð þetta áður. Þeir voru að handtaka fimmtán ára krakka og hlekkja þá saman. Ég held að þeir hafi síðan áttað sig á því að þeir hafi gengið of hart fram, því að þeir gerðu það ekki eftir þetta.“

Margrét valdi sér það hlutverk að vera ávallt mætt fyrst á svæðið því henni fannst mikilvægt að einhver væri mættur. Margir væru feimnir og hefði fundist það óþægilegt að mótmæla einir.

Óttaðist þú einhvern tímann að upp úr syði?

„Fyrsta daginn gerði ég það og ég vissi að það voru læti á kvöldin, þegar ég var farin heim. Þá voru mættir einhverjir sem voru ekki að mótmæla heldur í slag við lögguna. En mótmælin sjálf voru heilt yfir stillt og yfirveguð eftir þennan fyrsta dag.“

Margrét er varaþingmaður fyrir Samfylkinguna í dag og starfar sem barnabókahöfundur.

Keypti nýjan vagn með blóðpeningum

Sturla Jónsson bílstjóri var afar áberandi í íslenskri þjóðfélags-umræðu á árunum eftir hrún. Hann hafði stundað eigin rekstur í rúman áratug og hafði fjárfest í glæsilegum vörubíl á uppgangsárunum og fengið lán fyrir hluta kaupverðsins. Eins og hjá mörgum öðrum þöndust lánin út og Sturla missti allt sitt. Í kjölfarið hellti hann sér út í stjórnmalabaráttu og bauð sig meðal annars þrisvar sinnum fram til setu á Alþingi og var einn af þeim sem buðu sig fram til forseta íslenska lýðveldisins árið 2016. Hlaut Sturla 3,5% atkvæða eða 6.446 alls.

Í dag starfar Sturla enn sem bílstjóri. Á dögnum birti hann mynd af vagni sem hann hafði fjárfest í en aðstæðurnar eru ólíkar því sem var fyrir hrún. Í þetta sinn staðgreiddi Sturla vagninn með blóðpeningum, svo hans orð séu notuð. Í samtali við DV segir hann:

„Ég var neyddur til þess að selja húsið mitt og átti afgang til þess að kaupa vagninn enda er þetta lífsviðurværi mitt. Maður er byrjaður að vinna fyrir sömu hlutunum aftur,“ segir Sturla.

Að hans mati hefur þjóðin lítið lært á hruninu. „Mér líst í raun og veru ekki á blikuna. Fjármálaliðið og stjórnmalamennirnir virðast vera að komnir í svipaðan gir og á árunum fyrir hrún. Á meðan berst vinnandi fólk og sérstaklega leigjendur í bökkum. Það er stór hópur fólks sem er enn að takast á við afleiðingar hrunsins og hefur aldrei fengið neina hjálp,“ segir Sturla. ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM




Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²


Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkl

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



Manstu eftir því þegar Geir bað guð að blessa Ísland?

Spurning vikunnar

Þann 6. október árið 2006 ávarpaði **Geir H. Haarde** forsætisráðherra þjóðina í Ríkissjónvarpinu í tilraun til að útskýra þann vanda sem þjóðin stóð frammi fyrir. Endaði hann ávarpið á orðunum „Guð blessi Ísland“, setningu sem sló áhorfendur. Í dag er setningin ein sú þekktasta í stjórnmálasögunni og hefur verið notuð sem titill á bæði leikrit og heimildamynd. DV spurði lesendur hvar þeir voru þegar Geir mælti þessi orð og hvernig þeim hafi liðið.

„Ég var heima og var nú hálfslæginn yfir þessu.“

Pröstur Björgvinsson



„Ég man ekki hvar ég var en manni varð kalt við að heyra þetta.“

Ársæll Baldursson

„Ég var í New York og frétti þetta ekki fyrr en seinna. Þá var ég búin að nota VISA-kortið nokkuð lengi.“

Arnlaug Hálf-danardóttir



„Ég var í vinnunni. Mér leið illa yfir þessu og varð þínu hrædd.“

Hildur Sif Björgvinsdóttir



„Ég var heima hjá mér. Æi, mér fannst þetta leiðinlegt.“

Sævar Stefánsson



„Ég man ekkert hvar ég var eða hvernig mér leið.“

Hafsteinn Jakobsson



„Ég var í Brussel og leið hræðilega. Ég vissi ekki hvort ég kæmist heim.“

Halldór Halldórsson

„Ég var í stofunni heima að horfa á sjónvarpið. Mér leið ekki mjög vel.“

Halldóra Danielsdóttir



„Ég var í vinnunni. Mér leið sæmilega.“

Aðalheiður Þórðardóttir



HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI



Hotpoint

Hotpoint RPF843EU
1400sn 8kg þvottavél með kolalausum mótur og 12 þvotta-kerfum ásamt hraðkerfi. Stafræn niðurtalning á þvottatíma.

TILBOÐ
49.995

FULLT VERÐ 69.995



LG S14
2.1 Soundbar og þráðlaus bassahátalari með Bluetooth og SIMPLINK.



SOUND
BAR

TILBOÐ
19.995

FULLT VERÐ 29.995

RETRO ÚTVARPSTÆKI 5.000 KR. AFSLÁTTUR

GRUNDIG

GRUNDIG TR1200
Góður hljómur í smáu tæki.
Fáanlegt í tveimur litum.



TILBOÐ
9.995

FULLT VERÐ 14.995



blendtec 3 litir

Blendtec 575BL/WH
Öflugur Classic blandari með FourSide könnu og einföldu hnappaviðmóti.

TILBOÐ
39.995

FULLT VERÐ 49.995

VANDAÐ PÖNNUSETT 50% AFSLÁTTUR



Tefal

TILBOÐ
6.497

TEFAL C6959082
Pönnuset með þykkum og góðum botni fyrir betri hitaleiðni ásamt Thermospot.

FULLT VERÐ 12.995

LOFTTÆMINGARVÉLAR 30% AFSLÁTTUR



VERÐ FRÁ
6.996

AVIKEN VÖFFLUJÁRN 25% AFSLÁTTUR



ÁVIKEN

VERÐ FRÁ
4.871

TREBS SOUS VIDE TÆKI 40% AFSLÁTTUR



TREBS
COMFORT PRODUCTS

TREBS 99334
Vacuumsuðutæki fyrir alla potta með tímastilli og nákvæmni upp á 0.1°C.

TILBOÐ
8.997

FULLT VERÐ 14.995

DOLCE GUSTO KAFFIVÉLAR 20-30% AFSLÁTTUR



VERÐ FRÁ
4.995



32"

United LED32X18

TILBOÐ
19.995

FULLT VERÐ 22.995

55"

United LED55X18

TILBOÐ
49.995

FULLT VERÐ 69.995

65"

United LED65X18

TILBOÐ
89.995

FULLT VERÐ 99.995

75"

United LED75X18

TILBOÐ
169.995

FULLT VERÐ 199.995

UNITED TILBOÐ RÉTTA SJÓNVARPIÐ Á BETRA VERÐI

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

Opið alla helgina!



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Tempelhofer Feld Vinsæll skemmtigarður í Berlín.



EINN ALRÆMDASTI GLÆPAMAÐUR BERLÍNAR MYRTUR

■ Stjórnámenn vilja grípa til harðra og óvenjulegra aðgerða

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þann 16. september síðastliðinn var fallegur dagur í Berlín. Sólin skein og börn léku sér úti í góða veðrinu og fullorðnir nutu blíðunnar. Í Tempelhofer Feld almenningsgarðinum í suðurhluta borgarinnar var fjölmennt. Börn, gamalmenni og allt þar á milli, voru þar á ferli, heimamenn og ferðamenn. Sumir voru að grilla, aðrir að borða ís. Gladlegar raddir og góður dagur. Þar til skothvellirnir heyrðust. Fyrir framan ísbíllinn lá maður í blóði sínu og blóðpollurinn stækkaði. Nærstaddir hlupu ráðalausir um, lítill börn stóðu í kringum manninn og blóðpollinn. Ramon Schack blaðamaður var fyrir tilviljun staddur í garðinum þennan dag og lýsti upplifun sinni í dagblaðinu Die Welt. Hann gekk að mannin-

um og ávarpaði hann. Hann fékk ekkert svar, aðeins augnarád sem hann „mun ekki gleyma“. Augnarád manns sem deyr af völdum ofbeldisverks. „Andlitid er grátt, blóðið flæðir, augun hreyfast.“

Skömmu síðar kemur kona. Hún grætur og brotnar algjörlega saman við þessa sjón. Síðar komst Schack að því að hún er móðir mannsins sem er að deyja fyrir framan hana. Deyjandi maðurinn, Nidal R., var skotinn átta skambbyssuskotum á götu úti um hábjartan dag. Árásarmennirnir voru tveir en kennsl hafa ekki verið borin á þá. Nidal R. var síbrotamaður en hann eyddi 14 árum af þeim 36 sem hann lifði, í fangelsi.

Þýskir fjölmiðlar segja að morðið hafi verið afleiðing af átökum á milli arabísks glæpagengis, sem Nidal R., var félagi í, og tyrknesks glæpagengis. Það er á almanna vitorði að tyrknesk og arabísk glæpagengi

stýra megninu af undirheimastarfsemi Berlínar og ráða þar mestu í fíkniefnaviðskiptum, vændi og innheimtu verndargjalds af fyrirtækjum. Glæpagengin leysa sín mál innbyrðis og leita ekki til yfirvalda til að kvarta undan keppinautum sínum. Þess í stað eru menn myrtir.

En með því að myrða Nidal R. um hábjartan dag á opinberum stað þar sem hætta var á að saklaust fólk yrði fyrir barðinu á ofbeldi færðist ofbeldið og átökin á nýtt stig. Fram að þessu hafa glæpagengin haldið átökum sínum að mestu út af fyrir sig. Ekki bætir úr skák að eiginkona Nidal R. og börn hans voru einnig til staðar. Í kjölfar morðsins hafði lögreglan miklar áhyggjur af hefndaraðgerðum og að glæpagengi Nidal R. myndi finna meinta sökudólga og drepa þá enda var ljósmyndum af hinu grunuðu dreift meðal vina og samverkamanna Nidal R.



Nidal R. Skotinn átta sinnum um hábjartan dag.

Einhvers konar tákmynd undirheimanna

Nidal R. er á margan hátt tákmynd undirheimanna í Berlín. Hann kom til Þýskalands 1990, þá átta ára. Fjölskylda hans hafði flúið frá Líbanon þar sem borgarastríð geislaði. Ekki leið á löngu þar til Nidal R. var kominn á fullt í afbrot. Lögreglan hafði fyrst afskipti af honum þegar hann var 10 ára. Þegar hann var 14 ára átti lögreglan þykka möppu með málum hans. Síðan hélt þetta áfram á sömu braut. Meidyrði, hótanir, rán, ofbeldi, gróft ofbeldi og í ótal skipti var hann tekinn réttindalaus við akstur. Á Facebook-síðu hans eru einmitt margar myndir af honum og dýrum bílum.

Morðið á Nidal R. hefur vakið stjórnámenn til lífsins hvað varðar málaflokkinn og vilja þeir margir grípa til harðra aðgerða. Falko Liecek, starfandi borgarstjóri í Neukölln, þar sem glæpagengin halda aðallega til, vill grípa til harkalegra aðgerða gegn mönnum eins og Nidal R. Hann vill láta taka börn þeirra af þeim ef þau eru talin í hættu vegna afbrota foreldranna og eigi á hættu að verða sjálf glæpamenn. Á þinginu í Berlín nýtur þessi hugmynd stuðnings. Liecek segir að taka eigi bíla, fasteignir, húsgögn, Rolex-úrinn og að lokum börnin af afbrotamönnum. Að öðrum kosti skilji þeir ekki alvöru málsins. Þeim finnst kerfið veikburða. Það þurfi að senda afbrotamönnum skýr skilaboð um að þetta verði ekki liðið. Sem dæmi hefur hann nefnt tvo bræður, 9 og 14 ára, sem koma frá einu alræmdasta glæpagenginu. Þeir eru báðir viðriðnir afbrot. Fjölskyldur þeirra vilja ekki starfa með yfir-

Glæpagengin leysa sín mál innbyrðis og leita ekki til yfirvalda til að kvarta undan keppinautum sínum

völdum sem reyna að grípa inn í. Allt bendir til að bræðurnir verðir harðsvíraðir afbrotamenn að sögn Liecek. Hann segir að taka eigi bræðurna frá fjölskyldu þeirra í eitt ár hið minnsta til að koma þeim á rétta braut. Hann leggur einnig áherslu á að ef börn eru tekin frá fjölskyldunum þá eigi að vera eins lítill samskipti á milli þeirra og ættingja þeirra og hægt er til að koma í veg fyrir að fjölskyldurnar geti haft áhrif á börnin.

Hann vill einnig að gripið verði til ýmissa annarra aðgerða. Þar á meðal að komið verði upp sérstöku prógrammi til að auðvelda meðlimum glæpagengja að yfirgefa þau. Auk þess vill hann gera þeim erfitt fyrir við að stofna fyrirtæki til að koma í veg fyrir peningaþvætti. Í heildina vill hann að afbrotamennirnir séu áreittir eins mikið og hægt er og þeim gert lífið eins erfitt og hægt er. ■

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarolía
Íslensk framleiðsla

60 120/180 220 ml

„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

VIÐ PRENTUM ALLT



BLÖÐ, VEGGSPJÖLD, LITABÆKUR, LJÓSMYNDIR, KILJUR, LJÓÐ, LEIKSKRÁR, NAFNSPJÖLD OG MINNINGAR.

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að rammamningi Ríkiskaupa og rammamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

Hafðu samband við viðskiptastjóra okkar í síma **5 950 300** og við komum þínum hugmyndum í framkvæmd.

WWW.ISAFOLD.IS



BLÓMIN SEM TÓKU SÉR TÍMA Í AÐ VAXA OG DAFNA

■ Það er engin ein rétt leið á toppinn ■ Knattspyrnumenn blómstra á mismunandi tíma

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Það er engin ein rétt leið til að springa út sem knattspyrnumaður, margir gera það snemma og verða fljótt stjórnur. Aðrir taka sér tíma í að vaxa og dafna áður en stóri draumurinn

verður að veruleika. Allir knattspyrnumenn eiga sér þann draum að verða atvinnumenn í sinni íþrótt, margir af bestu knattspyrnumönnum Íslands verða mjög ungir að atvinnumönnum. Aðrir blómstra síðar, margir af fremstu knattspyrnumönnum síðustu ára, hafa farið þá leið. DV fékk til liðs við sig öflugum menn til að velja knattspyrnumenn sem fóru leiðina erfiðu, sem

börðust fyrir sínu til að komast út í hinn stóra heim. Listinn af nöfnum var langur og þurftu sumir frá að hverfa. ■



Rúnar Kristinsson
Fyrsta ár í atvinnumennsku – 25 ára

Rúnar hefði getað farið út miklu fyrr en kaus að bíða. Hann hafði hæfileika en þroskaðist líkamlega aðeins seinna en jafnaldrar hans. Hann treysti aldrei á hraða eða styrk, en það var leikskilningur Rúnars sem gerði hann að frábærum knattspyrnumanni. Leikjahæsti leikmaður í sögu Íslands og átti frábæran feril sem atvinnumaður. Lék í tólf ár erlendis og hvar sem Rúnar kom við þá skildi hann eftir sig góðar minningar.



Matthías Vilhjálmsson
Fyrsta ár í atvinnumennsku – 24 ára

Matthías hafði verið yfirburðaleikmaður á Íslandi með FH áður en hann fékk tækifæri erlendis, fyrst um sinn voru það lánsvalir áður en Start í Noregi fékk þennan öflugan leikmann. Matthías var að verða 26 ára þegar hann var atvinnumaður að fullu, þessi nagli af Vestfirðum gafst aldrei upp. Hefur hann nú í rúm þrjú ár spilað fyrir Rosenborg, sem er langstærsta félag Noregs. Þar hefur hann upplifað góða tíma. Matthías hefur ekki náð að koma sér inn í A-landsliðið af krafti en hann á 15 landsleiki að baki.



Brynjar Björn Gunnarsson
Fyrsta ár í atvinnumennsku – 22 ára

Það áttu ekkert alltof margir von á því að Brynjar Björn yrði atvinnumaður í fótbolta. Hann gat hlaupið mikið og bardíst vel en boltatækni og slíkt var aldrei hans besti vinur. Brynjar sprakk hins vegar út nokkuð fljótt eftir títugt og náði að búa sér til ótrúlegan feril. Hann var atvinnumaður í 15 ár, átti góð ár í ensku úrvalsdeildinni. Brynjar virtist þó aldrei lífa eins og fólk ímyndar sér að atvinnumaður í fótbolta geri. Hann keyrði ekki um á dýrum bílum og þegar hann kom heim til Íslands tók hann oftast en ekki strætó. Brynjar lék 74 A-landsleiki og stóð yfirleitt fyrir sínu.



Guðni Bergsson
Fyrsta ár í atvinnumennsku – 21 ára

Varnarmaðurinn var alltaf öflugur sem ungur drengur en ekki var víst að hann myndi velja fótboltann. Guðni var mjög efnilegur í handbolta og hefði getað valið þá leið. Guðni stoppaði stutta stund í atvinnumennsku 21 ára gamall en hann fór þó ekki í hana af alvöru fyrr en tveimur árum síðar. Guðni komst að hjá stórlíði Tottenham sem þótti merkilegur áfangi. Hann gekk menntaveginum samhliða fótboltanum og kláraði nám í lögfræði þegar hann atvinnumaður. Guðni var atvinnumaður í 15 ár og lék 80 A-landsleiki, hann er í dag formaður Knattspyrnusambands Íslands.



Grétar Rafn Steinsson
Fyrsta ár í atvinnumennsku – 23 ára

Siglfirðingurinn var alltaf nokkuð efnilegur en hann lék ídulega sem miðjumaður. Grétar sá að það gæti orðið erfið að komast í fremstu röð sem slíkur. Hann ákvað því í kringum títugt, hjá ÍA á Akranesi, að gerast bakvörður og það reyndist besta ákvörðun sem Grétar gat tekið. Hann átti 13 ár í atvinnumennsku en hans besti tími var með Bolton í ensku úrvalsdeildinni. Hann átti flottan feril með landsliðinu og starfar í dag sem yfirmaður knattspyrnumála hjá Fleetwood Town í þriðju efstu deild Englands.

HÁDEGIS TILBOÐ
VIRKA DAGA
GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ
2.850

EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn
Við gömlu höfnina



Alfred Finnbogason
Fyrst í atvinnumennsku – 21 árs

Ef það mætti ljúka Alfred við blóm, þá var hann alltaf blóm sem flestir héldu að myndu springa út á endanum. Það komu hins vegar tímabil þar sem fólk fór að efast, hann var lengur en aðrir að festa sig í sessi í meistaraflokki Breiðabliks og þá hélt hann í nám til Ítalíu og setti fótboltann hér á landi í pásu. Hann kom svo heim og varð stjarna Breiðabliks á stuttum tíma, títugur var hann í liði Blika sem varð bikarmeistari og svo var hann langbesti leikmaður Pepsi-deildarinnar sumaríð 2010, þegar Breiðablik vann sinn eina Íslandsmeistaratítul, til þessa. Hann hefur síðan 2011 leikið erlendis og átt frábæran feril.

Birkir Már Sævarsson
Fyrst í atvinnumennsku – 23 ára

Vindurinn af Hlíðarenda hefur átt frábæran feril, í raun hefur ferill hans verið eins og í lygasögu miðað við það sem flestir áttu von á. Birkir var ekki talinn neitt sérstakt efni þegar hann ólst upp en þegar upp kom í meistaraflokk þá fór að sjást að þarna gæti orðið öflugur leikmaður á ferð. Hann varð Íslandsmeistari með Val árið 2007 sem lykilmáður, ári síðar hélt hann í atvinnumennsku þar sem hann var í tíu ár. Birkir á að baki 84 A-landsleiki þar sem hann hefur leikið stórt hlutverk í besta árangri í sögu landsliðsins.



Hannes Þór Halldórsson
Fyrsti í atvinnumennsku – 28 ára
 Augljósasta dæmið í íslenskum fótbolta þegar það kemur að því að gefa ekki drauma sína upp á bátinn. Númi í neðstu deild taldi sig ekki hafa not fyrir fyrir Hannes fyrir ekki svo mörgum árum. Hann gafst aldrei upp þrátt fyrir meidsl og bakslag, fór í neðri deildir á Íslandi. Vann sig upp hægt og rólega, endaði í atvinnumennsku árið 2012, þá lánaður til Brann. Var svo seldur frá KR árið 2014 og hefur verið í atvinnumennsku síðan þá. Hann hefur staðið í markí Íslands á EM í Frakklandi og HM í Rússlandi. Þénar nú vel í Aserbaidsjan.

Viðar Örn Kjartansson
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 23 ára
 Saga Viðars er merkileg, hann var mikið efni á yngri árum en meidsl og vondar ákvarðanir seinkuðu frama hans. Viðar var haustið 2012 að leita sér að liði hér á landi, en ekkert lið virtist hafa áhuga á honum þegar Fylkir tók sénsinn. Það bar árangur, Viðar raðaði inn mörkum sem varð til þess að hann var keyptur til Noregs. Í Noregi raðaði framherjinn inn mörkum og þaðan lá leiðin til Kína. Viðar lék svo í Svíþjóð um stutt skeið þar sem hann skoraði mikið og var hann þá keyptur til Ísrael. Eftir tvö góð ár þar var Viðar keyptur til Rússlands í sumar. Frábær ferill á stuttum tíma.

Ívar Ingimarsson
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 22 ára
 Varnarbuffið frá Stöðvarfirði átti frábæran feril, hann hélt ungur í borg óttans, Reykjavík, og lék með Val. Hann fór svo tvitugur til Vestmannaeyja þar sem hann þróaði leik sinn og varð að stjórn og 22 ára hélt Ívar í atvinnumennsku. Hann lék í 13 ár á Englandi og átti ótrúlegan feril, bestu árin hans voru hjá Reading þar sem hann var í átta ár og átti góð ár í ensku úrvalsdeildinni. Ívar lék 30 A-landsleiki á níu árum.

Hermann Hreiðarsson
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 23 ára
 Harðhausinn frá Vestmannaeyjum var í nokkur ár að koma sér fyrir í meistaraflokki ÍBV áður en hann varð að stjórn. Hermann var alltaf harður í horn að taka en þótti aðeins of villtur. Eftir að tókst að beisla krafta Hermanns á réttan hátt, þá sprakk hann út. Crystal Palace ákvað að kaupa Hermann frá ÍBV árið 1997, það ár varð ÍBV einmitt Íslandsmeistari. Hermann lék í 15 ár í atvinnumennsku auk þess sem hann var lykilmáður og fyrirliði íslenska landsliðsins.

Eyjólfur Gjafar Sverrisson
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 21 árs
 Saga Eyjólfur er í raun sú ótrúlegasta sem sést hefur í íslenskum fótbolta, en hann var í neðri deildum hér á landi með Tindastóli. Ekkert gaf til kynna að Eyjólfur yrði að stjórnun fyrir en hann fékk tækifæri með U21 árs landsliðinu. Hann skoraði fernu gegn Finnlandi árið 1989 sem breytti öllu. Stórlíð Stuttgart festi kaup á Eyjólfu sem átti fjórtán ára feril í atvinnumennsku. Hann er goðsögn hjá Hertha Berlin þar sem hann lauk ferli sínum árið 2003 eftir átta ára veru í Berlín. Hann lék 66 landsleiki og var fyrirliði liðsins um tíma.

Tryggvi Guðmundsson
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 24 ára
 Það er ekki hægt að tala um að Tryggvi hafi sprungið seint út en ferill hans hafði náð flugi nokkrum árum áður en hann hélt út. Var hann stjarna í sigursælu liði ÍBV áður en hann hélt í atvinnumennsku eftir tímabilið 1997. Hann var atvinnumaður í sex ár áður en hann kom aftur heim, hjá FH og ÍBV varð hann að markahæsta leikmanni í sögu efstu deildar á Íslandi. Tryggvi minnti einnig reglulega á sig með A-landsliðinu þar sem hann lék 42 leiki.

Andri Rúnar Bjarnason
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 27 ára
 Þrátt fyrir að Andri sé á fyrsta ári í atvinnumennsku þá hefur þetta fyrsta ár verið farsælt. Saga hans er í raun lygileg, allt stefndi í að Andri yrði bara guttlari í neðri deildum. Hann virkaði latur og hugsaði ekki um sig eins og íþróttamann. Hjá Grindavík fann hann hins vegar neistann og setti allt í botn. Á síðasta ári jafnaði hann markametid í efstu deild og fór til Helsingborg í Svíþjóð, þar hefur hann raðað inn mörkum og einnig spilaði hann sína fyrstu landsleiki á þessu ári. Magnaðar breytingar á stuttum tíma.



Kári Árnason
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 22 ára
 Kári var alltaf öflugur leikmaður en hann ákvað að ganga menntavegin framan af, ólíkt mörgum öðrum sem veðja strax á fótbolttann. Kári hefði vel getað farið fyrir í atvinnumennsku en hann hélt fyrst í nám í Bandaríkjunum, þar spilaði hann einnig fótbolta og vakti athygli. Eftir öfluga frammistöðu með Vikingi árið 2004 hélt hann til Djurgarden í Svíþjóð. Kári hefur átt frábæran feril í atvinnumennsku sem hefur nú verið í gangi í 14 ár, hann leikur nú í Tyrklandi og hefur að auki átt frábæran feril með íslenska landsliðinu.

Hjálmar Jónsson
Fyrsti ár í atvinnumennsku – 22 ára
 Drengurinn frá Egilsstöðum var ekki mikið í sviðsljósi hér á landi, hann lék í tvö ár með Keflavík áður en útlönd kölluðu. Hjálmar lék í 14 ár með einu og sama liðinu í atvinnumennsku, hann var á mála hjá IFK Gautaborg í Svíþjóð til ársins 2016. Hjálmar er goðsögn hjá félaginu en oft átti hann í erfiðleikum með íslenska landsliðinu. Hjálmar lék 21 leik með A-landsliði Íslands á sínum ferli.

Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á **BODYPRINT®**

vefverslun 
 svefnogheilsa.is

BODYPRINT®
 Reverie

Stíllanlegt hjónarúm
 Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
 Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is



12 mánaða
 VAXTALAUSAR
 GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
 ★★★★★

UM FJÓRÐUNGUR
 LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
 FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
 Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll vidtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Viðauki vegna
Benedikts

Það getur komið fyrir alla blaðamenn að gera mistök en það er ekki oft sem þau mistök draga jafn langan dilk á eftir sér og þegar **Benedikt Bóas Hinriksson** á Fréttablaðinu gerði frétt um slys hjólreiðamanna. Benedikt Bóas las Slysaskýrslu Samgöngustofu fyrir árið 2016 og birti frétt um að hjólreiðamenn yllu ótrúlega mörgum umferðarslysum á hverju ári. Uppsakar hann mikla reiði hjólreiðamanna og var fréttin að lokum leiðrétt á þann veg að hjólreiðamennirnir hefðu lent í 90 slysum árið 2016 en ekki valdið 90 slysum. Í þeim Slysaskýrslum Samgöngustofu sem hafa komið út síðan þá er sérstakur viðauki þar sem reynt er að fyrirbyggja að Benedikt Bóas misskilji skýrsluna aftur.

Nýr formaður SÍS tilheyrir B-fólkinu

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, var nýlega kjörin formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er fyrst kvenna til að gegna því embætti í rúmlega 70 ára sögu sambandsins. Hún er Hvergerðingur í húð og hár og hefur setið í stjórn SÍS í meira en áratug. Það sem færri vita er að hún er tilheyrir svokölluðu B-fólki, fólki sem vill vakna seinna og fara seinna að sofa. Þegar þingflokkur Bjartrar framtíðar lagði fram frumvarp um að breyta klukkunni á sínum tíma sendi Aldís inn persónulega umsögn þar sem hún bað þingmenn vinsamlegast að breyta ekki klukkunni því þá hyrfti sólar-glætan síðdegis. „Við B-fólkið yrðum fyrir gríðarlegum vonbrigðum ef að þessi breyting yrði að veruleika,“ sagði Aldís og bætti við broskalli ætluðum þingmönnum velferðarnefndar. B-fólk á Íslandi á því minnst einn opinberan fulltrúa í efri lögum stjórnmalanna.



Íslenska kísilmartróðin

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Miklar hörmungarfregnir hafa borist af kísilverksmiðju PCC á Bakka undanfarin misseri. Illa hefur gengið að koma verksmiðjunni í fullan rekstur og enn hefur seinni ofn hennar ekki komist í gang þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þá má teljast mikil mildi að starfsmaður fyrirtækisins hafi ekki látið lífið þegar skot hljóp í hann úr byssu sem notuð þegar tappa á af eina ofni verksmiðjunnar. Notkun slíks verkfæris er bönnuð í Noregi en Í DV í dag er viðtal við starfsmann



verksmiðjunnar sem segir að íslenskir starfsmenn séu á flóttu frá fyrirtækinu vegna mikils álags og lélegra launa. Heimamönnum dettur ekki í hug að sækja um vinnu hjá verksmiðjunni. Þess í stað eru ráðnir til verksmiðjunnar erlendir verkamenn, frá Póllandi og Eystrasaltsríkjunum.

Þá er ónefnd sú hörmung sem

átti sér stað í kísilveri United Silicon í Helguvík og er þjóðinni í fersku minni. Verksmiðjan komst aldrei almennilega í gang og Suðurnesjamenn sveið í augun út af mengunarský frá henni. Allt fór síðan á hvínandi kúpuna og margt sem bendir til þess að forstjóri félagsins verði fangelsaður fyrir fjárvik.

Meirihluti kísilsins sem framleiddur hefur verið hér á landi hefur verið seldur til fyrirtækja sem framleiða sólarcellur. Í dag er kísill uppistaðan í slíkum sólarcellum en þróunin er á þá leið að sífellt minna magn þarf af efninu við framleiðsluna. Þessi markaður er síkvikur og þannig hefur verið á kísil farið hríðlækkandi síðan árið 2014. Þá gæti verið að önnur efni, sem eru ódýrari í framleiðslu, muni koma í stað kísilsins við framleiðsluna. Á þennan markað veðjuðu íslensk stjórnvöld fyrir nokkrum árum og þeir sem það gerðu hljóta að sofa vel á nóttunni.

Íslenski kísildraumurinn er að breytast í kísilmartróð. ■



„Fyrst að einhver perri var að taka myndir inn um gluggann, verðum við að setja í þetta filmur fyrir svona 50-60 kúlur.“

GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola Hugsum áður en við hendum!



ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.

NÝJAST VARAN OKKAR ER PASSAVESKI SEM ER 100% ÍSLENSKT HANDVERK GERT ÚR HÁGÆÐALEÐRI. ÞÁ ER HÆGT AÐ FÁ TÖSKUMERKI MEÐ ÁLETRUN EIGANDANS MEÐ PASSAVESKINU. Í VESKINU ER GERT RÁÐ FYRIR VEGABRÉFI, KREDITKORTUM OG PENINGUM. ALLT Á SAMA STAÐ SEM KEMUR SÉR VEL Á FERÐALÖGUM.



SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

„Ég ætlaði
alls ekkert
að enda sem
eiturlyfjafíkill“

*Reynir hefur háð
baráttu við fíkniefni
frá unglingsaldri*

Reynir Bergmann er einn þekktasti snappari landsins í dag en hann opnaði snapp sitt, reynir1980, fyrir rúmlega ári. Upphaflega fór fólk að fylgja honum vegna þess hve ótrúlega opinn, hress og skemmtilegur karakter hann er, en eftir að hann tók sér tveggja mánaða frí frá snappinu síðasta haust varð sprenging í fylgjendafjölda hans. Ástæðan fyrir gífurlega auknu áhorfi var sú að Reynir ákvað að segja frá því í einlægni af hverju hann tók sér raunverulega frí frá Snapchat.

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Reynir er þrjátíu og sjö ára gamall fjölskyldufaðir sem býr á Selfossi. Æska hans var góð og einkenndist af umhyggju og góðu uppeldi á ástríku heimili. Þegar Reynir var þrettán ára fór hann eins og margir aðrir unglingar að fíka við áfengi, stuttu síðar varð líf hans barátta upp á líf og dauða.

„Ég ætlaði alls ekkert að enda sem eiturfylfjafíkill. Ég hafði plön um að verða alveg brjálaður fót-boltamaður. Þegar ég var að alast upp þá var Ásgeir Sigurvinsson karlinn og mig langaði bara að vera þannig. En ég einmitt gerði þessa vitlesu, að prófa einu sinni og það varð ekkert úr neinum plönnum sem hafði. Framtíðarplönin fóru bara öll. Ég var þrettán ára þegar ég prófaði fyrst áfengi, þá var ég bara unglingur

sinn. Þá leið manni eins og maður væri tveir metrar, voða breiður og svaka karl. Þetta var skemmtilegt í byrjun en svo fór þetta að vera semi-skemmtilegt með smávegis af vandamálum og í lokin var þetta ekkert nema vandamál. Mér finnst það svolítið góð lýsing á þessu ferli.“

Allt frá þessum afdrifaríku áramótum, þegar Reynir missti tókin á neyslu sinni, hefur hann háð baráttu við fíkniefnadjöfulin sem hefur birst honum í mörgum myndum.

„Ég hef farið í ógeðslega margar meðferðir og þar á meðal oft inn á Vog. Ég er þannig alkóhólisti að ef ég dett í það og fer á fylleri þá þarf ég bara að komast inn á lokaða stofnun til þess að geta hætt. Ég vakna ekkert og ákveð að nú sé ég hættur. Ég þarf að komast einhvers staðar inn þar sem ég er bara lokaður af og ég er trappaður niður,

að prófa mig eitthvað áfram. En um áramótin 1998–1999 gjörbreyttist líf mitt. Þá prófaði ég kókaín í fyrsta skiptið, við vorum fjórir strákar saman og keyptum okkur eitt gramm. Eftir það hef ég ekki litid við neinu öðru, hef bara ekki notað neitt annað,” segir Reynir í einlægu viðtali við blaðakonu DV.


Byrjaði sem saklaus skemmtun og endaði sem vandamál

Áður en Reynir fór að nota kókaín hafði hann prófað nánast öll önnur fíkniefni en aldrei ánetjast þeim.

„Ég prófaði að drekka, svo fór ég og reykti kannabisefni eða hass, það var lítið um gras á þessum tíma. Ég prófaði sýru, amfetamín og landa. Tók amfetamín á djammid með landa í bakpoka í sjoppunni. En þetta var ekki ég. Mér fannst þetta ekkert spes. Ég vildi frekar fara að selja eiturlyf og græða peninga. En áramótin 1998–1999 þá bara hvarf ég. Þá fann ég eitthvert efni sem tók mig, pakkaði mér saman, traðkaði á mér og ég hlýddi bara.“

Reynir segist strax hafa fundið mun á kókaíni og öðrum efnunum sem hann hafði notað.

„Eftir fyrsta skiptið þá hugsaði ég; „Vá, mig langar að gera þetta aftur, þetta var geðveikt.“ Og þetta var þannig fyrst um



þá get ég byrjað að hugsa rétt. Líf mitt hefur verið þannig að ég fer í meðferð og verð edrú í tvö til þrjú ár. Næ alltaf svolitlum tíma og svo dett ég í það. Ég byrja kannski að laumast og ég held að ég sé voða laumulegur og enginn viti neitt en foreldrar mínir og konan mín átta sig strax á hvað ég er að gera. Svo spring ég og eftir kannski tvo mánuði þá kemur „Fokk-idid“, þá eru allir búnir að loka á mig og ég hryn.“

Fíkniefnaheimurinn mikið svartari en fólk grunar

Það var einmitt síðasta haust sem Reynir féll síðast og þurfti að fara í meðferð í tvo mánuði. Eftir meðferðina ákvað hann að vera heiðarlegur við fylgjendur sína á Snapchat og láta þá vita af hverju hann hefði verið fjarverandi undanfarna mánuði. Það var þá sem fylgjendum honum fór hratt fjölgandi og áður en hann vissi af var hann farinn að svara um tvö hundruð skilaboðum á hverju kvöldi frá áhyggjufullum foreldrum eða hræddum unglungum.

„Ég setti söguna mína út í maí, málið var að ég var búinn að vera að snappa og datt svo í það. Fór í meðferð í janúar og þá var ég kominn með um tíu þúsund fylgjendur á Snapchat. Ég snappaði ekkert í tvo mánuði og þurfti að útskýra það fyrir fólki. Það var „heavy“ erfitt en ég ákvað að segja fólki hvað var í gangi og það varð einhver sprenging út af þessari sögu. Allt í einu voru 21 þúsund manns að hlusta á mig og fólk bað mig um að segja söguna aftur og aftur.

Ég fékk örugglega um tvö til þrjú þúsund skilaboð frá örvæntingarfullum eiginkonum og foreldrum og ég var í tvo mánuði að svara öllum þessum skilaboðum. Ég var með grátandi mömmur í símanum og var farinn að hjálpa fólki. Ég fékk líka mörg falleg skilaboð frá mömmum um að börnin þeirra hefðu farið í meðferð.

Ég þekki konu sem var að vinna á Vogu og hún sagi mér að

helgina eftir að ég sagði sögu mína þá hefði verið mikil fjölgun í innhringingum. Þetta hjálpaði mér, ég hef rosalega gaman af því að hjálpa fólki. Ég er ekki að segja að ég sé meðferðarráðgjafarsnappari en fólk leitar til mín og ég svara því og hef gaman af. Ég get bara sagt af minni reynslu og hvað ég er að gera. Að geta hjálpað fólki með þetta fíknidæmi í gegnum snappið er magnað. Það er æðislegt. Þetta er hrottafengin heimur, þetta er miklu svartara heldur en fólk gerir sér grein fyrir. Ég fór sem dæmi á myndina Lof mér að falla um daginn og ég hafði heyrt að hún væri alveg sjúk og að fólk gengi út í hléi. En mér fannst hún ekkert sjúk, mér fannst hún alveg „hardcore“ en ég hef verið á þessum stað. Ég hef verið þessi stelpa, verið á götunni og átt kost á að fara inn og ég hef líka verið ógeðslegi gaurinn sem átti dópið. Ég hef reyndar ekki sprautað mig, það er eina prinsippið sem ég hef haldið í. Ég hef alltaf sagt að sprautufíklar séu nískupúkar en þeir eru samt ekkert veikara fólk en aðrir.“

Níddist á fólki til þess að fá peninga

Það sem hefur bjargað lífi Reynis í gegnum allt sem á hefur gengið er að hann hélt alltaf vinnu.

„Ég hef alltaf unnið, í dag þakka ég vinnuveitendum mínum og verkstjórum fyrir að gefa mér alltaf sénsinn,” segir Reynir. „Ég hef farið í meðferðir og heyrt fólk vera að tala um það að komast að geta hlúð að sjálfu sér. En þetta er yfirleitt fólkið sem er fyrst á fylleri. Ef ég tæki þennan pakka, væri heima að hlúa að sjálfum mér í sex mánuði þá færi ég bara á fylleri. Maður þarf að komast út í lífið. Borga skatta og skyldur, vera með, hitta fólk og spjalla við strákana í vinnunni. Það er þetta sem hjálpar mér mest því það er hausinn á mér sem er alltaf verstur. Það er hann sem fær mig til þess að hugsa að það sé allt í lagi að fá sér smá. En á meðan ég er að vinna þá er ég ekki í þessum pælingum. Þá þarf ég bara að glíma við hausinn á mér þegar ég kem heim á kvöldin. Mér finnst svo sorglegt að fara í meðferð og sjá unga krakka sem hugsa bara um að komast á endurhæfingarlífeyri, mér finnst það svo grátlegt.“

Reynir hefur þurft að gera ýmislegt til þess að fjármagna neyslu sína í gegnum árin enda er fíkniefnaneysla alls ekki ódýr.

„Þetta er ógeðslega dýrt. Við erum tvisvar sinnum búin að safna okkur fyrir útborgun fyrir

Eftir fyrsta skiptið þá hugsaði ég; Vá, mig langar að gera þetta aftur, þetta var geðveikt.

íbúð. Með fimm milljónir inni á bankareikningi og ætlum að fara að hjóla í íbúðarferli þegar ég hef dottið í það. Einum og hálfum mánuði seinna á ég ekki krónu. Ég hef þurft að bjarga mér á ýmsan hátt, ég hef flutt inn haug af eiturfylfum, ég hef þurft að níðast á fólki til þess að fá peninga, ég hef þurft að vingast við kvenfólk til þess að geta sent það til útlanda til þess að sækja eiturlyf. Þetta er búið að vera ógeðslegt ferli.“

Krakkneysla skemmdi tauga-boðkerfið í heilanum

Eftir eina meðferðina sem Reynir fór í ákvað hann að flytja til Noregs til þess að reyna að halda sér edrú. Líf hans gekk ótrúlega vel og hann var kominn í góða vinnu og farinn að safna sér pening til þess að geta keypt sér íbúð á Íslandi.

„Allt var æðislegt, ég var búinn að safna mér fullt af pening en þá datt ég í það í Noregi og það var mjög erfitt að komast í kókaín þar þannig að ég fór að reykja uppsteipt kókaín, í rauninni krakk. Ég brann út á einum mánuði, var búinn að selja allar eigur mínar og veiktist mikið. Ég þurfti að liggja á spítala í Stavanger og það vissi í rauninni enginn hvað gerðist. Ég hálfpartinn missti málið, gat ekki talað, var allur skakkur og átti erfitt með að ganga. Mér skildist á læknum að þetta væri bara út af krakkneyslu, eitthvað í taugaboðkerfinu í heilanum. Þegar ég kom svo heim var ég með talsvert magn af eiturfylfum með mér og ætlaði þá að byrja edrú líf, nýtt líf. Ég kom heim, datt í það og ég bara datt út. Ég man að ég fór í sjúkrahúsið upp á taugadeild Landspítalans þar sem ég var í þrjár vikur. Þá var ég búinn að vera vakandi á kókaíni heima hjá mér í einhverja daga. Tauga-kerfið hrundi.“

Þegar Reynir hefur fallið er neysla hans sjaldnast tengd einhverju neikvæðu í lífi hans né er hann að neita eiturfylfa vegna þess að hann sé að skemmta sér með vinum sínum. ▶



„Ég hef oft farið upp á Landspítala með hjartaflökt og óreglulegan hjartslátt. Alltaf kem ég út af spítalanum og hugsa að nú sé ég hættur. Aldrei aftur. Allt er voða fint og gengur voða vel, en áður en ég veit af þá fer hugurinn að spila með mig; „Heyrðu það gengur geðveikt vel hjá þér, þú ert ekki búinn að fá þér lengi, þú getur alveg fengið þér smá.“ Ég reyni að rífast við þessa rödd en áður en ég veit af þá er ég bara búinn að fá mér. Ég er orðinn svo lasinn af kókaíni að ég er orðin úttaugaður. Ef ég dett í það þá fer ég bara að gráta, fer inn í mig og segi engum frá því. Ekki einu sinni strákunum sem ég er að ná í efnin hjá. Það er kannski hringt í mig og ég látinn vita að þeir séu með

fullt af efni en ég segi bara nei, ég er edrú og er einn heima hjá mér. Ég hef eytt ófáum dögum hérna niðri í kjallara heima hjá mér, sitjandi þar hágrátandi. Ég man eftir einu tímabilinu áður en ég fór í meðferð síðast þá var ég búinn að vera hérna niðri í einhverja daga, pissandi í flöskur og kúkandi í poka. Sat þar einn með smá ljós á símanum undir teppi þannig að enginn sæi mig. Niðri í geymslu hjá mér, ég hefði alveg geta verið inni í þessari íbúð en þetta er taugaveiklunin, geðveikin, geðrofin. Ég meika ekki að fólk sjái ljós og geti kíkt inn.“

Vill ekki fá efnið inn í líkamann en verður að fá það

Sólveig Ýr Sigurjónsdóttir, kona Reynis til átta ára, hefur í ófá skipti þurft að keyra með hann í geðrofi upp á bráðamóttöku geðdeildar vegna neyslu sinnar. Saman eiga þau tvær dætur sem eru sjö ára og þriggja mánaða, en fyrir á Reynir eina tólf ára dóttur sem hann hefur forræði yfir. Sjúkdómur Reynis er svo alvarlegur að þrátt fyrir ást hans á fjölskyldu sinni þá hefur hún þurft að ganga í gegnum ýmslegt með honum undanfarin ár.

„Já, ég hef farið í geðrof eftir neyslu því þegar ég byrja að fá mér þá get ég ekki stoppað fyrr en ég sofna og dett út. Ég er búinn að reyna það svo oft ég hugsa með mér að ég ætli bara að fá mér eitt stykki og fara svo heim, en áður

en ég veit af er ég búinn með tíu stykki og tveimur dögum seinna er ég bara röltandi hérna um svæðið að hugsa um að stökkva í Ölfusána af því að lífið er svo ömurlegt. Ég er ánetjaður einhverju efni sem ég hata og elska. Ég vill ekki fá það inn í líkama minn en ég verð að fá það. Sem er bara bilað. Ég elska börnin mín og lífið en áður en ég veit af er ég dottinn í það og ég veit að ég er að fara að missa allt.

Ég skal segja þér gott dæmi. Ég var í forræðisdeilu og fékk elstu dóttur mína til mín árið 2010. Málið var að fara að lokast hjá barnavernd og ég átti að mæta á mánuðeginum og skila þvagprufu. Ég var edrú og ekkert vesen. Svo kom vinur minn til mín á föstudeginum og spurði mig hvort við ættum ekki að fá okkur aðeins því ég væri að vinna málið. Ég sagði; „Neeei-iiiiiedajú, aðeins“. Ég hugsaði að ég ætlaði bara að fá mér smá og drekka svo heilmikið af vatni og pissa því alla helgina, þá yrði ég góður. En svo var ég á fylleri fram á þriðjudag og dóttir mín var tekin. Þetta er ógeðslega veikt. Þetta er sjúkdómurinn, þetta er ekki það að ég sé svo ömurlegur pabbi. Ég var búinn að berjast fyrir barninu mínu í þrjú ár með lögfræðistríði og geðveiki. En ég er búinn að fá hana í dag og nú á ég þrjár dætur.“

Skar upp sína eigin hönd til þess að ná út míkrofón

Í eitt af þeim skiptum sem kona Reynis þurfti að keyra hann inn á geðdeild hafði hann skorið upp höndina á sér vegna taugaveiklunar.

„Ég hélt að það væri míkrofón inni í höndinni á mér og var búinn að skera mig allan. Konan horfði á mig og þá var ég kominn með puttann inn í höndina til að taka míkrofón út. Ég hélt að það væri verið að taka mig upp uppi á geðdeild, var vakandi í einhverja daga. Ég lét tattóvera yfir saumana. En það er oft erfitt að komast inn á geðdeild, ég hef komið þangað alveg ógeðslegur en verið vísað frá með jafnvægislyf. Eitt skipti þegar ég kom upp á geðdeild þá var ég kominn með svo mikla sýkingu í augun að það draup gróftur úr

Ég fór að reykja uppsteypt kókaín, í rauninni krakk.

þeim. Þá hafði ég fengið sýkingu í ennisholurnar sem leiddi upp í augu. Þá var ég að nota og í hvert skipti sem ég fékk mér þá draup gróftur úr augunum á mér og ég sá ekkert, ég skreið bara um og blindaðist alveg. Svo hálf tíma seinna þegar verkurinn fór að minnka þá fékk ég mér aftur þrátt fyrir að ég vissi alveg að verkurinn kæmi aftur. Geðveikin var það mikil að ég gat ekki hætt en ég gat samt ekki tekið í nefið því það var svo mikil sýking í andlitinu. Um leið og það fór þá fékk ég mér aftur og það sýnir bara hvað maður er sjúkur.“

Að berjast við fíknisjúkdóm á hverjum degi ásamt því að vera þriggja barna fjölskyldufaðir getur tekið mikið á en Reynir þakkar konu sinni og dætrum fyrir þolinmæðina og þrautseigjuna.

„Það er auðvitað best í veröldinni að vera fjölskyldufaðir en oft er þetta bara ógeðslega erfitt,“ segir Reynir. „Ég er að vinna frá hálf átta til sex á daginn en ég á frábæra konu og hún er búin að bjarga mér. Ég hef alltaf sagt við fólk sem leitar til mín á snappinu, sem á börn í neyslu, að það eigi alltaf að gefa börnunum séns. Því það eiga allir skilið séns. Ég vil til dæmis meina að það hafi bjargað lífi mínu að hafa Sólveigu hérna ennþá og vinnuna mína. Það er oft ótrúlega erfitt að reyna að vera edrú, fara á fundi og hjálpa fólki, með þrjú börn, og stundum þarf ég bara að fara út. En ég er viljasterkur og ég held að á einhverjum tímupunkti þá nái maður þessu. Sumir fara í eina meðferð á meðan aðrir fara í níttján. Svo bara kemur þetta, maður lærir eitthvað í hverri meðferð.“

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR





Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is



ÞVOTTAKOMPANÍIÐ:

Þvottahús á uppleið

Þvottahúsum hefur ekki fjölgað hér undanfarið ár en á sama tíma hefur verkefnum fjölgað mjög mikið vegna aukinna umsvifa í ferðageiranum. Það eru því mikil tækifæri í þessari starfsgrein fyrir þá sem eru tilbúnir að leggja mikið á sig og veita góða þjónustu," segir Guðmar V. Kjartansson, eigandi Þvottakompanísins. Guðmar tók við rekstrinum fyrir rúmlega þremur árum og hafa umsvifin aukist jafnt og þétt síðan þá.

„Ég hef verið að endurnýja tækjakostinn og tók fyrr á árinu inn vél sem tekur tæpleg 60 kíló af þvotti í einu, en til samanburðar tekur venjuleg heimilisvél 5–7 kíló. Fyrir eru þrjár þvottavélar og tvær strauvélar," segir Guðmar.

Þvottakompaníið er fyrst og fremst á fyrirtækjamarkaði þó að það neiti ekki einstaklingum um þvottaþjónustu. „Um helmingur af verkefnum er fastir þjónustusamningar þar sem við veitum heildarlausn. Þetta eru mikið veitingastaðir og

hótel og í mörgum tilvikum sjáum við þessum aðilum fyrir líni, handklæðum, tuskum og þess háttar – afföll geta verið töluverð og því sjá aðilar oft sér vænstan kost í að leigja lín og þurfa þannig ekki að hafa yfirsýn með birgðahaldi. Við sjáum yfirleitt um að sækja og senda og viðskiptavinirnir þurfa ekki að standa í því að senda til okkar óhreint tau og þess háttar," segir Guðmar.

Guðmar segir að sumir viðskiptavinir hans í hótél- og veitingageiranum þurfi daglega þjónustu allt árið um kring en algengt sé að sinna þurfi verkefnum þrisvar í viku fyrir hvern aðila.

„Ég hef líka verið að þjónusta verktaka með kuldagalla og önnur vinnuföt. Verktakar hafa oft ekki fasta starfsstöð og þá hefur þeim fundist gott koma með uppsafnaðan þvott beint til mín."

Starfsmenn Þvottakompanísins eru fjórir að Guðmari meðtöldum. „Ég geng í öll verk. Ef maður ætlar að reka þvottahús þá



þýðir lítið að vera í einhverjum skjalatöskuleik, maður verður að vera í þessu af lífi og sál."

Guðmar segir að töluvert sé að gera allt árið um kring en verkefni tvöfaldist síðan

á sumrin. Einnig fjölga þeim mikið í kringum hátíðir. „Það er ljóst að við þurfum að fjölga fólki í framtíðinni og umsvifin eru bara að aukast," segir Guðmar.

Nánari upplýsingar um starfsemi Þvottakompanísins er að finna á heimasíðunni thvottahus.is. Þar er einnig hægt að senda inn fyrirspurnir og panta þjónustu.



*Við tökum vel á móti þér
og útfærum skreytingar eftir
þínum persónulegu óskum*

SKÍRN / FERMING / AFMÆLI
BRÚÐKAUP / ÚTFARIR

Blóm og
gjafavara við
öll tækifæri



REYKJAVÍKUR  BLÓM

Borgartúni 23 Reykjavík / Sími 5611300 / www.reykjavikurbloom.is

Opnunartími: mánudaga–föstudaga 10–18 & laugardaga 11–18 / Heimsendingarþjónusta

Konan mín og dætur hafa upplifað margt, þær hafa gert það. Ég hef gengið hérna út með þær grátandi, mér var alveg skítsama og gekk út. Það er þegar ég verð að fá mér. Svo var ég búinn að vera edrú og græt því ég sé svo eftir þessu. En þær eru ánægðar með mig í dag. Ég held að þær myndu ekki vilja eiga neinn annan pabba. Þær víta að ég er óvirkur í dag, þessi elsta veit allt um sjúkdóminn en mamma hennar er mjög veikur alkóhólisti. Hún veit þetta allt, hún er búin að lenda í þessu öllu. Fólsku loforðunum. Hún veit nákvæmlega hvernig þetta er. Börn skynja þetta alveg, þau smitast af meðvirkni. Meðvirkni smitast af því að alast upp með fikli, það er bara svoleiðis. Svo er oft sagt að meðvirkar konur leiti í alka. Konan mín fann veikasta kókaínfíkil á Íslandi. En hún er jafn ánægð með það og hún er það ekki þegar ég dett í það.“

Keyrði með dóttur sína í bílnum á 150 kílómetra hraða að sækja efni

Reynir segist í raun hafa verið að berjast við það að vera tveir persónuleikar alveg síðan hann hóf að nota.

„Ég verð bara allt annar persónuleiki þegar ég fer á fylleri. Ég geri ekki neitt og fjölskylda mín lokar á mig. Einu skipti sem einhver leitaði þá til mín var ef það þurfti að meiða einhvern, þá var hægt að reiða sig á mig. En ég er ekki gaurinn sem meiði einhvern sjálfur, ég hef aldrei skilið menn sem eru út úr dópaðir niðri í miðbæ að berja menn, þá hristi ég bara hausinn þar sem ég er með svo lítið hjarta sjálfur.“ segir Reynir en það sem hefur hjálpað honum í gegnum hans verstu tíma er hve lengi hann hefur verið í þessum heimi, þeir allra hættulegustu séu orðnir vinir hans.

„Eftir eina meðferðina þá skuldaði ég 4,2 milljónir og það sem bjargaði mér var að þegar maður hefur verið í þessu svona lengi þá eru þessir karlar, þessir hættulegustu brjálæðingar, orðnir vinir manns og maður getur komist langt á því. Það er enginn að fara að gera neitt við mann.“

Reynir segir ekkert geta stöðvað hann þegar hann hefur tekið ákvörðun um að nota, en að það sé ekki efnið sjálft sem stjórni honum heldur hugur hans.

„Það sem ég sækist mest í, eða sóttist mest í, það er ekki upplifunin, það er ekki það að fá mér sem er kikið sem ég sækist í, því þá brotna ég niður um leið. Kikið er þegar ég er búinn að taka ákvörðunina, búinn að hringja og



segist vera að koma að sækja tíu grömm. Þá kikka ég allur inn og fer að iða. Ég hef staðið mig að því að keyra hérna yfir heiðina með dóttur mína aftur í á 150 kílómetra hraða seint um kvöld, þegar börn eiga að vera farin að sofa. Sjúklegheitin eru það mikil. Þá er ég með tónlistina í botni, allt alveg geggjáð en um leið og ég fæ efnið í hendurnar þá hugsa ég; „Fokk, hvað er ég að gera?“ og svo fæ ég mér og þá kemur vanlíðanin. Ég er í rauninni farinn að fá mér áður en ég fæ mér. Hugmyndin og leiðin, þá tryllist ég að innan. En inntakan er ömurleg, þá hellist helvítið inn. Dóttir mín

vakinn klukkan eitt á laugardagsnótt, hvað er ég að spá? Ég á fullt af aumkunarverðum, ógeðslegum mómmentum og sem betur fer er ég ekki kona því þá hefði ég selt mig alveg grimmt. Það er gríðarlega algengt, það er allt morandi í þessu. Það er alveg svakalegt en fyrir mér er þetta bara eðlilegt.“

Vill ekki gefast upp

Það sem Reynir segir algengt meðal fíkla er að þegar þeir séu að nota eitruflý þá geri þeir allt til þess að finna fólk sem er í verri stöðu en þeir sjálfir til þess að upphefja sjálfa sig.

„Ég hef staðið mig að því að vera í partíi með sprautufíklum, þá er ég búinn að mála mig út í horn alls staðar. Þá hef ég dottið í eitthvert partíi með sprautufíklum og verið þar að taka í nefið. Svo sit ég og segi við þá; „djöfulsins aumingjar eru þetta, ertu að sprauta þig aulinn þinn.“ Þá er ég að reyna að bjarga mínu stolti á meðan ég er jafnvel ennþá veikari en þessi sprautufíkill. Er í einhverjum kippum með blóðnasir, alveg ógeðslegur, en maður reynir að hífa upp stoltið alls staðar. Maður reynir að benda á þennan og hinn og segja að þeir séu miklu verri en maður sjálfur. Maður reynir alltaf að finna einhvern veikari, þeir eru bestu vinir manns þegar maður er á botninum sjálfur. Finna einhvern sem er alveg í ræsinu, þá getur maður verið flótti karlinn. En hjá mér undir lokin þá get ég aldrei fundið neinn verri en ég. Ég er alltaf sá versti. Ég hef oft setið hérna og hugs-

að af hverju ég drepi mig ekki bara. Það elski mig enginn og ég sé búinn að skíta á mig. Kannski búinn að missa vinnuna. Það sem hefur bjargað mér er að ég hef alltaf fengið séns, ég hef aldrei hætt að reyna og ég hef alltaf haldið áfram. Ég hef aldrei gefist upp, ég fer aftur í meðferð, ég vil ekki gefast upp. Þetta er eins og fólk með krabbamein, þú getur fengið bakslag. Nú verður allt brjáláð – að ég sé að bera þetta saman, en þetta er bara sjúkdómur. Það er enginn sem hraunar yfir þig ef þú ert kominn í bata með krabbameinið og færð svo bakslag og þarft að fara aftur í krabbameinsmeðferð. Það segir enginn við þig; „helvítis krabbameinsfíkillinn þinn, af hverju ertu að fara í þessa meðferð hún virkar ekkert.“ Maður fer áfram, maður reynir að halda í lífsreiði, ekki gefast upp.“

Það hættir enginn við sem ætlar að nota

Síðan Reynir ákvað að segja sögu sína á Snapchat hefur hann mikið verið að hjálpa fólki sem á við fíknivanda að stríða og aðstandendur. Með því hefur hann reynt að hjálpa við forvarnir sem honum þykir þó ekki virka vel í dag.

„Sko, ef ég myndi hitta ungan einstakling sem væri að spá í að fá sér og ég myndi segja eitthvað við hann, þá er hann ekkert að fara að hætta við. Það er mín reynsla og ég veit að þetta er sönn reynsla. Ég hef farið með hundruð fundu út á Vog og Krýsuvík og hingað og þangað og svo talar maður við fólk sem segist ætla að fara

Ég hélt að það væri míkrófóinn inni í hendinni á mér og var búinn að skera mig allan

og detta í það en þá minnir maður það á hvernig það var síðast, búíð að missa allt og reyna að drepa sig. Þá segja þau alltaf; „já, en ekki núna“. Ég held að besta forvörnin fyrir ungt fólk sé að halda því sem mest nálægt foreldrum sínum og heilbrigðu lífi. Foreldrarnir saman með börnunum. Reynslan mín sýnir þetta allavega.

Ég er ekki að segja að forvarnir séu glataðar og að það eigi ekki að nota þær, en ég meina, ég kynntist heilmiklu af forvörnum í skólanum en ég byrjaði samt að reykja hass og varð kókaínfíkill. Af hverju hlustaði ég ekki á Marita hérna í gamla daga? Þeir sögðu mér þetta allt. Ég er einmitt þannig að ég gæti fengið góða hugmynd á forvarnarfræðslu. Ég man ekki hvort ég var þannig í gamla daga en allt sem ég má ekki finnst mér spennandi og allt sem var óheiðarlegt fannst mér spennandi. Ef ég gat hagnast á einhverju óheiðarlega þá var það góð hugmynd. Hagnast hratt og mikið, á semi-gráu svæði, já, af hverju ekki? Svona er ég og ég er ekki eini Íslendingurinn sem er svona. Skjótínginn gróði, gylliboð. Ég er búinn að vera svo oft edrú og áður en ég veit af er ég farinn að flytja inn eitruflý bara til þess að ná mér í pening hratt. Þá verð ég voða karl, á fullt af pening, „looka“ vel með allt 100%, flúraður og finn. Þá ákveð ég að fá mér aðeins og þá fellur þetta allt með sjálfu sé.“

Stöðug sjálfsskoðun að viðhalda edrúmennskunni

Þrátt fyrir erfitt líf og alvarlegan sjúkdóm getur Reynir þó ávallt slegið á léttu strengi og tekur hann lífið ekki af alvarlega.

„Ég er ekkert að berja mig niður fyrir þetta. Það sem bjargar mér er að ég tek þessu svo létt. Ég er með eitt stærsta Snapchat á Íslandi og allir víta að ég er óvirkur fíkill. Maður á ekki að skammast sín ef maður er með hvítblæði eða einfættur, þú ert bara þannig. Eftir allar meðferðirnar mínar og edrú-tímabilin mín þá hugsa ég alltaf þegar ég dett í það að ég geti fengið mér smá. En eftir tíu, fimmtán, átján skipti þá hefur mér aldrei tekist þetta. Samt hugsa ég þetta í skipti sautján og átján. Ég er búinn að hlaupa á þennan vegg átján sinnum. Átján sinnum sko, en samt alltaf jafn öruggur og fyrst þegar ég klúðraði þessu. Það sýnir hvað þetta er sjúkt.“

Ef maður er ekki alltaf að gera eitthvað til þess að viðhalda þessari edrúmennsku, fara á fundi, vera með edrú fólki þá togar þetta í mann. Ég þarf stöðugt að vera að skoða sjálfan mig. Það er ekkert hægt að fara bara í meðferð og gleyma því svo að hugsa um sjálfan sig og halda bara áfram, þetta er stöðug ræktun.“ ■

Hægt verður að horfa á ítarlegt viðtal við Reyni á DV sjónvarp ásamt viðtali við Valgerði Á. Rúnarsdóttur, forstjóra Sjúkrahússins Vogs.



1.
Metsölulisti
Eymundsson
Heildarlisti

★★★★★
„Síðasta meistarastykki Mankells ... Afburðagóð og grípandi saga.“
VERDENS GANG

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tíslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Hádegismatur fyrir 1.000 krónur eða minna

Ódýrir valkostir finnast á veitingastöðum í Reykjavík; súpur, pítsa, fiskur og brauð

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Það er sífellt skrafað um að matarverð á Íslandi sé hátt og finna landsmenn flestir fyrir því. Nýr matarvefur DV fór því á stúfana og fann hádegismat fyrir þúsund krónur eða minna á veitingastöðum Reykjavíkurborgar. Það skal tekið fram að verðið á þessum réttum var athugað dagana 2. og 3. október og er listinn alls ekki tæmandi.

Klassísk pylsa og gos

Verð: Á billinu 450 til 600 kr.

Hún er kölluð þjóðarréttur Íslendinga, blessuð pylsan með öllu, engu eða sumu. Þekktasti pylsustaður borgarinnar

er eflaust Bæjarins beztu, en sökum gríðarlegra vinsælda þessa einfalda réttar meðal erlendra ferðamanna væri kannski tímasparnaður í að stoppa í næstu sjoppu og grípa með sér eina ylvolla.



Mexíkó kallar

Verð: 950 kr.

Staðurinn Local í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi býður upp á úrval af salati, samlokum og djús, en á matsæðlinum er einnig mexíkósk kjúklingasúpa sem kostar 950 krónur.



Ein, jafnvel tvær pítsusneiðar

Verð: 550 til 970 kr.

Skyndibitastaðurinn The Deli er staðsettur við Bankastræti og býður upp á eina pítsusneið á 550 krónur og tvær sneiðar á tæpar 1.000 krónur.



Samlokur, pylsur og naggar

Verð: 489 til 999 kr.

Á skyndibitastaðnum Aktu Taktu er ýmislegt hægt að fá sem kostar minna en þúsund krónur. Meðal

þess sem fer vel með budduna eru sex kjúklinganaggar á 999 krónur, ristud samloka með skinku og osti á 899 krónur, pylsa með öllu á 489 krónur og baguette með skinku og osti á 799 krónur.



Smurbrauð og heimilismatur

Verð: 695 til 995 kr.

Þeir sem eiga leið hjá IKEA í Garðabæ geta gætt sér á heitum heimilismat fyrir 995 krónur. Ef heimilismaturinn heillar ekki er hægt að gúffa í sig smurbrauði fyrir 695 til 795 krónur.



Fiskinn minn, nammi nammi nammi

Verð: 1.000 kr.

Á fiskistaðnum Fish & Co við Adalstræti í Reykjavík er hægt að fá fisk og meðlæti á litlar 1.000 krónur.



RÁIN
FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK



Þinn eigin kafbátur

Verð: Frá 649 kr.

Hægt er að bregða sér á Subway um allt land og næla sér í sex tommu kafbát fyrir minna en 1.000 krónur. Taco-bátur er til dæmis á 929 krónur, bátur með rifnu grísakjöti á 859 krónur, grænmetisbátur á 649 krónur og skinkubátur á 759 krónur. Þá er bryddað upp á litlum báti mánaðarins sem er á 499 krónur.

Hamborgari og franskari

Verð: 1.000 kr.

Klassískur hamborgari, franskari og gos kostar 1.000 krónur á borgarastaðnum Metro.

Súpa sem hitar í skammdeginu

Verð: 990 kr.

Á kaffihúsinu Bríkk í Hafnarfirði er hægt að slafra í sig súpu og brauði með á tæpar 1.000 krónur.

Núðlunasl

Verð: 960 kr.

Á Noodle Station í Reykjavík og Hafnarfirði er hægt að fá núðlusúpu með grænmeti á minna en 1.000 krónur, en þess ber að geta að staðurinn er einnig á Selfossi. Fyrir 680 krónur til viðbótar er hægt að hafa kjötmeti í súpunni.

Núðlur dagsins

Verð: 990 kr.

Hægt er að fá lítinn skammt af núðlum dagsins fyrir minna en 1.000 krónur á veitingastöðum Nings í Reykjavík og Kópavogi.

Heil pítsa fyrir svanga

Verð: 1.000 kr.

Vinsæli pítsastaðurinn Domino's fær að fylgja með, en aðeins á þriðjudögum fæst miðstærð af pítsu með þremur áleggstegundum á einn fjólubláan.

Fylgist með tilboðum

Svo má ekki gleyma þeim aragrúa af tilboðum sem eru í gangi í matvöruverslunum og bensinstöðvum hverju sinni. Í bakaríum er einnig hægt að næla sér í eitthvert hrossgæti sem fer ekki með fjárhaginn og í ýmsum sjoppum borgarinnar er boðið upp á meira en bara pylsu.



Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

Jólahlaðborð

5. október 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sværissón / agustb@dv.is

HÓTEL LAUGARBAKKI:

Ógleymanleg jólahlaðborð

Hótel Laugarbakkí er afskaplega vel staðsett í náttúrufergurð Miðfjarðar með Hvítserk, Kolugljúfur og Borgarvirki í kring. Þetta er nákvæmlega miðja vegin milli Reykjavíkur og Akureyrar og akstursvegalengdin er rétt um 200 kílómetrar frá hvorum stað. „Hér er mikil uppbygging og fólk er að uppötva þetta svæði, Suðurlandið er að miklu leyti mettað en hingað er spennandi að koma því það er svo mikið líf hérna í Húnaþingi,” segir Hildur Ýr Arnarsdóttir, hóteltjóri að Hótel Laugarbakka.

Afbragðsgóður veitingastaður, Bakki, er rekinn að Hótel Laugarbakka og er hann ekki síður fyrir ferðalanga sem eiga leið um en gesti hótelsins. „Ég er hér með tvo frábæra kokka, hann Ingvar Óla yfirmatreiðslumann og svo hana Svövu Karen. Við leggjum mikla áherslu á ferskt hráefni úr héraðinu, kjöt, fisk og jurtir,” segir Hildur.

Dýrindis krásir, frábær skemmtiatriði og dansinn dunar

Framundan eru bæði villibráðarhlaðborð og jólahlaðborð á Hótel Laugarbakka en þessi kvöld eru vinsæl bæði hjá hópum og einstaklingum. „Þetta er vinsælt hjá fyrirtækjum á Norðurlandi og alla leið niður í Borgarfjörð. En þessi kvöld eru opin fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki og við gerum fólk tilboð. Það er gott að fara að panta sem fyrst enda komnar inn margar pantanir og dagskráin er glæsileg,” segir Hildur.

Villibráðarhlaðborð verður laugardagskvöldið 27. október. Dýrindis krásir eru á borðum, meðal annars hreindýrabollur í villibráðarsósu, humarsúpa og humar, gæsaconfit og grafin gæs, hreindýra carpaccio og margt fleira. Lifandi tónlist verður eftir borðhaldið.

Jólahlaðborðin eru síð-

an 30. nóvember og 1., 7. og 8. desember. Þá verður glæsileg skemmtidagskrá en veislustjóri er eftirherman og skemmtikrafturinn Jóhannes Kristjánsson. Íslandsmeistararnir í samkvæmisdönsum sýna listir sínar og síðan leikur hljómsveit fyrir dansi fram eftir kvöldi.

Meðal kræsinga á jólahlaðborði eru purusteik, kalkúnaþringa, kryddjurtalegið lambalæri og hægeldað nautafille. Heimagera laufabrauð, grafin gæs, humarsúpa og tvíreykt hangikjöt og margt fleira einnig í boði.

Auk þessara föstu dagsetninga geta fyrirtækið pantað jólahlað-



borð á öðrum kvöldum og mörg þeirra gera þetta að árshátið fyrirtækisins í leiðinni. Þá er kjörið að taka gistingu líka á hótelinu. Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki pantað sér jólahlaðborð en það eru ennþá laus kvöld.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni laugarbakki.is og Facebook-síðunni Hótel Laugarbakki þar sem finna má nákvæma matseðla og dagskrá kvöldanna. Einnig er hægt að fá upplýsingar og leita tilboða í síma 862-6168.



Hlaðborð og veislubakkar í fjölskyldustíl

Veislumiðstöðin hefur áratuga reynslu í framreiðslu jólahlaðborða og býður upp á mismunandi útfærslur sem henta hverjum og einum hópi. „Við seljum jólahlaðborð aðallega í fyrirtæki og stofnanir. Stundum förum við inn á vinnustaðinn, tökum yfir mótuneytið og erum með stórt matarboð þar. Stundum förum við með veitingarnar í sali úti í bæ, en svo erum við líka með þrjá veislusali hérna í Rúgbrauðsgerðinni að Borgartúni 6,“ segir Ámundi Johansen.

Mismunandi fyrirkomulag er á framreiðslu veitinganna, allt eftir því hvað hentar viðkomandi hópi: „Við erum með jólasmarétti, stórt jólahlaðborð og síðan jólarétti á borð, í fjölskyldustíl, það er að segja að stórir bakkar eru bornir á borðin. Stundum eru forréttirnir bornir á borðin og fólk stendur síðan upp fyrir aðalréttinn og gengur þá að steikarhlaðborði. Stundum er allur maturinn borinn á borð og síðan er stundum bara allt á hlaðborði.“

Ámundi segir að þetta fyrirkomulag, að fá matinn á borðið, hafi færst nokkuð í vöxt: „Þetta er stundum góð leið til að hrista hópinn saman, til dæmis skapa tengsl þvert á deildir fyrirtækja. Síðan er það þannig að oft er boðið upp á skemmtiatriði og þá er betra að fólk sitji. En síðan eru auðvitað margir sem kjósa að hafa allt á hlaðborði.“

Hóparnir sem Veislumiðstöðin þjónar í jólahlaðborðum eru yfirleitt frá 50 til 200 manns. Eins og áður segir eru í boði afnot af þremur veislusölum fyrirtækisins í Rúgbrauðsgerðinni að Borgartúni 6. Myndir af þeim söllum fylgja

hér með greininni en Rúgbrauðsgerðin þykir afar sjarmerandi húsnæði.

Á efstu hæðinni, fjórðu hæð, eru Sólaralur, sem tekur um 250 manns í sæti, og Mánasalur, sem tekur um 80 manns. Úr báðum söllum er frábært útsýni yfir Faxaflóa og Esjuna. Gluggarnir í Sólaralnum þykja mjög heillandi en þeir eru í laginu eins og kýrauga. Á jarðhæð er síðan Stjörnsalur sem tekur um 150 manns. Þar heillar mjög gesti glæsileg og tignarleg kristalsljósakróna í loftinu.

Að sögn Ámunda eru pantanir á jólahlaðborðum orðnar mjög miklar en þó eru nokkur kvöld laus. Fyrstu jólahlaðborðin verða um miðjan mánuðinn og síðan heldur þetta áfram inn í desember.

Til að panta jólahlaðborð hjá Veislumiðstöðinni er gott að hringja í síma 517-0102 eða senda tölvupóst á netfangið panta@veislu-midstodin.is.



ÚT Í BLÁINN – PERLUNNI:

Brot af því besta í íslenskri og erlendri villibráð



Við bjóðum upp á brot af því besta í íslenskri og erlendri villibráð fyrir jólin. Við leikum okkur talsvert með klassíska jólarétti og jólahefðir. Perlan hefur í gegnum tíðina verið einn helsti staðurinn fyrir Íslendinga að hittast og njóta samverunnar á aðventunni og ætlum við að halda því áfram. Við munum t.d. heiðra hefðina með því að gera okkar útgáfu af frægri rjúpusúpu sem boðið var upp á hér á árum áður," segir Atli Þór Erlendsson, yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Út í bláinn, sem er í Perlunni.

Atli segir að ásamt þessu hefðbundna sem finna má á jólahlaðborðum sé áhersla lögð á nýjungar og að mæta ólíkum þörfum: „Við höfum alveg frá opnun stefnt að því að bjóða upp á eitthvað fyrir alla og því má nefna að við bjóðum ekki bara upp á þungar steikur heldur líka fjölbreytta grænmetisrétti.“

Veisla á hverjum degi

Jólahlaðborðið hefst þann 16. nóvember og er í boði daglega eftir það alveg fram til Þorláksmessu. Staðurinn er opnaður kl. 18 öll kvöld. Verð sunnudaga til miðvikudaga er 8.500 kr. á mann en fimmtudaga til laugardaga 9.900. Sérvalin vín kosta 7.200 á manninn. 50% afsláttur er fyrir börn 6 til 12 ára og frítt fyrir börn 5 ára og yngri.

Matseðill jólahlaðborðsins:

FORRÉTTIR
Brauðkarfa frá Krúderii, súrdeigsbrauð, sólkjarnabrauð, laufabrauð og þeytt smjör
Rjúpusúpa 2018
Graskersúpa (vegan)
Bökuð dönsk lifrarkæfa með steiktum sveppum og stökku beikoni
Grafin rjúpa með kjúklingalifrarparfait og rifsberjum



Rauðrófusalat (vegan)
Sætar kartöflur með trönuberjum og hnetum (vegan)
Jóla-kryddsild
Heitreyktur lax
Grafinn lax
Blandað skelfisksalat
Hreindýrabollur í bragðmikilli villibráðarsósu
Villibráðar vol-au-vent


AÐALRÉTTIR

Jóla krydduð purusteik
Hægelduð kalkúnabringa með salvíu og rósmaríni
Grilluð rauðhjartasteik
Heileldað nauta rib-eye
Hin margrómaða hnetusteik að hætti Kela (vegan)
Grillað toppkál með poppuðu kínóa og blóðberg (vegan)
Rauðvínssósa
Villisveppasósa (vegan)

Okkar eigin rauðkál, eplasalat, steiktur kartöflur og grænmeti

Glæsilegt eftirréttahlaðborð unnið af matreiðslumönnum staðarins í góðu samstarfi við bakameistara og kökugerðarmenn Krúderis.

Vefsíða: <https://utiblainn.is/>



Ferskur blær og lystaukandi humar í Rauða húsinu



Veitingarstaðurinn Rauða húsið á Bústaðarstíg 4 er þekktur fyrir ljúffengan humar sem bráðnar einfaldlega í munni gesta. Staðurinn einkennist af einstaklega faglegri þjónustu og afslappandi andrúmslofti sem trekkir hvern á fætur öðrum á Bústaðarstíginn. Á næstu vikum má búast við gómsætum jólamatseðli, en hlaðborð staðarins hefur hitt rակleidis í mark á hverju ári og kitlað bragðlauka viðskiptavina út í eitt.

Jessi Kingan, einn af eigendum Rauða hússins, segir veitingastaðinn sérhæfa sig í öllum tegundum humars, frá humarsúpu til pastaréttu, og fullyrðir að fiskur staðarins sé ávallt ferskur enda berst hann til Jesse nýveiddur og ljúffengur hverju sinni. „Einn af eigendum er útgerðarmaður og kemur alltaf til okkar með ferskan fisk beint á borðið,” segir hún.

„Við ætlum svo að halda jólahlaðborð sem við erum nú að undirbúa, eins og við höfum gert síðustu árin, og verðum með lifandi tónlist og huggulega stemningu fram eftir kvöldi,” segir Jesse.

Saga Rauða hússins

Veitingastaðurinn Rauða húsið var um tíma í gamla skólahúsinu á Eyrarbakka. Þann 14. maí 2005 var veitingastaðurinn fluttur yfir í hús að Búðarstíg 4 á Eyrarbakka, sem lengst af hefur verið

kallað Mikligarður. Guðmunda Nielsen byggði elsta hluta Rauða hússins, veitingastofuna á fyrstu hæð, sem verslun árið 1919. Guðmunda var fjölhæf kona, organisti, kórstjóri, tónlistarkennari og tónsmiður auk þess að vera mjög virk í félagsmálum, m.a. í Kvenfélagi Eyrarbakka. Hún lærði verslunarfræði í Kaupmannahöfn áður en hún opnaði verslun sína hér, Guðmundubúð, sem þótti ein glæsilegasta verslun austan fjalls á sinni tíð.

Sjálf bjó Guðmunda hins vegar í Húsinu, sem nú hýsir Byggðasafn Árnesinga og stendur rétt fyrir austan kirkjuna. Húsið var reist árið 1765 þegar dönskum kaupmönnum var leyft að búa hér á landi yfir veturinn. Húsið varð snemma miðstöð blómstrandi menningar og listalífs við ströndina, enda komu erlend menningaráhrif fyrst að landi á Eyrarbakka, sem var stærsti verslunarstaður landsins um aldir. Hér átti biskupsstóllinn í Skálholti einnig sína höfn og gerði út sín skip. Örlög þúsunda Íslendinga réðust með þeim margvíslegu tíðindum sem bárust með Bakkaskipi.

Árið 1955 var byggð hæð ofan á húsið, en frá 1957 var umfangsmikil framleiðsla á einangrunarplasti og einöngruðum hitaveiturörum í Miklagarði undir merkjum Plastiðjunnar Eyrarbakka hf. og 1960 var síðan stór viðbygging reist norðan megin.



ELDHESTAR:

Jólahlaðborð í sveitakyrri

Sveitahótelid Eldhestar er staðsett á fögrum stað að Völlum í Ölfusi, í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Þar er hægt að njóta gistingar í hlýlegu herbergi með fallegu útsýni, fara á hestbak og snæða krásir á jólahlaðborði. „Þetta er jólahlaðborð í sveitinni, við leggjum mikið upp úr kyrrðinni og að gestir okkar eigi notalega stund saman. Þetta hentar afskaplega vel fyrir smærri hópa, lítil fyrirtæki eða vinahópa, til dæmis,“ segir Helga Gísladóttir hóteltjóri.

Jólahlaðborðið verður í boði síðustu tvær helgarnar í nóvember og fyrstu tvær helgarnar í desember. Hægt er að kaupa jólahlaðborðið eitt og sér en flestir kjósa að gista líka og gera dálítið meira úr dvölinni en bara borðhaldið. „Það eru finar gönguleiðir hér í kring og þar sem við erum á flatlendi er fallegt útsýni í allar áttir. Staðsetning hótelsins er einnig góð til að upplifa norðurljósín ef þau láta sjá sig. Dyr liggja frá herbergjunum út í garð, það eru tveir heitir pottar á staðnum og svo eru ýmsar

hestaferðir í boði. Það er því tilvalið að koma um miðjan dag, fara á hestbak, fara síðan í heita pottinn og því næst klæða sig upp í rólegheitum fyrir hlaðborðið,“ segir Helga.

Matseðillinn fyrir jólahlaðborðið er klár og meðal kaldra rétta verður reykstur og grafinn lax, sildartríó, hangikjöt og sjóvarréttasalat. Heitir réttir eru hamborgarhryggur, heilsteikt lambalæri, grísapurusteik og kalkúnabringa. Einnig er úrval af brauði, heitar og kaldar sósur, sykurbúnaðar kartöflur, rósmaín-kartöflur,

ur, kartöflusalat, heimalagað rauðkál, mais, grænar baunir, eplasalat og fleira. Í eftirrétt er ávaxtasalat, heimager Tiramisu, bökuð epli með karamellu, jólaostakaka og fleira.

Það borgar sig að panta snemma til að komast á þetta margrómaða jólahlaðborð í notalegu umhverfi. Hægt er að senda fyrirspurn á info@eldhestar.is eða hringja í síma 480-4800. Frekari upplýsingar um Eldhesta eru síðan á vefsíðunni eldhestar.is.





Alþjóðleg stemning og gæðapjónusta í fyrirrúmi

Ef til stendur að gæða sér á hlýlegum og ljúfengum mat í hjarta Reykjavíkur, en þó nógu langt frá látunum á Laugaveginum, þá þarf ekki að leita lengra en á horn Skólavörðustígs og Óðinsgötu. Þar stendur veitingahúsið Sjávargrillið þar sem lögð er áhersla á ljúffenga sjávarrétti, bæði séríslenska og alþjóðlega.

Eigandi Sjávargrillsins er Gústav Axel Gunnlaugsson, Húsvíkingur í húð og hár sem var kjörinn Matreiðslumaður ársins 2010. Sjávargrillið var opnað ári eftir að eigandinn hreppti titilinn og hefur hvergi komið lægð í fjölda heimsóknna síðan.

„Það er ánægjulegt að starfa á veitingastað þar sem gestirnir eru yfir sig ánægðir með bæði mat og þjónustu dag eftir dag,“ segir Guðrún Rúnarsdóttir, veitingastjóri staðarins, og bætir við að hún hafi oft á orði við gestina að eftir 30 ára starfsferil í geiranum finnst henni heiður að vinna á veitingastað þar sem allt

þetta helst í hendur að öllu leyti. „Það er margt mjög spennandi framundan. Við verðum með nýjan matseðil í nóvember með jólaíavafi. Skóthlaðborðið sem hefur hitt í mark á hverju ári verður á sínum stað. Síðan kynnum við sérstakan áramótaseðil á síðasta degi ársins, 31. desember, auk fyrsta dagsins á því nýja,“ bætir Guðrún við.

„Ég mæli með, að þeir sem ekki hafa komið til okkar út að borða ennþá, láti verða að því, því það er upplifun að koma til okkar. Við erum með mikið af fastakúnum sem koma aftur og aftur. Það er almennt séð skemmtileg flóra af gestum hjá okkur, Íslendingar og ferðamenn í bland. Við leggjum áherslu á faglega, ljúfa og skemmtilega þjónustu, og erum afar stolt af að geta státað af frábærum barþjónum sem laga glæsilega kokteila á meistaralegan hátt, háu hlutfalli af faglærðum þjónum í sal og meisturum í eldhúsinu.“





MÖNDLUGRAUTURINN – JÓLAHLAÐBORD MESSANS:

Bókaðu dýrlega skemmtun í desember

Messinn Granda er afar vinsæll og rómaður sjávarréttastaður að Grandagarði 8. Messinn Granda tekur nú í fyrsta skipti þátt í jólahlaðborðavertíðinni og hefur skipulagt dagskrá sem fellur afar vel í kramið því þegar er búið að selja vel af sætum á alls sjö jólahlaðborðskvöld sem haldin verða í desember. Þau verða föstudags- og laugardagskvöldin 7.–8. desember og 14.–15. desember og 20., 21. og 22. desember, sem eru fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld.

Það verður mikið um dýrðir bæði í skemmtun og mat á þessum kvöldum. Veislustjórar eru þau Saga Gardarsdóttir og Dóri DNA sem skemmta með uppistandi og halda matargestum við efnið. Söngkonan Sigríður Thorlacius kemur fram, tónlistarmennirnir Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn koma fram á tveimur kvöldum og þeir Sóli Hólm og Prins Póló verða hvor með sitt kvöldið. Hjóm-sveitin GÓSS kemur síðan fram á síðasta kvöldinu en hana skipa þau Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Óskar Guðmundsson.

„Þó að við séum sjávarréttastaður þá verður auðvitað áhersla á þennan hefðbundna jólahlaðborðsmat en við ætlum samt líka að færa fiskmeti í jólabúning og bjóða til dæmis upp á jólagellur. Síðan verða líka kalkúnabringur, lambalæri, hangikjöt, svínahryggur og veganréttir,“ segir Sandra Barilli hjá Messanum.

Meðal annarra krása er jólasíld, sinnepssíld, reykur lax og taðreykt hangikjöt.

Sem fyrr segir hafa viðbrögðin við Möndlugrautnum verið afar góð þó að varla sé búið að tilkynna

um viðburðinn og því eins gott að panta snemma ef fólk ætlar að fá pláss. „Þetta hentar vel smærri fyrirtækjum og vinahópum en við tökum um 120 manns í sæti,“ segir Sandra.

Sandra segir að það sé frábær stemning í hafnarhverfinu þar sem Messinn hefur átt svo góðu gengi að fagna. Það er frábær stemning hér við höfnina, það er svo gaman að sjá alla nýju staðina spretta upp hér á meðan grónu staðirnir halda áfram að blómstra,“ segir Sandra.

Til að panta í Möndlugrautinn – Jólahlaðborð Messans er best að senda tölvupóst á netfangið grandi@messinn.com eða hringja í síma 562-1515.





SÆGREIFINN:

Siginn fiskur, selspik, skata og gamlar hefðir í heiðri

Peir gömlu félagar, Kjartan Halldórsson og Hörður Guðmannsson, opnuðu veitingastaðinn Sægreifann árið 2003 en þeir voru fyrir með glæsilega fiskverslun og ætluðu sér raunar aldrei út í veitingarekstur. En frá fyrsta degi hefur Sægreifinn notið mikilla vinsælda, ekki síst vegna þess að þar er haldið í hefðir og boðið upp á hefðbundið fiskmeti sem Íslendingar hafa snætt í gegnum aldirnar.

Sægreifinn er til húsa að Geirsgötu 8 við höfnina í Reykjavík. Núverandi eigendur eru hjónin Elísabet Jean Skúladóttir og Daði Steinn Sigurðsson. Rekstrarstjóri er Ester Hansen og hún fræðir okkur lítillega um það spennandi, árstíðabundna fiskmeti sem verður á boðstólum á næstunni og margir munu snæða af bestu lyst fram að jólum.

„Við byrjum að afgreiða signa fiskinn 9. október og svo verður hann á boðstólum annan hvern þriðjudag fram að maí. Selspik er borið fram með signa fiskinum ásamt kartöflum og öðru tilheyrandi. Í eftirrétt er síðan „Steingrímur“, eins og Kjartan gamli kallaði alltaf grjónagrautinn. Kolla okkar sér til þess að héðan standi menn sáttir upp frá borðum,“ segir Ester.

Skatan byrjar fyrsta laugardaginn í nóvember og verður svo á boðstólum fyrsta laugardag hvers mánaðar fram að maí. Skatan verður síðan daglega á borðum frá 17. til 23. desember en þá verður jólastemningin í algleymingi með skótuilmi dag eftir dag.

„Þessi gamli góði matur er í upphaldi hjá mörgum en hann fæst ekki víða. Við viljum halda í þessar gömlu venjur og hingað koma til dæmis hópar Ólafsfirðinga og stórfjölskyldur



hittast oft í skötunni hjá okkur fyrir jólin,“ segir Ester.

Sægreifinn er opinn alla daga frá kl. 11.30 til 22.00. Ekki verður um

hlaðborð að ræða með þessum sjávarkrásum heldur verður skammtað á diskana en þó hægt að fá ábót ef beðið er falletta.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Sægreifinn og vefsíðunni saegraefinn.is



Fish House

Bar & Grill

Gómsæt villibráð í Grindavík

Veitingastaðurinn Fish House hefur fengið léttu yfirhalingu en staðurinn er uppspretta margra góðra minninga í hugum íbúa Grindavíkur og jafnvel annarra Suðurnesjamanna. Staðurinn hefur hænt að sér tónlistarfólk landsins og er geysivinsæll meðal músikanta og tónlistarunnenda. Kári Guðmundsson er á þriðja ári í rekstri staðarins og hafa viðskiptin gengið eins og í sögu. Hreindýraborgarinn hans Kára hefur notið sérlega mikilla vinsælda undanfarin ár og margir hafa beðið spenntir eftir komu hans og hefur ávallt verið ágætis gestagangur hjá Kára og félögum, ekki síst í desember.

„Okkur hefur gengið mjög vel. Við höfum lagt okkur mikið fram og fengið góð ummæli. Það hefur verið aukning hægt og bitandi alveg síðan við tókum við,” segir Kári og bendir á Villibráðakvöldið mikla en þetta er í annað árið í röð þar sem slíkur matseðill verður lagður fram.

Kári segir að svo vel hafi gengið og umfangið svo mikið að nú standi til að hafa villibráðakvöldin tvö þetta árið og verða þau haldin dagana 16. og 17. nóvember. Kári segir matseðilinn ekki vera af verri endanum og lofar huggulegri stemningu í sal sem tekur hátt í sextíu manns. „Við verðum

með gæs, reykt og grafna, ásamt bleikjutartar og rjúpusúpu. Einnig verðum við með hreindýr, kryddað lambafille og ýmislegt fleira ásamt fordrykk.”

Kári segir margt á boðstólum vera það sem hann hafi sjálfur veitt enda er hann mikill veiðimaður og telur villibráð vera mat í hágæðaflokki. „Þetta villibráðakvöld gekk svo vel í fyrra að mér fannst sniðug hugmynd að gera þetta aftur og aðeins betur. Þetta árið verðum við með lifandi tónlist og mun trúbador spila langt fram eftir kvöldi. Þetta verður meira spennandi en í fyrra og meira sniðið fyrir hvern og einn í raun og veru,” segir Kári.

„Í fyrra fékk ég til mín gesti alla leið úr Kópavoginum og þeir töluðu um að svona villibráðakvöld væru á undanhaldi. Þar af leiðandi ákvað ég að bæta við öðru kvöldi og sjá hvort því yrði ekki vel tekið.”

Þá nefnir Kári að eftirsótti hreindýrahamborgarinn verði borinn fram á fjörugum föstudegi, sem verður 30. nóvember. „Það hefur verið mikil hefð á þeim degi að veitingastaðirnir hérna við Hafnargötuna geri eitthvað skemmtilegt,” segir Kári. „Þetta er þriðja árið sem við berum fram þessa hamborgara og það má segja að þeir hafi slegið í gegn hjá okkur.”





JÓLASEÐILL EÐA HLAÐBORD FYRIRTÆKI OG HÓPAR.

Jólaseðillinn (hægt er að fá vegan útgáfu)

Forréttir:

Marineruð síld í IPA bjór og bláberjum á rúgbrauði
Grafinn lax í Fagnaðarerindinu (jólabor) og sinnepssósa
Bjórgrafið lamb með epli, basil og hindberjadressingu
Rækjukokteill með mangó og sítrussósu

Aðalréttur:

Confit de Canard
(andalæri) með beikon-kartöflumús, döðlumauki,
vorlauk, ostrusveppum og appelsínu-soðsósu

Eftirréttur:

Bjór-ís (stout) með piparköku mulning,
bökuðu hvítu súkkulaði og kirsuberjasósu

– 7.990 kr.

(hægt að fá drykkjarpörun á 4.990 kr. aukalega)

**Pantanir í síma 456 4040 eða
booking@bryggjanbrugghus.is**



Jólahlaðborð (50 manns eða fleiri)

Forréttir

Bláberja & IPA marineruð síld með rúgbrauði
Sinnepssíld með rúgbrauði
Lax, grafinn í Fagnaðarerindinu með sinnepssósu
Reyktur lax með piparrótarsósu
Reyktar rækjur í skel og chilitartarsósa
Bjórgrafið lamb með hindberja- og basildressingu
Vegan jóla taco með döðlumauki & stökkri gulrót
Vegan paté á rúgbrauði með bjórsýrðri gúrku & sætum
lauk (inniheldur hnetur)
Jólasalat með eplum, hnetum & hindberjadressingu

Aðalréttir

Andalæri – confit de canard
Purusteik af bjógrís
Hnetusteik

Meðlæti

Sykurbrúnaðar kartöflur
Rósakál
Gljáðar gulrætur
Appelsínugljái

Eftirréttir

Bjórís með kirsuberjasósu og piparkökumulning
Súkkulaðikaka Bryggjunnar og fersk ber
Kókostoppar

– 9.990 kr.

GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK * 00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

JÓLAHLAÐBORÐ STRACTA HÓTELS:

Veisla í sunnlenskri náttúruvegurð



Stracta Hótel er rómaður gisti- staður á Hellu, nánar tiltekið að Rangárflötum 4. Stutt er frá hótelinu í allar helstu náttúruperlur Suðurlands og þjónusta og aðbúnaður á hótelinu sjálfu er til sóma. Undanfarin ár hefur Stracta Hótel boðið upp á jólahlaðborð sem hafa mælst afar vel fyrir. Sumir slá þar tvær flugur í einu höggi og gista einnig.

Að þessu sinni býður Stracta Hótel upp á gistingu í tveggja manna herbergi með morgunverði ásamt jólahlaðborði á sérstöku tilboði: 16.400 kr. á mann. Aðgangur að heitum pottum og gufubaði í glæsilegum hóteldarði er innifalinn fyrir alla gesti. Það er fullkomin leið til að slaka á fyrir notalegt og skemmtilegt kvöld.

Eyrnakonfekt og jólakrásir

Verð á jólahlaðborðinu án gistingar er aðeins 8.800 kr. Meðal forrétta eru þrjár tegundir af sild, grafinn og reyktur lax, lifrarkæfa með beikoni, grafið hrossakjöt, jólaskinka, sjávarréttasalat, tvíreykt hangikjöt og margt fleira.

Í aðalrétt er meðal annars hvítlauksmariner- að lambalæri, purusteik, Royal-kjúklingabringa og fisk- og grænmetisréttir að hætti kokksins.

Af meðlæti má nefna Waldorf-salat, rauðkál, sykurbúnaðar kartöflur, villisveppa- og rauðvínssósu og margt fleira. Í eftirrétt er til dæmi Ris a la Mande með kirsuberjasósu, ferskir ávextir og hvít súkkulaðímús.

Jólahlaðborðin eru þessa daga: 17. og 24. nóvember, 1. og 8. desember – sem eru laugardagar. Aðra daga er boðið upp á jólahlaðborðið fyrir stærri hópa.

Hinir frábæru tónlistarmenn Margrét Grétarsdóttir söngkona og Hrafnkell Óðinsson, sjá um að gestum í jólastemningu með sannkölluðu eyrnakonfekt meðan á borðhaldi stendur.

Upplýsingar og bókanir eru í gegnum netfangið info@stracta.is eða í síma 531-8010.

Sjá nánar á vefnum: <https://www.stractahotels.is/jolahlaðbord>



HÓTEL LAKI:

Ógleymanleg veisla fyrir hópinn þinn á vinallegu fjölskylduhóтели



Hótel Laki er huggulegt fjölskyldurekið hótél, staðsett að Efri Vík á Kirkjubæjarklaustri, í náttúrufegurð og dásamlegri kyrrð. Það er skemmtileg og vinsæl tilbreyting að komast út úr ys og þys borgarlífsins til að skemmta sér og gleðjast í góðum hópi og Hótel Laki er kjörinn áfangastaður fyrir slíka skemmtun. Fjölskyldan á Hótel Laka hefur gaman af að taka á móti hópum, hvort sem það er starfsfólk fyrirtækja, vinahópar eða aðrir, og dekra við mannskapinn. Hótel Laki getur gert hópatilboð sniðið að þörfum hvers og eins hóps.

Góð aðstaða er uppi á þaki hótelsins til að njóta norðurljósa í skjóli glerhýsis án ljósmengunar. Þar er vegglistaverk eftir Ólöfu Rún Benediktssdóttur listakonu sem vert er að skoða. Hótelíð býður upp á skráningu á norðurljósavakningu að nóttu, þá hringir næturvaktin og lætur vita ef flott ljósasýning birtist á himninum.

Barinn á Gígur Restaurant, á Hótel Laka, er allur nýlega endurbættur í samstarfi við Haf Studio. Þar er notalegt að eiga stund.

Framundan eru tveir mjög áhugaverðir viðburðir á Hótel Laka. Laugardagskvöldið 3. nóvember verður í boði glæsilegur fjögurra rétta villibráðarmatseðill. Leikinn verður notaleg tónlist undir borðhaldi og Árný Árnadóttir söngkona skemmtir gestum með fögrum söng. Hinn fjölhæfi Guðmundur Óli þenur nikkú sína og býður í dans eftir borðhaldið. Tilboð í gistingu og mat fyrir þennan viðburð: Matur á 7.500 kr. – gisting fyrir tvo með morgunverði og kvöldverði á 30.000 kr. og aukanoft á 15.000 kr. Svo er dekrað við gestina með freyðivíni á herbergið.

Föstudagskvöldið 30. nóvember verður síðan boðið upp á glæsilegan fimm rétta jólamatseðil á 7.500 kr. Á eftir borðhaldinu verður lifandi tónlist með frábærum trúbador. Hægt er að taka allan pakkann: Gistingu, morgunverð og kvöldverð fyrir tvo á aðeins 30.000 kr. og aukanoftin á 15.000. Freyðivin á herbergið handa gestunum.

Fyrir utan þessa tvo spennandi viðburði er hægt að semja um sérstök kvöld fyrir hópinn þinn og fá tilboð. Lögd er áhersla á góða þjónustu, sveigjanleika og hlýlegt viðmót á Hótel Laka og þar getur þú átt ógleymanlega helgi með hópnum þínum.

Nánari upplýsingar í síma 412-4600. Sjá einnig vefsíðuna hotellaki.is og Facebook-síðuna Hótel Laki.

Verið velkomin í sveitina!



Verið velkomin á nýjan matarvef DV

Splunkunýr og girnilegur matarvefur opnar á vefsíðu **DV** í dag.

Þar er að finna góð ráð í eldhúsinu, léttleikandi og fræðandi myndbönd og aragrúa af uppskriftum sem gleðja bæði augu og maga.

dv.is/matur



*Komid fagnandi og
verði ykkur að góðu!*





BÁRAN RESTAURANT:

Eitt flottasta jólahlaðborðið á Norðausturlandi

Báran er eini veitingastaðurinn á Þórshöfn og einn allra helsti veitingastaðurinn á stórum hluta Norðausturlands. Eigandinn er Nikola Zdenko Peros en hann er fæddur í New York, er bandarískur í móðurættina og króatískur í föðurættina. Nik, eins og hann er oftast kallaður, kom fyrst til Íslands árið 1992 sem skiptinemi í Stykkishólmi og stofnaði þá til tengsla við Íslendinga sem ekki hafa rofn að síðan. Nik hefur starfað mikið að málefnum skiptinema og komið þeim í kynni við Ísland. Sú viðleitni leiddi til þess að hann festi rætur á Þórshöfn og opnaði veitingastaðinn Bárana.

Báran er þekkt fyrir sín frábæru jólahlaðborð og í ár eru tilboðin sérlega spennandi. Innfalið í pakknum er flug til og frá Akureyri, fyrir þá sem það hentar, en verðið er þá 28.900 kr. á mann fyrir flug báðar leiðir, jólahlaðborð, gistinótt í tveggja manna herbergi og morgunverð. Gisting verður í gisti húsunum Sandur og Grásteinn.

Jólahlaðborðið eitt og sér kostar 7.900 kr. á mann en jólahlaðborð, gisting í tveggja manna herbergi og morgunverður kostar aðeins 14.900 kr. á manninn.

Meðal kræsinga á jólahlaðborðinu er reyktur lax, hvalkjöt, grafin gæs, sveitapaté, hreindýrakjöt, saltfisksalat, skoskur haggis og tvíreykt hangikjöt í forrétt. Í aðalrétt eru kalkúnn, önd og lambalæri. Í



eftirrétt eru meðal annars blandaðir ávextir og dýrindis ostar.

Innfalið í málsverðinum eru eitt björglas eða eitt vinglas.

Á öllum jólahlaðborðskvöldunum

verður lifandi tónlist og skemmtiatriði. Jólahlaðborð verður þann 30. nóvember, 7. desember og 8. desember. Athugið að ekki er flug í boði 8. desember.

Pantanir eru í síma 468-1250. Sjá nánar um Bárana á vefsíðunni baranrestaurant.is.

JÓLAHLAÐBORÐ LÆKJARBREKKU:

Stórveisla á vingjarnlegu verði



Lækjarsbrekka
Restaurant

Jólahlaðborðin eru sérpöntuð og eru haldin í söluum okkar, Kornhlöðunni og Litlu Brekku. Kornhlaðan tekur 100 manns í sæti en Litla Brekka 60. Salirnir eru samliggjandi og því er hægt að taka báða í einu og halda samkvæmi fyrir 160 manns í sæti," segir Ívar Þórðarson hjá Lækjarsbrekku en jólahlaðborð staðarins er ávallt vinsælt hjá fyrirtækjum og hópum.

Til staðar er góð aðstaða fyrir veislustjörn, ræður og skemmtiatriði, en þarna er hljóðkerfi og skjávarpi. Þá spillir ekki fyrir að nýbúið er að gera upp báða salina og eru þeir mjög huggulegir og aðstaða öll hin besta.

„Við erum sjaldan með sértílbod á jólahlaðborðið en erum þess frekar með vingjarnlegt verð á þessu sem hefur ekki hækkad í þrjú ár," segir Ívar en hlaðborðið kostar aðeins 8.900 kr. á manninn.

Úrvalið er glæsilegt og girnilegt. Gæsasúpa er í forrétt og af köldum réttum má nefna krækiberjasild, brennivínssild, graflax og sítrusmarinerað sjávarsalat. Meðal kjötrétta í forrétt eru hangikjöt með uppstúf, drottningaskinka með heilkorna sinnepsósu, gæsa- og andarsalat og hreindýrapaté.

Í aðalrétt eru kryddjurtamarinerað lambalæri, purusteik, léttreykt kjúklingabringa og hreindýrabollur. Sykurbrúnaðar kartöflur, sætkartöflumús, kartöflusalat, rósakálssalat og eplasalat eru í meðlæti ásamt mörgu fleiru. Meðal eftirrétta eru Ris A La Mande, brúnkökur með saltkaramellu, turkish pepper pavlova, súkkulaðimús, kóskúlur og fleira.

Gott er að panta jólahlaðborð í síma 551-4430. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið info@laekjarsbrekka.is sem er svarað greiðlega. Er þá hægt að fá kostnaðinn skriflegan og allar fleiri mikilvægar upplýsingar.



ILMVÖRUR.IS:

Ilmandi gjafavörur

Ilmvörur.is er tveggja ára gömul, fjölskyldurekin vefverslun sem býður upp á fallegar og ilmandi gjafavörur. Má þar nefna ilmkerti, sápur, olíur, ilmkorn og margt fleira. Á næstu vikum eru jólavörurnar væntanlegar í verslunina en nú þegar eru komin fallega skreytt jólakerti. Einnig eru til sölu fallegir kertastjakar og ýmislegt annað sem fylgir kertum.

„Vinsælustu vörurnar hérna eru líklega flöt, handunnin og handmál-uð kerti sem ég byrjaði að taka inn í fyrra. Þessi kerti eru unnin í Litháen og eru feykilega vinsæl,” segir Ásvaldur Friðriksson, eigandi verslunarinnar.

„Jólakertin okkar eru síðan bæði flöt og píramídalaga,” bætir Ásvaldur við og segir okkur síðan frá sápunum sem eru einstaklega vandaðar og vel ilmandi: „Sápunar eru búnar til úr hreinum olíum, ilmolíum og ilmkjarna-olíum. Síðan erum við líka með ilmolíur í baðið og ilmolíulampa og mikið úrval af reykelsum. Auk þess erum við með ilmkorn sem eru sérhönnuð fyrir hvert rými heimilisins sem þar með verður allt vel ilmandi.”

Ilmvörur.is bjóða upp á hagstætt verð og góða þjónustu. Pantanir eru sendar hvert á land sem er. „Ef við fáum pöntun fyrir hádegi fer hún samdægurs frá okkur á pósthúsið. Ef hún kemur eftir hádegi fer hún frá okkur næsta dag,” segir Ásvaldur en heimsendingarkostnaður fellur niður ef keypt er fyrir 5.000 kr. eða meira. Sendingarkostnaður fyrir minni viðskipti er síðan aðeins 600 kr. á pakkann.

Allar frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni ilmvorur.is þar sem vefverslunin er einnig. Þar er þægilegt að gera hagstæð kaup á fallettri, smekklegru og vel ilmandi gjafavöru.





Á FERÐ OG FLUGI:

Stækkandi flutningafyrirtæki á landsbyggðinni

Ég byrjaði með einn bíl, árið 2016 voru þetta 2-3 bílar en síðan þá hefur þetta aukist stöðugt, í dag erum við með sjö bíla og það er einn nýr bíll á leiðinni fyrir komandi vetur," segir Stefán Þór Jónsson, bílstjóri og eigandi flutningafyrirtækisins Á ferð og flugi. Starfsemin hefur dafnað jafnt og þétt undanfarin misseri en þegar fyrirtækið var stofnað í mars árið 2015 var bara einn flutningabíll í eigu þess.

„Við erum aðallega í vöruflutningum, keyrum fyrir Samskip, Eimskip og Vörumiðlun. Við sjáum líka um allan áætlunarakstur með vörur til Mývatns frá Akureyri. Þetta eru mikið matvörur, byggingarvörur og síðan ýmislegt fleira," segir Stefán, en bílstjórar fyrirtækisins fara einnig oft milli Akureyrar og Seyðisfjarðar í tengslum við ferðir ferjunnar Norrænu.

Elti ástina til Akureyrar

Stefán Þór Jónsson er Reykvíkingur en flutti til Akureyrar fyrir tveimur árum, tók með sér eitthvað af verkefnum sem hann var með í Reykjavík og síðan hefur starfsemin bara vaxið: „Ég byrjaði með flutningabíll í Reykjavík en kærastan mín er héðan, hún vildi flytja norður og ég sló til og ákvað að sjá hvort ég fengi eitthvað að gera hér. Ég tók með mér hluta af vinnunni norður, Smyrilline-verkefni fyrir norðan og svo var ég alltaf að keyra fyrir Samskip og Eimskip í Reykjavík líka, ég sagði þeim að ég væri að flytja mig norður og það var ekkert mál."

Bílstjórnir hjá fyrirtækinu eru nú orðnir samtals sex. Stefán Þór Jónsson og unnusta hans, Sigríður Þorsteinsdóttir, keyra bæði hjá fyrirtækinu en auk þeirra



eru fjórir aðrir bílstjórar í fullu starfi.

„Fyrirtækið hefur stækkað mikið síðustu ár, og við höfum náð að bæta við okkur tækjum til þess að sinna þeim verkefnum sem við erum með," segir Stefán.

Eins og komið hefur fram hér keyrir Á ferð og flugi mikið fyrir stór og þekkt flutningafyrirtæki en Stefán hefur áhuga á samstarfi við fleiri aðila: „Við erum bara verktaki og keyrum fyrir hvern sem er," segir Stefán en þeir sem hafa áhuga á að nýta sér flutningaþjónustu hans geta hringt í síma 789-1060, sent tölvupóst á netfangið stebbij@gmail.com eða haft samband í gegnum Facebook-síðuna <https://www.facebook.com/aferdogflugi/>



Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, gefur kost á sér til forseta ASÍ í kosningum sem fara fram í lok mánaðarins. Að loknu stúdentsprófi í Fjölbautaskólanum í Breiðholti fór hún í Iðnskólann sem leiddi hana út í að verða formaður Iðnnemasambandsins þar sem hún steig sín fyrstu skref í verkalýðsbaráttu. Blaðamaður DV settist niður með Drífu á skrifstofu hennar í Borgartúni og ræddi við hana á persónulegum nótum um verkalýðsbaráttuna og verkefni framundan.

„Ég var lengi að finna mig, það má segja að ég sé afsprengi góðs og sveigjanlegs skólakerfis á Íslandi. Ég vann sem tækniteiknari á verkfræðistofu í nokkur ár. Síðar skræði ég mig í háskólann og ætlaði að verða endurskoðandi. Ég veit ekki hvernig mér datt það í hug en fór í viðskiptafræði og heillaðist að vinnumarkaðsfræði,“ segir Drífa. Á þeim tímapunkti má segja að það hafi verið augljóst hvert hún stefndi en lokaritgerðin var um gerð kjarasamninga og launamun kynjanna.

Drífa er alin upp að hluta til í Svíþjóð, hún bjó í Lundi frá 6 til 11 ára aldurs. „Ég sneri aftur til Svíþjóðar til að ná mér í meist-arapróf, frá 2010 til 2012. Ég bjó í stúdentakommúnunni sem barn og fullorðin.“

Ekki til í leikinn

Drífa hefur alltaf brunnid fyrir stjórnmalum og ólst upp á Kvinnalistaheimili. Amma hennar var á meðal stofnenda Kvinnalista og voru móðir hennar og móðursystur virkar í flokknum. „Þetta er í genunum. Þetta gerist bara þegar maður er alinn upp á heimili þar sem rætt er um pólitík og þá fer manni að finnast það þegnaskylda að taka þátt. Ég var alltaf mjög virk í pólitískri baráttu, ég var í Kvinnalistanum og tók þátt í stofnun Vinstri grænna 1999.“

Hún var framkvæmdastýra Vinstri grænna í fjögur ár og stóð oft frammi fyrir ákvörðun um hvort hún ætti að taka þátt í forvali. Hún hætti í flokknum í nóvember 2017 þegar flokkurinn fór í viðræður um myndun ríkisstjórnar með Sjálfstæðisflokknum. „Þegar flokkurinn fór í viðræður við Sjálfstæðisflokkinn þá var trúverðugleikinn farinn. Mér fannst þetta ekki geta orðið til hagsbóta fyrir þá hópa sem flokkurinn var að berjast fyrir,“ segir Drífa. Hún tekur það fram að það hafi ekki orðið nein persónuleg vinslit við þá sem eru enn í Vinstri grænum.

Hún sér ekki eftir því að hafa yfirgefið flokkinn nú þegar ríkisstjórnin hefur setið í nærri því ár. „Áhrif innan ríkisstjórnar eru ofmetin. Mér finnst það mjög mikilvægt að vera með fólk sem gættir hagsmuna venjulegs fólks í stjórnarandstöðu. Þegar maður er kominn í ríkisstjórn þá er maður farinn að miðla málum og verja óverjandi ákvarðanir samstarfsflokks. Þannig virkar leikurinn, við vitum það. Þannig að allt í einu eru VG-liðar farnir að verja lög-brot Sigríðar Andersen. Þetta var ekki leikur sem ég var til í.“

Margt líkt með Kvænnaathvarfinu og verkalýðshreyfingunni

Að loknu námi starfaði hún hjá Kvænnaathvarfinu, fyrst við fræðslu en síðar sem framkvæmdastýra. „Það var mjög skemmtilegur tími. Það var rosaleg virkni í kvænna-baráttunni þá, við vorum í samstarfi

„Það er ótrúlegur subbuskapur sem viðgengst á íslenskum vinnumarkaði“

■ Drífa Snædal vill verða næsti forseti ASÍ ■ Margt líkt með Kvænnaathvarfinu og verkalýðshreyfingunni



DV/HANNA

við pólitíska flokka, kvenfélaga-sambandið og vorum við að berjast fyrir lagabreytingum sem eru nú flestar orðnar að veruleika. Það er fátt sem nær meiri árangri en þegar kvennakraftur er virkjaður.“

Tók það ekki á andlega að starfa með konum sem voru að flýja heimilisofbeldi?

„Jú, það gerði það. En maður fær líka að sjá konur blómstra eftir að hafa rofið einhvern vítahring. Þannig að þetta er mjög skemmtilegt starf. Þetta eru viðtöl, þar sem konur koma og ræða um aðstæður sínar, svo settum við á laggirn-ar studningshópa, svo voru konur

að koma til okkar til dvalar. Það gat auðvitað verið svakalegt.“

Drífa sér talsverð líkindi á milli þess að starfa hjá Kvænnaathvarfinu og innan verkalýðshreyfingarinnar. „Það getur líka verið svakalegt að taka á móti einhverjum sem hefur lent í ofbeldi á vinnumarkaði. Það geta verið ómurlæg mál, það geta verið mál þar sem verið er að stela af þeim launum eða verið að henda þeim út úr húsnæði í eigu atvinnurekenda.“

Þörf á Karlaathvarfi

Málin sem rata inn á borð verkalýðshreyfingarinnar eru marg-

visleg. Það heyrir á Drífu að hún hefur reynt að aðstoða marga sem hafa lent í mjög slæmum aðstæðum, aðstæðum sem margir Íslendingar eiga erfitt með að ímynda sér að eigi sér stað í okkar samfélagi. „Þessi heimur getur verið ógeðslegur og mannfyrirlitningin algjör. Þetta er eitt af mínum hjartans málum, að uppræta brotastarfsemi á vinnumarkaði því hún hefur ógeðslegar birtingarmyndir,“ segir Drífa og hikar. „Við verðum að átta okkur á því að fólk virðist vera svo sama um náungann. Fólk er kannski að vinna hlið við hlið; Íslendingur sem veit

Þeir sem þurfa að sýna mesta ábyrgð eru þeir sem bera mest úr bítum

allt um sín réttindi og skyldur, eins og Íslendingar eru góðir í, og útlendingur sem er nánast þræll. Þræll sem fær ekki útborgað og þarf að vinna við óboðlegar aðstæður. Það þarf að virkja alla til vitundar um hver það er sem eftir þig skítinn. Það er ótrúlegur subbuskapur sem viðgengst á íslenskum vinnumarkaði.“

Á þetta mest við um útlendinga?

„Útlendinga og ungt fólk, en sérstaklega útlendinga, þar sem þeir þekkja ekki réttindi sín og skyldur. Stundum eru þeir hræddir við stéttarfélagið og lögregluna, koma kannski frá landi þar sem þetta er hvort tveggja spillt. Við höfum mörg dæmi þess að fólk hefist fyrir að fara í stéttarfélagið, rekið í kjölfarið eða eitthvað. Það er mjög auðvelt að misnota fólk. Þetta er okkar daglega barátta að koma upplýsingum áleiðis til fólks.“

Leiðirnar til þess að misnota aðstöðu og þekkingarleysi fólks eru margar. Ný leið sem Drífa segir að sé að ryðja sér til rúms hér á landi virkar heiðarleg á yfirborðinu og til þess að hún virki þarf marga aðila og mikið fjármagn. „Þetta er svakalegt. Það eru gerðir ráðningarsamningar, gefnir út launaseðlar og allt það, en það er verið að hirða mestan hluta launanna í húsnæði, ferðir, líkamsræktarstyrki og alls konar. Það er bara verið að tína til alls konar kostnað til þess að ná peningunum aftur inn í fyrirtækið. Hugmyndaflugið er alveg endalaust þegar kemur að því að stela peningum og vinnuframlagi fólks.“

Til þess að vinna bug á þessu er verkalýðshreyfingin búin að byggja upp gott samstarf við lögregluna ásamt því að setja á laggirnar teymi til að kalla saman við sérstakar aðstæður. Vandinn er sá að kerfið er ekki búin að gera sér grein fyrir hvernig á að takast á við aðstæður fólk sem er nánast, eða hreinlega, þrælar. „Hingað kemur maður sem er með skráð lögheimili í sveitarfélagi sem hann hefur aldrei komið til og þá er kominn upp einhver ágreiningur upp hvaða félagsþjónusta í hvaða sveitarfélagi eigi að aðstoða hann. Á meðan er hann bara herna og hefur engan stað til að sofa á.“

Drífa hefur áhugaverða lausn á slíku vandamáli. „Við þurfum að setja á laggirnir Karlaathvarf. Eða við getum viðurkennt að við byggjum okkar velsæld á því að misnota annað fólk. Ef við gerum það ekki þá þurfum við að gera eitthvað í því.“

Heyrt ótrúlegustu nöfn

Markmið hennar í dag er að verða næsti forseti ASÍ. Verkefni næsta forseta ASÍ eru meðal annars að leiða verkalýðshreyfinguna í gegnum væntanleg átök á vinnumarkaði. Það myndi setja Drífu beint í skotlínu opinberrar umræðu á Íslandi, eitthvað sem hörðustu stjórnmalamenn hafa kveinkað sér undan undanfarin misseri. ►



ÞRIFX:

framsækið hreingerningafyrirtæki

ÞrifX er tíu ára gamalt hreingerningafyrirtæki á Akureyri sem hefur vaxið mikið síðustu tvö árin. ÞrifX veitir fjölbreytta og víðtæka þjónustu á sviði hreingerninga og þjónustar í senn einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

„Við höfum bætt við ýms-um þjónustuliðum undanfarið

ár til að veita viðskiptavinum heildstæðari þjónustu. Til dæmis keyptum við reksturinn Hrein tunna á árinu 2016 sem sérhæfði sig í tunnuhreinsun og hefur þessi þjónusta mælst vel fyrir hér á Akureyri. Við höfum einnig bílaþvott og hafa víðtökurnar verið vonum framar,” segir Vincent, framkvæmdastjóri

fyrirtækisins.

Sem fyrr segir veitir ÞrifX víðtæka þjónustu og leggur alltaf höfuðáherslu á gæði þjónustunnar og ánægða viðskiptavini. Sem dæmi um þjónustu ÞrifX við einstaklinga eru þrif eftir flutninga, heimilisþrif, teppahreinsun, gólfbónun, gluggaþvottur og margt fleira.

ÞrifX veitir fyrirtækjum og stofnunum margvíslega þjónustu og má þar nefna bónviðhald, hreingerningu og gluggaþvott.

Þjónustusvæði fyrirtækisins er fyrst og fremst á Akureyri en einnig sinnir ÞrifX verkefnum á Húsavík, Dalvík og víðar á Norðurlandi.

Á vefsíðunni thrifx.is eru

upplýsingar um þjónustuna og þar er hægt að senda inn fyrirspurnir og fá tilboð í verkefni. Þar er einnig hægt að panta bílaþvott og tunnuhreinsun með einföldum hætti. Upplýsingar eru einnig veittar í síma 414-2990.



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is



554 2510



Það fer eftir stjórnvöldum og viðsemjendum okkar hversu harður þetta verður

„Það er ekkert mál að verða heimsfrægur á Íslandi, hér er annar hver maður í opinberri umræðu,“ segir Drífa og hlær. „Nei, nei, þetta er ekkert sem ég óttast. Ég á ekki í neinum vandræðum með að tala máli umbjóðenda, tala máli þeirra sem hafa ekki aðgang að fjölmiðlum og enduróma það sem baklandið hefur samþykkt. Það sem mér finnst óþægilegt er að tefla sjálfri mér fram sem persónu, það er öðruvísi. Mín sýn á það að vera í félagasamtökum er að það á ekki að fjalla um persónu, þess vegna finnst mér það andstætt mínum hugmyndum að vera í persónukjöri,“ segir Drífa. „Þetta er bara eitthvað sem þarf að gera.“

Það hefur verið talað um að Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, ásamt fleirum, ætli sér að taka yfir ASÍ. Ert þú þeirra frambjóðandi?

„Ég hef ekki sóst eftir stuðningi frá neinum. Mér finnst bagalegt þegar það er verið að merkja ákveðna frambjóðendur. Ég hef verið í ágætis samskiptum við mjög marga anga innan verkalýðshreyfingarinnar, þá sem hafa komið nýir inn og þá sem voru fyrir. Það er mín hugmynd að allir geti unnið saman. Ástæða þess að ég býð mig fram er að ég fékk hvatningu úr öllum áttum. Þá hugsa ég, „ókei, ég á séns á að geta sameinað alla“, þess vegna finnst mér leiðilegt þegar verið er að eyrnamerkja frambjóðendur. Sérstaklega þegar það eru konur og það eiga að vera einhverjir karlar að spila þeim fram.“

Drífa hefur heyrt margs konar sögur og útfærslu á því hverjir eða hvaða öfl séu að baki hennar framboði. „Ég hef heyrt „Sólveig, Ragnar, Villi“, ég hef heyrt að það sé Gylfi Arnbjörns, ég hef heyrt að það sé Gunnar Smári eða Ögmundur Jónasson. Það eru alveg ótrúlegustu nöfn.“

Þó svo að þau standi ekki að baki þínu framboði, ert þú sammála Sólveigu Önnu, Ragnari Þór og Vilhjálmi Birgissyni um að það þurfi að gera róttækar breytingar?

„Já. Ég vil gera róttækar breytingar á samfélaginu. Það er hópur sem hefur setið eftir og það sem við höfum áorkað í kjarasamningum hefur verið hirt í húsaleigu og skertum bótum. Ég held að allir í verkalýðshreyfingunni séu sammála um þetta, þetta snýst bara um útfærslu. Lægsti tekjuhópurinn hefur tekið á sig miklu meiri skattbyrðar en hann gerði fyrir 30 árum þannig að þróunin hefur verið í átt að aukinni misskiptingu.“

Það hefur verið nokkuð rætt um misskiptingu og jöfnuð undanfarid, fram hafa stigið þeir sem segja misskiptingu ekki mikla og alls ekki að aukast. „Við erum ekki að tala um tekjumisskiptingu heldur eignamisskiptingu. Það er ekki hægt að undanskilja heila stétt fjármagnstekjueigenda sem eru ekki á launaskrá neins staðar.“



„Verkalýðshreyfingin er verkalýðspólitík“

Sérðu fram á blóðug átök á vinnu-markaði?

„Það fer allt eftir viðsemjendum okkar,“ segir Drífa og hlær. „Það er ekki í okkar höndum. Það er ekkert launungarmál að þetta misrétti sem fólk finnur á eigin skinni, daglega, það er eitthvað sem tilheyrir stjórnvöldum að bæta úr. Það þarf að draga úr misskiptingu í innheimtu skatta. Fólk á ekki að verða gjaldþrota bara því það veikist. Það þarf að afnema gjöld úr skólakerfinu og heilbrigðiskerfinu,“ segir Drífa. Skilaboðin sem hún vill senda til ríkisstjórnarinnar og þingsins eru skýr. „Stjórnvöld þurfa að koma með eitthvað í pakkann. Ekki síst við að leysa húsnæðisvandann. Það fer eftir stjórnvöldum og viðsemjendum okkar hversu harður vetur þetta verður.“

Er það í verkahring verkalýðs-

hreyfingarinnar að skipta sér af stefnu stjórnvalda, er það ekki kjósenda og þeirra fulltrúa?

„Verkalýðshreyfingin á að skipta sér af öllu. Þetta er hagsmunasamtök launafólks og allt sem snertir kaup og aðbúnað launafólks á Íslandi, kemur verkalýðshreyfingunni við.“

Er þá ekki verið að lauma inn vinstrisinnuðum áherslum bakdyramegin sem ekki tókst að koma á í þingkosningum?

„Verkalýðshreyfingin er verkalýðspólitík. Við vitum að fólk kys yfir sig ákveðna flokka og er svo ekkert ánægt með útfærsluna þegar það er komið í stjórnarráðið,“ segir Drífa og brosir. „Það er okkar hlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og þrýsta á um breytingar sem verða launafólki til góðs.“

Því skal haldið til haga að ASÍ fer ekki í verkfall og hefur ekki umboð til að gera kjarasamninga, ef

það kemur til þess þá eru það aðildarfélögin. Hlutverk ASÍ er að finna samhljóm meðal félaganna.

Kemur verkfall til greina?

„Það kemur allt til greina. Verfallsvopnið er mjög mikilvægt og launafólk verður að vera tilbúið að beita því. Það sem við eigum eftir að fá úr skorið eru kröfurnar, nú erum við að fá mynd af kröfum félagsmanna og hversu langt þeir eru tilbúnir að ganga. Þetta er bara matsatriði þegar tíminn kemur.“

Nú er talað um að of miklar launahækkningar séu ekki raunhæfar og geti beinlínis verið hættulegar stöðugleika efnahagslífsins. „Þetta er bara alltaf sama gamla sagan. Ég spyr á móti, stöðugleiki fyrir hvern? Erum við að tala um fólk sem getur ekki unnið fyrir sér eða vinnur en hefur samt ekki efni á því að borga húsaleigu, mat og lifa sómasamlegu lífi? Er það stöðugleiki sem við viljum? Við höfum farið í gengum uppgang og dýfur

og það að biðja launafólk um að viðhalda stöðugleika þegar það getur varla séð fyrir sér er forhert. Forhert.“

Þurfa að hætta að smyrja

Vilhjálmur Birgisson, verkalýðsleiðtogi á Akranesi, hefur verið háværi í gagnrýni sinni á fyrirkomulag launahækkana. Hann hefur margsinis sagt að prósentuhækkningar séu einungis til þess að breikka launabilið. Það sem þurfi að gera sé að semja um krónutöluhækkningar.

Það má segja að við séum von að heyra talað um prósentur í kringum kjarasamninga, er hægt að semja upp á krónutöluhækkningar til að þær haldist og verði ekki breytt í prósentur fyrir þá sem eru hærra í launakeðjunni?

„Þá verða allir að sýna ábyrgð. Þeir sem þurfa að sýna mesta ábyrgð eru þeir sem bera mest úr bótum. Þeir verða þá að sýna ▶

LINDARFISKUR :

Ferskastí fiskurinn á landinu

Lindarfiskur er lítið fjölskyldufyrirtæki staðsett í Meðallandinu rétt austan við Vík. „Móðir mín er frá þessari jörð og er staðurinn algjörlega einangraður. Aðalverðmætin á jörðinni er allt þetta tæra lindarvatn sem streymir hér beint úr eldhrauninu og því er staðurinn fullkominn fyrir bleikjueldi,” segir Drífa Bjarnadóttir, einn eigandi Lindarfisks. „Við fjölskyldan eigum og rekum Lindarfisk saman. Það eru ég og maðurinn minn, Árni Jóhannsson, systir mín, Sigrún Bjarnadóttir, og foreldrar okkar, þau Helga Ólafsdóttir og Bjarni Jón Finnsson,” segir Drífa.

Alger sjálfbærni

Fyrstu bleikjuhrognin voru tekin hjá fyrirtækinu árið 2011 og síðan þá hefur Lindarfiski svo sannarlega vaxið fiskur um hrygg. „Við stefnum að algerri sjálfbærni og gerum því allt sjálf. Nýlega fengum við okkur svin sem éta nánast allan afskurðinn af bleikjunum og afgangurinn er svo notaður í áburð. Fiskinn vinnum við alfarið á svæðinu. Það hefur gengið hægt en örugglega að koma

fyrirtækinu á þann stað sem það er í dag og munum við von bráðar selja vörur okkar í stórmarkaði. Við höfum meðal annars hannað neytendumbúðir sem eru svartar og nær ógegnsæjar til þess að stuðla að ferskari og betri vöru. Að auki höfum við hugsað okkur að fara í útflutning á eldisbleikju, enda erum við með ótrúlega ferska vöru í höndunum,” segir Drífa.

Tæra vatnið, ferskastí fiskurinn

„Við leggjum mjög mikið upp úr ferskleika, það er eitthvað sem við getum bara alls ekki slegið af hérna hjá Lindarfiski. Hrognin fáum við frá kynbótastöðinni á Hólum í Hjaltadal sem framleiðir fyrsta flokks hrogn. Þau ölum við svo hér í Meðallandinu í kerjum og svokölluðum lengdarstraumsrennum. Hér rennur ferskt og tært vatn beint úr lindaruppsprettum og fiskurinn er eins ferskur og getur orðið,” segir Drífa.


Hafðu samband

„Við erum aðallega að selja bleikju til veitingastaða sem undantekningalaust lofa bleikjuna okkar í hástert,”

segir Drífa. Enn sem komið er selur Lindarfiskur ekki vörur í stórmörkuðum en til þess að versla beint við Lindarfisk er hægt að hringja í Drífu í síma 663-4528 eða senda henni netpóst á drifa@lindarfiskur.com.

Nánari upplýsingar má nálgast á Lindarfiskur.com eða Facebook: Lindarfiskur.

Einnig heldur Lindarfiskur úti síðu á Instagram : [lindarfiskur](https://www.instagram.com/lindarfiskur), sem er stórskemmtilegt að fylgjast með.



Það elska allir bleikjuna frá Lindarfiski.



„Meðallendið er uppeldisstaður mömmu,” segir Drífa.



Ferskur fiskur úr tærri lind.

ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Hellulagnir, Þökulagnir, Jarðvegs-
skipti, Beðahreinsun, Trjáfellingar,
Trjáklippingar og margt fleira.



Austurkór 63, Kópavogi
Sími: 859 7090

Gardapjónusta Kópavogs

[facebook.com/gardakop](https://www.facebook.com/gardakop)
gardakop@gmail.com

“Hugmyndaflugíð er alveg endalaust þegar kemur að því að stela peningum og vinnuframlagi fólks.

þá ábyrgð að vera ekki alltaf að smyrja ofan á sín eigin laun.“

Nú hefur þú komið að samningaborðinu með Samtökum atvinnulífsins. Vilja þeir krónutöluhækkanir?

„Þeir hafa nú verið meira í prósentum, frekar lágum prósentum,“ segir Drífa og hlær. „Þeir mátu svigrúmið upp á 2,5 prósent árið 2015. Við sömdum upp á 20 til 30 prósent í krónutölum, það er ekki mjög mikið fyrir lægst launaða hópinn.“

Drífa bendir á að það séu ekki allir alltaf á einu máli innan ASÍ, það sé eðli samtaka sem telji meira en 130 þúsund manns. „Þeir sem hafa lægstu launin vilja semja upp á krónutölu en svo erum við auðvitað með millitekjuhópa innan ASÍ sem vilja semja um bæði krónutölu og prósentur, það hefur yfirleitt verið niðurstaðan yfir línuna.“

Ávinningur af því að hækka lægstu launin

Hagfræðingur Viðskiptaráðs sagði í viðtali nýverið að það væri stærðfræðileg staðreynd að láglaunafólk verði með hærri laun en forstjórar ef núverandi launaþróun héldi áfram. Drífa sér það ekki gerast. „Ég held að ég geti alveg staðfest það að launabil á milli verka-



manna og forstjóra fyrirtækja hefur aukist mjög mikið ef við skoðum síðustu fimm árin. Ég er með tölur frá Norðurlöndunum þar sem bilið hefur margfaldast, þetta er eitthvað sem ég sé fyrir mér að ASÍ geri, að útbúa skýrslur aftur í tímann um launabil innan fyrirtækja.“

Hún segir að þolið gagnvart launabili, það er hversu margföld laun þeir hæstlaunuðu eru með samanborið við þá sem hafa

lægstu launin innan sama fyrirtækis eða stofnunar, hafi aukist verulega síðustu þrjú áratugi. „Við sjáum það bara með því að skoða gamlar umræður þar sem talað var um að enginn ætti að vera með meira en tvisvar eða þrisvar sinnum hærri laun en einhver annar. Núna er líka launabil innan ríkisins að aukast mjög mikið. Mér þætti mjög áhugavert að sjá úttektir á stórum vinnustöðum eins og Háskóla Íslands og Landspítal-

anum. Ég vil að umræðan þróist í þá átt að stórir vinnustaðir og launagreiðendur geri sér starfskjarastefnu um hvað sé ásættanlegt launabil.“

Hvernig sérðu slíkt verða að veruleika?

„Við getum gert þá kröfu að þessu verði gerð skil í ársreikningum fyrirtækja, hvernig launadreifingin sé. Mér finnst eðlilegt að þeir sem selji vinnuna sína viti hvernig launin dreifast á sínum

vinnustað.“

Tekur hún sem dæmi einhvern með 400 þúsund krónur í mánaðarlaun í fullu starfi hjá fyrirtæki þar sem framkvæmdastjórinn er með rúmar tvær milljónir í mánaðarlaun. „Það er fimmfalt launabil. Er það eðlilegt? Segjum sem svo að það væri svo sett starfskjarastefna þar sem kveðið er á um ferfalt launabil, þá hefðu hæst launuðu starfsmennirnir ávinning af því að hækka lægstu launin.“ ■

Rab, Salomon, Don cano -fullkomin þrenna

Dúnúlpur og microlight jakkar frá Rab. Ný kynslóð.

Rab



X ULTRA MID
Verð 26.995 kr.



SPEEDCROSS 4
Verð 19.995 kr.



salomon

Don cano vörurnar komnar aftur. Einstök hönnun og framleiðsla.



Íslensku
ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafen 12 / 108 Reykjavík / Sími 534 2727 / alparnir.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Myndir: Hanna

Fyrirgefning er lykkillinn að hamingjunni

- Jákvæðnin bjargaði henni úr erfiðleikum
- Shailene Woodley á Íslandi vegna RIFF

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Mér finnst eins og Ísland sé eini staðurinn í heiminum þar sem fólk og náttúra eru ekki í kappi um tilverurétt," segir bandaríska leikkonan Shailene Woodley, en hún er heiðursgestur og dómari á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík.

Shailene hefur farið víða og fór nýlega með burðarhlutverk í nýjustu kvikmynd Baltasar Kormáks, Adrift. Hún er einnig þekkt fyrir leik sinn í þáttunum Big Little Lies og Divergent-kvikmyndunum ásamt The Fault in Our Stars og The Descendants, en fyrir þá síðastnefndu var hún tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkona í aukahlutverki. Bládamaður DV settist niður með leikkonunni og ræddi við hana um nýfundnar lexíur í faginu, hryllingsmyndir, Baltasar og - vitaskuld - litla Ísland.

„Þetta land hefur þetta jafnvægi sem sjaldgæft, ef ekki ómögulegt, er að finna annars staðar í heiminum. Ég gæti haft rangt fyrir mér, því ég þekki ekki til stjórnmalanna hérna, en sem utanaðkomandi finnst mér náttúran algjörlega fá að njóta sín," segir Shailene. „Þetta gerir mig bæði mjög spennna fyrir því að kynnast meira af Íslandi en um leið örlítið sorgmædda í garð restarinnar af heiminum.“

Hlutleysi mikilvægast

Shailene hefur aðeins einu sinni áður komið til landsins en tekur fram að fyrri heimsókn hennar hafi verið í styttri kantinum. Nú er hún stöð hér til þess að horfa á kvikmyndir frá öllum heimshornum og njóta dvalarinnar eins og mögulegt er. Hún kveðst ekki hafa lagst í neina rannsóknarvinnu vegna þeirra kvikmynda sem hún mun dæma því hún vilji njóta hvers verks og horfa með hlutlausum augum.

„Að vera í dómnefnd gefur manni tækifæri til þess að fylgjast með ýmiss konar kvikmyndagerðarfólki og leikurum sem eru að skapa ótrúleg og heillandi verk sem eiga annars auðvelt með að tynast úti í hinum stærri heimi. Þess vegna er ég mjög þakklát fyrir að fá að kynnast svona mörgum alþjóðaverkum og listamönnum," segir hún.

Leikkonan tekur fram að hún hafi enn ekki horft á neinar íslenskar kvikmyndir fyrir utan

„Ég myndi vinna með Balta aftur“

þessar sem Baltasar hefur gert en segist almennt vera mikil alæta á kvikmyndir. Hins vegar bætir hún við að ef einhver geiri kvikmyndagerðar slái á veikan blett, sé það hrollvekjann.

„Ég sá margar hrollvekjur þegar ég var yngri og þær voru lífeynsla fyrir mig. Yfirleitt voru þetta myndir sem eru ekki taldar sérlega drungalegar, en ég á sérlega erfitt með hryllingsmyndir, því ég get verið mjög ímyndunarveik og hrollvekjur geta átt það til að setja hugann alveg á flug. Ef eitthvað slæmt gerist í þannig mynd og ekki síður að kvöldi til, þá er ég alveg sannfærð um að hið sama muni koma fyrir mig. Þannig virka ég. Það er auðveldara fyrir mig að fyllast skelfingu út frá eigin hugsunum en hitt.“

Samvinnufúsari en flestir

Kvikmyndin Adrift var sýnd á RIFF í tilefni heimsóknar leikkonunnar, en fyrir þá sem ekki vita er um að ræða sannsögulega mynd um Tami Oldham og unnusta hennar, Richard Sharp (leikinn af Hunger Games-leikaranum Sam Claflin). Saman ætluðu þau að sigla frá Tahítí til San Diego árið 1983 en á miðri leið lentu þau í fellibylnum Raymond. Þegar óveðrið var gengið yfir sáust miklar skemmdir á bátnum og var unnustinn horfinn.

Shailene fer fögrum orðum um Baltasar Kormák (eða „Balt“, eins og leikkonan kallar hann) og tekur fram að hún hafi verið mikill aðdáandi hans, bæði persónulega og faglega, meðan á tókum á Adrift stóð. „Hann Balt er æðislegur. Ég myndi 100 prósent vinna með honum aftur, sama hvert verkefnið væri," segir leikkonan.

„Það munaði svo miklu að hafa einhvern nálægt sem er sjálfur svo tengdur náttúrunni og skilur hvað þarf til þess að ná ákveðnum stílblöggðum. Hann gaf líka bæði leikurum sínum og tókuliði mikið valfrelsi og leyfði þeim að vera með í sköpunarferlinu. Að geta deilt listsköpuninni með öðrum og vinna náði með fólki er hæfileiki sem, í hreinskilni sagt, mér þykir ekki



Sam Claflin and Shailene Woodley star in ADRIFT
Courtesy of STXfilms

margin búa yfir. Hann er samvinnuþýðari en margir, ef ekki flestir, sem ég hef unnið með og ótrúlega sjálfsöruggur í sínu fagi. Í minni reynslu lendir maður oft í því að þú annaðhvort skyggir á leikstjórnann eða þeir skyggja á þig og það er svakalega mikill léttir að geta unnið með leikstjóra sem veit alveg hvað hann vill, sem er ófeiminn með sína sýn á verkið en er samt sem áður opin fyrir framlögum eða breytingum ef það smellpassar fyrir verkið eða báða einstaklinga.“

Fyrirgefning og ofsapreyta allsráðandi

Shailene segir myndina oft vera talda hamfaramynd vegna misskilnings; hún sé sögð einblína á konu í baráttu við náttúruöflin. Leikkonan lítur hins vegar þveröfugt á framsetninguna og sér myndina sem sögu af konu sem vinnur með náttúruöflunum. „Ástæðan fyrir því að Tami lifði af, að mínu mati, er sú að hún var reiðubúin til þess að fyrirgefa hafinu á jafn skömmum tíma og það tók hafið að hrifsa allt frá henni og særa hana. Í raun og veru veiddi Tami aldrei neinn fisk, einmitt vegna þess að hún vildi ekki gera hafinu meiri skaða," segir hún.

„Sagan sýnir að hún varð að finna þessa fyrirgefningu í sér til þess að komast lífs af og fyrir mér er fyrirgefning eitt sterkasta afl lífsins og lykkillinn að því að finna hamingju, að taka sjálfan sig í sátt. Það að geta fyrirgefið einhverju sem tók svo margt frá henni finnst mér skipta ótrúlega miklu.“

Aðspurð hvað hafi verið mest


krefjandi við tókurnar segir hún ofsapreytu hafa átt stóran þátt í aðstæðum. „Sumir tökudagarnir voru hátt í fjórtán klukkutíma langir, sem hljómar kannski ekkert gríðarlega mikið, en þegar þú bætir opnu hafi við þitt vinnuumhverfi getur það tekið á. Í ofanálag þurftum við Sam að léttast talsvert fyrir okkar hlutverk. Að geta lítið sem ekkert borðað og þurfa að glíma við náttúruöfl er gríðarlega krefjandi, sérstaklega þar sem við þurftum að nota líkama okkar mikið og sáum um mestan áhættuleikinn okkar sjálf," segir hún en bætir við að það sé lítið hægt að setja út á neitt.

„Ofsapreytan var svo sannarlega erfíð, en mér finnst erfitt að kvarta undan vinnunni minni þegar ég fékk tækifæri til þess að horfa á sól- og sólsetrið á hverjum degi. Ef ég var komin á einhvern stað þar sem ég fann fyrir slæmri tilfinningu andlega, þá reyndi ég að snúa henni við og hugsa um eitthvað jákvæðara.“

Aftur á byrjunarreit

Shailene hefur verið leikkona frá fimm ára aldri en segist aldrei hafa lært jafnmikið á fagið og á seinustu misserum. Ástæðuna fyrir því segir hún vara stærstu fyrirmynd sína: Meryl Streep. Þær Shailene unnu saman við aðra seríu af Big Little Lies, en þættirnir hafa hlotið feikigóðar viðtökur og Shailene hélt ekki vatni yfir samstarfinu við Óskarsleikkonuna. „Hún er nú Meryl Streep af ástæðu!" segir Shailene sæl.

„Það er ekki til meiri meistari



og ég skildi við upplifunina á þessum þáttum uppfyll af innblæstri en samt leið mér eins og ég ætti svo mikið eftir ólært. Ég á mikið eftir að þroskast og þróa mig áfram og henni tókst að efla mig á svo marga vegu. Eftir að hafa unnið með henni fannst mér ég vera aftur komin á byrjunarreit í leiklistinni. „Ég kann í rauninni ekki neitt," hugsaði ég og ef ég taldi mig kunna eitthvað, þá hafði ég rangt fyrir mér. En eins furðulega og það hljómar, þá er ákveðin spennan í því. Að nota þennan byrjunarreit og fá þessa tilfinningu sem ég hef aldrei upplifað. Þegar einhver í sambærilegri stöðu og ég hefur upplifað mikla velgengi, þá verður ákveðin aðferðafræði og vinnurúttina til úr því hvernig maður nálgast hlutverk og þess háttar. Að strípa það allt saman burt er einmitt það sem ég þurfti.“ ■



GÆÐI • ÞEKKING • ÞJÓNUSTA

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í YFIR 65 ÁR

Gæðahreinsun | Þvottahús | Dúkaleiga
Fyrirtækjapjónusta | Sækjum & sendum



Efnalaugin Björg | Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík | Sími: 553-1380

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



Fólkið í nektarþorpinu

Núdistar og swingarar

Í septembertölublaði Man magasín er grein eftir ykkar einlæga um heimsókn í nektarþorpið Cap d'Agde síðasta sumar. Án þess að endurtaka skrif mín þar má í stuttu máli segja að þorpið sé helgað núdistum á daginn og swingurum á kvöldin. Núdistar eru þeir sem njóta nektar í daglegu lífi, swingarar eru þeir sem njóta þess að stunda kynlíf eða kynferðisleg samskipti með fleirum en gengur og gerist á vísitöluheimilinu. Stundum skarast þessir hópar.

Þannig er daglegt brauð að sjá nakið fólk svífa um ganga matvöruverslana og lesa utan á túnfiskdósir, eða þiggja klippingu á hárgreiðslustofu kviknakið. Nekt er samþykkt og sjálfsögð, en fólk er líka frjálst að klæða sig að vild. Heilu fjölskyldurnar njóta sólar og sjávar á tveggja kílómetra strandlengjunni sem tilheyrir svæðinu.

Á kvöldin, þegar börnin hafa verið svæfð, kveður hins vegar við annan tón, en þá ríkjá losti og lystisemdir holdsins í bland við dúndrandi tónlist og litríka drykki. Eftir að sólin sest aukast líkur umtalsvert á að sjá fólk í klæðum – og ekki vegna lægra hitastigs, heldur kyntjáníngar, ef svo má að orði komast. Leður, latex, blúndur og spandex í bland við meiri nekt en gengur og gerist í almennu næturlífi er málið. Atlot á almannaferi eru algeng, og í sérstökum klúbbum innan svæðisins má stunda allt það kynlíf sem hugurinn gírnist – vitaskuld að því gefnu að aðilar séu samþykki.

Þorpið er afgirt og alls ekki einfalt mál að fá inngöngu. Til þess þarf að greiða sérstakt gjald (hóflegt), sýna vegabréf, og bókonarstaðfestingu fyrir gistingu ef dvelja á lengur en dagstund. Slæm hegðun innan veggjanna veldur umsvifalausri brottvísun og svartlistun.

Síðan greinin kom út, og í raun frá því að ég byrjaði að fjalla um swing og óhefðbundnar leiðir í samböndum og kynlífi fyrir nokkru, hafa ótal spurningar rekið á fjörur mínar, sérstaklega frá fólkum sem er spennit fyrir swingi en óttast að passa ekki inn í hópinn. Forvitni leikur á því hvers konar fólk leggur leið sína í kynlífsklúbba, swingarapartí eða þriggja vikna dvöl í kynlífs- og nektarþorpi í Suður-Frakklandi. Sumir hræðast að mæta í klúbb eða partí, aðeins til að komast að því að gestir séu allir „ljótir“ eða „ósexí“. Eins og þeir verði knúir til að sleikja sér leið út af staðnum. Hér er vert að minnast á að enginn er þvingaður til nektar eða kynlífs – það má alveg mæta og horfa á, og fólk þarf ekki að taka þátt í neinu svo lengi sem siðareglur eru ekki brotnar.

Í samfélagi okkar er swing ennþá talsvert feimnismál, nokkuð sem fæstir vilja bera á torg. Ég hef ekki ennþá birt viðtal við swingara undir nafni og mynd. Það hef ég hins vegar gert við fólk sem er virkt innan BDSM-senunnar og hefur opnað sig um ýmis blæti og kynlíf sem telst til hins óvenjulega. Líklega eru hlutirnir að breytast og kannski fylgja swingararnir í fótspor kinkí-fólksins fyrr en varir. Hvað kemur það líka öðrum við hvernig kynlífi við kjósum að lifa, og með hverjum? Ef allir eru samþykki og njóta þess sem stundað er ættum við að samgledjast í stað þess að láta smjatt og kjaftagang ná yfirhöndinni.

Ég settist því niður og hugsaði um gesti klúbbanna sem ég hef sótt, já, og fólk í Cap d'Agde, og íslensku swingaranna sem ég hef kynnst. Auk þess leitaði ég til nokkurra úr íslenska hópnum um það hvernig þau mundu lýsa swingurum. Það leiddi til eftirfarandi þælinga:

„Þú finnur ekki marga bláhærða atvinnulausa“

„Mér finnst alls ekki auðvelt að lýsa hópnum, nema að tala um fjölbreytnina. Alls konar fólk stundar swing og oft á það ekkert annað sameiginlegt.“
Karl, 40 ára

„Yfirleitt swinga þeir sem þú átt síst von á að geri það.“ Karl, 42 ára

„Ég get ekki lýst týpunni sem stundar swing, mér finnst hópinn bara flottur þverskurður af samfélaginu, svona eins og í klúbba sem spilar bridge eða félagsvist. Kannski væri hægt að tala um týpu sem fer í skátana eða hjörgunarsveit – það fólk á þó eitthvað sameiginlegt. Í swingi er fjölbreytnin mikil en kannski lítið um jadartýpur. Þú finnur ekki marga bláhærða atvinnulausa.“
Kona, 41 árs

„Það er engin ein tegund af fólkum, nema kannski að flestir eru á miðjum aldri, eða að nálgast hann. Spurning um að hvetja unga fólk til dáða. Þau eru að missa af svo miklu!“
Karl, 40 ára

„Fólk á það sameiginlegt að vera jákvætt og opið fyrir sér og öðrum. Almennit opnara fyrir nýjum og nánari kynnum en gengur og gerist. Yfirleitt er um þör að ræða, en stundum koma einstaklingar. Það er auðveldara fyrir konur en karla. Reynslan sýnir að þeir eiga mun erfðara með að fylgja reglum og skilja ekki alltaf þetta smáatriði með samþykki.“
Kona, 45 ára

„Við höfum hitt alls konar fólk í swingi. Sumir eru meðal okkar bestu vina í dag, en öðrum höfum við ekki átt samleið með. Bara eins og á öðrum sviðum lífsins.“
Kona, 44 ára

„Swingarar eru einstaklega skemmtilegt og opið fólk. Yfirleitt á miðjum aldri, vel menntað og á góðum stað í lífinu bæði með sjálfan sig og hjónabandið. Þú getur aldrei pikkað út úr mannföldanum hver er swingari og hver ekki því það er ólíklegasta fólk í þessu. Lífið eftir

swingið er svo mikið skemmtilegra þar sem við erum búinn að eignast svo mikið af dásamlega skemmtilegum vinum.“

Kona, 45 ára

„Mín reynsla er að hinir dæmigerðu swingarar séu þar milli fertugs og fimmtugs, búin að vera í sambandi í 10 ár eða meira og börnin komin á legg. Þau eru í góðum störfum, hann er iðnaðarmaður og hún sérfræðingur í heilbrigðis- eða félagsþjónustu. Þau teljast líklega til millistétta, eða efri millistétta og eiga afgang eftir reikningana um hver mánaðamót. Þau ferðast talsvert og nota iðulega tækifæri til að heimsækja kynlífsklúbba í borgarferðum. Nokkrir í vinahópnum vita af swinginu, en alls ekki allir, og þá mundi aldrei gruna neitt!“

Ragga, 47 ára

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi
Tímabantanir og spurningar: raggaeiriks@gmail.com

www.raggaeiriks.com



Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi.
raggaeiriks.com
raggaeiriks@gmail.com

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**
WWW.CASTELLO.IS

Castello
PIZZERIA

Dalvegi 2, 201 Kópavogi -
Dalshrauni 13, 220 Hafnarfirði



MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.


Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Tímarvélín



SMÁPIANÓ nýtt, selt með afslætti þrátt fyrir verðhækkun og innflutningsbann: Sími 702.

Gamla auglýsingin

Morgunblaðið 6. nóvember 1931



Franski spítalinn. Lindargötu 51.

BJARGRÆÐI FRANSKA SPÍTALANS

Atvinnuleysið sem fylgdi kreppunni miklu olli því að fjölmargir Íslendingar áttu ekki til hnifs og skeiðar. Atvinnuleysistryggingar komu ekki til sögunnar fyrr en árið 1936 og því voru margir upp á náð og miskunn samborgara sinna komnir. Franski spítalinn varð einn helsti bjargráðastaður Reykvíkinga á fyrstu árum kreppunnar.

Franski spítalinn við Lindargötu 51 hafði áður verið athvarf Íslendinga á neyðartímum. Árið 1918 kom spænska veikin til landsins og lögðust þá margir þar inn. Einnig í miklum tauga-veikifaraldri rúmum áratugum fyrr. En í kreppunni miklu kom fólk þangað vegna hreinnar örbirgðar en ekki veikinda.

Þetta var fólk sem hafði ekkert lífsviðurværi, átti ekki fyrir mat og hafði misst húsnæðið. Til bráðabirgða gat þetta fólk gíst í spítalanum á meðan pláss leyfði. Húsið var eitt af þeim glæsilegustu í Reykjavík, reist um aldamótin til að sinna frönskum sjómönnum.

Sannkallað neyðarástand ríkti og neituðu margir leigusalar að hleypa fólki inn nema það borgaði heilan vetur fyrirfram. Hundruð fjölskyldna um allt land voru leystar upp og meðlimum holað niður hér og þar.

Þann 2. janúar árið 1932 tók mótuneyti safnaðanna til starfa í Franska spítalanum. Tíu þúsund máltíðir voru gefnar þann vetur og 40 þúsund þann næsta. ■



KREPPAN KEMUR TIL ÍSLANDS

Umbætur í skugga örbirgðar

Gúttóslagurinn Tugr lög-
reglumanna lágu óvígir eftir.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Heimskreppan mikla hófst þann 29. október árið 1929 þegar hlutabréf hríðfelli á markaðnum á Wall Street í New York. Eins og gárur á vatni komu áhrifin hingað ári síðar og vörðu þau lengur á Íslandi en á flestum öðrum stöðum. Má segja að allur fjórði áratugurinn hafi litast af kreppunni og þeirri fátækt og átökum sem henni fylgdu. Engu að síður var þetta sá tími þegar almenningur fékk bragarbót á mörgum sviðum þjóðlífsins.

Tugir slösuðust í götuóeirðum

Síldin kom og síldin fór og síldin hríðfelli í verði haustið 1930, alls um þriðjung verðgildis og langt umfram verð á innflutningi. Orsakaði þetta mikinn ójöfnuð á milli inn- og útflutnings sem leiddi til þess að atvinnulífið dró saman seglin og fólk missti vinnuna.

Kreppan skall á landinu með mismiklum þunga. Mest í sjávarplássunum í Hafnarfirði, á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ástandið

var skárri í landbúnaðarhéruðum á Norðurlandi og Suðurlandi. Einnig í Reykjavík þó að áhrifin væru töluverð þar einnig.

Veturnir voru verri en sumrin en sveitarfélögin reyndu að halda uppi atvinnubótavinnu til að fólk gæti dregið fram lífið. Á veturna var atvinnuleysið yfirleitt í kringum átta prósent. Atvinnubótavinnan kostaði hins vegar sitt og strax árið 1932 vildi bæjarstjórn Reykjavíkur lækka kaupið um 30 prósent.

Þann 9. nóvember átti að leggja tillöguna fram á fundi í Góðtemplarahússins, eða Gúttó. En þá var gerður adsúgur að húsinu og mikil mótmæli hófust innandyra. Mótmælin leystust upp í slagsmál og færðust út á götu. Börðust þar verkamenn við lögregluþjóna borgarinnar og var barist með kylfum, stólfótum og öllu sem hönd á festi. Lauk þeirri rimmu með því að lögreglan hörfaði og bæjarstjórn hætti við tillöguna. Meira en 20 lögreglumenn slösuðust en enginn lést í óeirðunum.

Kommúnistar voru sagðir ábyrgir en sá flokkur hafði verið stofnaður tveimur árum áður sem klofningur úr Alþýðuflokkn-



Verkfall Vorið 1933 á Akureyri.

um. Líkt og víða í Evrópu voru kommúnistar á uppleið og kreppu-ástandið bjó til jarðveginn. Á Íslandi náðu þeir hins vegar ekki teljandi áhrifum fyrr en undir lok kreppunnar þegar þeir sameinuðust Héðni Valdimarssyni og stuðningsmönnum hans og mynduðu Sósíalístaflökkinn.

Framsóknarmenn voru við völd í kreppunni og tryggðu þeir að bændur gætu haldið úti búskap með lánum úr sérstökum sjóðum. Útflutningstekjurnar komu hins

vegar nær eingöngu frá útgerðinni sem stóð virkilega höllum fæti. Verð á saltfiski og síld féll og tollar voru settar á íslenskan fisk í Bretlandi. Árið 1936 hófst borgarastyrjöldin á Spáni, einu af helstu útflutningslöndum Íslands, og varð það til þess að framlengja kreppuna hér heima.

Skorið var við nögl alls staðar í þjóðfélaginu og innflutningshöft sett á. Þessi haftastefna átti eftir að setja mark sitt á íslenskt samfélag í marga áratugi.

SKOTIÐ AÐ ÍSLEIFI HÖGNASYNI

Verkalýðsforingi í ólgusjó

Áðfaranótt þriðjudagsins 26. janúar árið 1932 var Ísleifi Högnasyni, verkalýðsleiðtoga í Vestmannaeyjum, sýnt banatílræði. Skotið var inn um glugga á heimili hans og minnstu munaði að kúlan hæfði hann. Heitar deilur voru í Vestmannaeyjum á þessum tíma í tengslum við útgerðarmál og gekk Ísleifur þar fremstur í flokki fyrir réttindum verkafólks.

Mánudagskvöldið 25. janúar bauð Ísleifur sex mönnum heim til sín eftir fund í félagi sínu og bjuggu þeir sig undir að fara klukkan eitt um nóttina. Rigning var úti, snjólaust og ekki dimmt. Ísleifur gekk um íbúðina fram hjá einum glugganum þegar skotið var frá götunni. Minnstu munaði að kúlan hæfði Ísleif og gat kom á rúðuna sem var úr svokölluðu vitagleri.

Mennirnir þorðu ekki að fara út fyrir en þegar þeir skygndust út sáu þeir engan. Ekki heldur fundu þeir byssukúluna í herberginu. Þegar þeir loksins þorðu út sáu þeir engan fyrir utan en kölluðu til bæjarfógeta til að rannsaka málið.

Skotið var talið hafa komið úr riffli og málið rannsakað sem til-



Ísleifur Högnason. Stóð við glugga þegar kúla fór í gegnum rúðuna.

ræði. Talið var að skotið hafi geig- að vegna þess að tilræðismaðurinn hafi verið í töluverðri fjarlægð en auk þess var glerið í rúðunni þykkt.

Kommúnistar voru fljótir að setja atvikid í samhengi við annan fund sem var haldinn þetta kvöld í Breiðabliki. Þar komu saman stór-útgerðarmenn sem voru helstu andstæðingar Ísleifs og verkalýðsfélagsins. Ekki voru hins vegar allir sammála um að tilræðið hefði átt sér stað. Hægrimmenn héldu því fram að annaðhvort hefði gatið verið eftir steinvölu eða þá að Ísleifur hefði sviðsett atvikid. Ísleifur settist síðar á Alþingi fyrir Kommúnistaflokkinn og Sósíalístaflökkinn. ■

GJAFAVA VÖRUDAGAR



GJAFAVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mikil ólga var á vinnu- markaði, verkföll og slagsmál nær daglegt brauð

Landspítali, útvarp og strætó

Mikil ólga var á vinnu- markaði, verkföll og slagsmál nær daglegt brauð. En þrátt fyrir það var sam- takamáttur þjóðarinnar það sterkur að mörgum af helstu þjóðþrifa- verkefnum aldarinnar var hrundið af stað.

Í desember árið 1930 var Landspítalinn opnaður við Hringbraut. Sama ár hófust útsendingar Ríkisútvarpsins og Austurbæjar- skólinn, einn sá fullkornasti á Norðurlöndum, var opnaður. Ári síðar hófu Strætisvagnar Reykja- víkur að keyra um borgina, átta vagnar alls, og fyrsta dagheimil- ið var opnað fyrir börn. Húsnæðis- skorturinn minnkaði í Reykja- vík þegar verkamannabústaðirnir við Hringbraut voru fullgerðir árið 1932 og sama ár var vegurinn á milli Reykjavíkur og Akureyrar akfær fyrir bifreiðar.

Einhverjar mestu umbætur verkafólks, almannatryggingarnar, voru gerðar árið 1936, líkt og skóla- skylda sjö ára barna en ári áður hafði áfengisbanninu verið aflétt. Afþreying borgarbúa jókst til muna árið 1937 þegar Sundhöll Reykja- víkur var fullkláruð.

Það sem vantaði hins vegar var næg atvinna og bættur efnahagur. Það kom með Bretanum vorið 1940, hálfu ári eftir að hildarleikurinn í Evrópu hófst. Þúsundir dáta komu til landsins og þurftu að koma upp aðstöðu fyrir sig og hertól sín. Hús, vegir, brýr og flugvelli þurftu að rísa á met tíma og Íslendingar gátu fengið vel borgað fyrir það. ■

HANNIBAL RÆNT Í BOLUNGARVÍK

Bátsmennirnir handteknir

Vestfirðir voru sá staður þar sem kreppan beit hvað sárast og því brýnt að samstaða verkafólks væri traust. Í Bolungarvík gekk hins vegar illa að koma saman verka- lýðsfélagi og var Hannibal Valdi- marsson loks fenginn til þess árið 1931. Það gekk hins vegar ekki bet- ur en svo að Hannibal var tekinn höndum og fluttur nauðugur úr bænum.

Hannibal, síðar þingmaður og ráðherra, var verkalýðsforingi á Ísafirði í þá daga. Vorið 1931 varð hann við beiðni Verkalýðssam- bands Vestfjarða um að stofna fé- lag á Bolungarvík og bjó hann hjá Guðrúnu systur sinni á meðan.

Hann tók sinn tíma, ræddi við fólk og sá að mikil örbirgð var á staðnum en heimamenn voru þó tvístígandi við að stofna félag. Fólk var hreinlega hótad upp- sögnum ef það myndist slíkum samtökum.

Loks voru fundir haldnir í maí með liðsinni Sveins Halldórssonar skólustjóra og séra Páls Sigurðs- sonar. En andstæðingar mættu á fundinn og var mönnum nokkuð heitt í hamsi. Síðar í mánuðin- um var félagið hins vegar stofn- að þó að stofnfélagarnir væru ekki margir.

Ekki var fallist á launakröfur fé- lagsmanna um haustið og taxtinn langt frá því að tryggja fólk lífs- viðurværi. Boðað var því til verk- falls um vorið. Eftir nokkurra daga verkfall gáfust atvinnurekendur upp og sömdu við hið nýstofn- aða félag og fékk það þar með lög- mæti. En illindunum linnit hins vegar ekki og var til dæmis safn- að undirskriftum til að reyna að fá séra Pál til að segja af sér. Tveir ungrir atvinnurekendur, Bjarni Fannberg og Högni Gunnarsson, höfðu neitað að undirrita samn- ingana og um vorið mögnuðust illdeilurnar í bænum.




Bjartur, hrintu honum út!

Spyrnti við fótum alla leiðina

Hannibal, sem hafði farið aftur heim, kom til Bolungarvíkur þann 26. júní árið 1932 til að fylgjast með framgangi mála og aðstoða ef hann gæti. Hannibal kom að landi ásamt Karlakór Ísafjarðar, sem ætlaði að syngja þar í bænum um daginn, og hann fór rակleidis heim til félaga síns að þiggja kaffi. Þegar kaffið var komið á borðið kom stór hópur manna og barði að dyrum. Fyrir hópnum fór Högni Gunnar- son og spurði um Hannibal.

Þegar Hannibal gekk að dyrum sagði Högni honum að það biði hans bátur við öldubrjótinn. Búið væri að ákveða að senda hann aftur til Ísafjarðar. Hannibal sagðist ætla að hlýða á kórinn og yrði því ekki haggad. Þegar hann ætlaði aftur inn til að ljúka við kaffið sagði Högni: „Bjartur, hrintu honum út!“ Var þá maður hinum megin við hann sem hrinti honum út úr húsinu. Urðu þá nokkrar ryskingar en Hannibal var loks nauðugur fluttur burt. Í kærnu til lögreglu sagði Hannibal:

„Spyrnti ég við fótum alla leið



Félagslegt raunsæi

Verðmæti verða ekki aðeins metin í krónum og aukum og er sá listræni arfur sem spratt upp úr kreppunni dæmi um það. Félagslegt raunsæi er heitið sem hefur verið notað til að ramma inn þau skáld sem spruttu upp á þessum tíma. Þau reyndu að lýsa brauðstriti almennings á sem raunsæjastan hátt út frá sjónarhóli stéttabaráttunnar.

Nóbelskálidið Halldór Laxness var stærsta afurð stefnunnar hér á landi. Á meðal annarra höfunda má nefna Jóhannes úr Kötlum og Stein Steinar. Verk þeirra eru rammpólitísk en jafnframt greinandi fyrir þær þjóðfé- lagsbreytingar sem áttu sér stað á þessum tíma þegar sveitasamfélagið var að líða undir lok.

Salka Valka eftir Laxness kom út árið 1931 og Rauður loginn brann eftir Stein Steinar árið 1934. Bæði tímamóta- listaverk sem eru innblásin af sósíalisma. Áhrif stefnunnar vörðu hér á landi allt til ársins 1950 eða þar um kring. ■

ALLUR ÓÞARFI BANNADUR

Innflutningshöft sem vörðu í áratugi

Innflutningshöft voru ekki ný af nálinni á Íslandi þegar kreppan mikla læddist hingað árið 1930. Allt frá upphafi fyrri heimsstyrj- aldar árið 1914 höfðu gjaldeyris- og innflutningstakmarkanir verið virkar. En árið 1930 hríðféll verð á útflut- ningsvörum Íslands og brugðu stjórn- völd þá á það ráð að takmarka allan innflutning á „óþarfa varningi.“

Þann 3. október árið 1931 setti ríkisstjórn Framsóknarflokksins reglugerð um að skilaskyldu gjaldeyris til banka. Þann 23. sama mánaðar var sett reglugerð í atvinnuálaráðu- neytinu um innflutningsbann sem heimilt var samkvæmt eldri lögum.

Sem dæmi um óþarfa sem bann- að var að flytja inn mátti nefna kjöt, smjör, fisk, ávexti, brauð, sælgæti, ilmvoð, hljóðfæri, grammófon- plötur, málverk, bifreiðar, skófatn- að, tilbúinn fatnað, silki, kvikmyndir, tóbak, skartgrip, sápu, húsgögn og margt fleira. Listinn var reyndar svo langur að fljótlegra væri að telja upp hvað var ekki á honum. Á þessu eina ári hafði innflutningur reyndar þegar hrundi um þriðjung, úr 60 milljónum í 40.

Stjórnin fylgdi þessu eftir og var kaupmönnum gert skylt að gefa sér



Spegillinn 1948 Grín hent að skömmtunarkerfinu.

stakri innflutningsnefnd nákvæmar skýrslur á birgðastöðu þeirra af fram- an töldum vörum. Brot gegn bann- inu gat varðað sektum allt að 100 þúsund krónum. En hægt var að fá undanþágur að vissum skilyrðum uppfylltum.

Kreppan varði hér út áratuginn en árið 1939 var nær helmingur varningsins settur á svokallað- an frílista og undanþeginn banni. Þegar stríðið skall á og Bretar her- námu landið voru höftin fljótlega hert aftur. Haftastefnan markaði næstu áratugi og landsmenn þurftu að fylla út skömmtunarmiða til að kaupa sér gúmmistígvel eða spari- glös svo að dæmi séu tekin. Á sjötta áratugnum slaknaði á höftunum og árið 1960 voru um 60 prósent inn- flutnings gefin frjáls. ■

20% afsláttur

Yuup sjampó fyrir hunda og ketti
(án SLS, SLES, þalata og parabena)

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Kreppan mikla Skólabörn fá súpu og braud.



KREPPAN MIKLA

Versta efnahagskreppa heimsins eftir iðnvæðinguna

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Kreppan mikla skall af miklum þunga á heimsbyggðinni 1929 og stóð hún yfir í 10 ár. Hún hófst með mikilli verðlækkun á hlutabréfamörkuðum í Bandaríkjunum í byrjun september 1929. Hún varð síðan að alheimskreppu þann 29. október (oft nefndur Svarti þriðjudagurinn) þegar hlutabréfaverð hrundi á Wall Street. Frá 1929 til 1932 er áætlað að verg landsframleiðsla á heimsvísu hafi dregist saman um 15 prósent. Til samanburðar má nefna að í kreppunni sem skall á 2008 er talið að verg landsframleiðsla hafi dregist saman um 1 prósent. Sum hagkerfi byrjuðu að jafna sig um miðjan fjórða áratuginn en í mörgum ríkjum gætti áhrifa kreppunnar allt þar til síðari heimsstyrjöldin hófst. Þetta er versta efnahagskreppa sem skolið hefur á heimsbyggðinni síðan iðnvæðingin hófst.

Þegar hlutabréfaverðið féll á Wall Street greip gríðarleg örvænting um sig og milljónir fjárfesta töpuðu öllu sínu. Í kjölfarið hélt fólk að sér höndum í útgjöldum og einkaneysla dróst mikið saman sem og fjárfestingar. Þetta hafði í för með sér mikinn samdrátt í iðnaðarframleiðslu og atvinnuleysi jókst. Þegar kreppan var í hámarki í Bandaríkjunum 1933 voru um 15 milljónir Bandaríkjamanna án atvinnu og tæplega helmingur banka landsins hafði orðið gjaldþrota.

Þegar rýnt er í hvað kom kreppunni af stað þá stendur ofarlega að allan þriðja áratuginn var gríðarlegur vöxtur í bandaríska hagkerfinu og auður þjóðarinnar rúmlega tvöfaldaðist á milli 1920 og 1929.

Hlutabréfamarkaðurinn, The New York Stock Exchange, á Wall Street í New York var vettvangur misunnarlausrar spákaupmennsku. Þar stunduðu milljónamæringar, kokkar og húsverðir spákaupmennsku af kappi og lögðu allt sitt fé undir. Þetta þýddi að markaðurinn stækkaði hratt og náðu viðskiptin hámarki í ágúst 1929. Þá hafði dregið úr framleiðslu og atvinnuleysi hafði aukist. Af þessum sökum var hlutabréfaverð miklu hærra en raunverulegt verðmæti þeirra var. Þessu til viðbótar voru laun lág á þessum tíma, neyslulán höfðu vaxið hratt, landbúnaðurinn glímdi við rekstrarerfiðleika vegna þurrka og lækkandi afurðaverðs og bankar voru með mikið af útistandandi lánum sem þeir gátu ekki innheimt. Sumarið 1929 skall væg kreppa á í Bandaríkjunum þegar einkaneysla dróst saman og óseldur varningur fór að safnast fyrir sem aftur hægði á framleiðslu. Samt sem áður hélt hlutabréfaverð áfram að hækka og um haustið hafði það náð ótrúlegum hæðum sem ekki var hægt að réttlæta með væntanlegri innkomu í framtíðinni.

Örvænting á hlutabréfamarkaðnum

Taugaóstyrkir fjárfestar fóru að selja of dýr hlutabréf sín í miklu magni þann 24. október 1929. Þá gerðist það sem margir höfðu óttast, markaðurinn hrundi. Um 12,9 milljónir hlutabréfa voru seldar þennan dag en það var met. Dagurinn var nefndur „Svarti fimmtudagurinn“. Fimm dögum síðar, 29. október, voru 16 milljónir hlutabréfa seldar þegar önnur alda örvæntingar reið yfir Wall Street. Milljónir hluta urðu verðlausar og þeir fjárfestar sem höfðu keypt hlutabréf með

Með hinni svokölluðu New Deal-áætlun ríkisstjórnar Roosevelt tókst með tímanum að vinna bug á kreppunni og koma efnahagslífinu á réttan kjöl

lánsfé þurrkuðust algjörlega út. Í kjölfarið misstu neytendur trú á efnahagnum og héldu að sér höndum og þar með hófst vítahringur þar sem framleiðsla dróst saman, atvinnurekendur sögðu upp starfsfólki og þeir sem voru svo heppnir að sleppa við brottrekstur urðu að setta sig við lægri laun og minni kaupmátt.

Áhlaup á banka

Þrátt fyrir yfirlýsingar Herberts Hoover forseta og annarra leiðtoga um að kreppan myndi brátt enda héldu mál áfram að þróast á versta veg næstu þrjú árin. Fjórar milljónir Bandaríkjamanna voru án atvinnu 1930. Þeir voru 6 milljónir 1931 og um 15 milljónir 1933. Heimilislausum fjölgaði mikið og sífellt fleiri urðu að treysta á matargjafir. Bændur höfðu ekki efni á að taka uppskeru sína í hús og urðu að láta hana liggja og rotna á ökrum á meðan fólk svalt í bæjum og borgum.



Herbert Hoover Vildi ekki beina íhlutun ríkisins og galt þess í kosningum.

Haustið 1930 skall fyrsta örvæntingarholskeflan vegna stöðu banka á. Margir fjárfestar höfðu þá misst trúna á bönkum sínum og kröfðust þess að fá inneignir sínar greiddar út í reiðufé. Þetta neyddi banka til að gjaldfella lán til að verða sér úti um fé. Fleiri slíkar bylgjur fylgdu í kjölfarið og snemma árs 1933 höfðu mörg þúsund bankar orðið gjaldþrota. Ríkisstjórnin reyndi að styðja við banka og aðrar stofnanir með lánum sem vonast var til að bankarnir myndu síðan lána fyrirtækjum sem gætu þá ráðið fólk aftur til starfa.

Hoover var repúblikani og var þeirrar skoðunar að ríkið ætti ekki að vera með beina íhlutun í efnahagslífið og bæri ekki skylda til að skapa störf eða aðstoða þegnana efnahagslega. Þegar forsetakosningar fóru fram 1932 sigraði demókratinn Franklin D. Roosevelt með yfirburðum. Hann var settur í embætti í mars 1933 og hófst þá þegar handa við takast á við efnahagsvandann.

Hann lét loka öllum bönkum landsins í fjóra daga til að þingjið gæti afgreitt nauðsynleg lagafrumvörp um endurbætur í efnahagslífinu. Einnig voru aðeins þeir bankar sem þóttu traustir opnadir á nýjan leik. Roosevelt byrjaði síðan að ávarpa þjóðina í útvarpi og þannig tókst honum að leggja sitt af mörkum til að byggja upp traust fólks á efnahagslífinu á nýjan leik. Með hinni svokölluðu New Deal-áætlun ríkisstjórnar Roosevelt tókst með tímanum að vinna bug á kreppunni og koma efnahagslífinu á réttan kjöl. Þegar síðari heimsstyrjöldin hófst ákvað Roosevelt að styðja við bakkið á Bretum og Frökkum og hergagnaframleiðsla fór á fullt og störfum fjölgaði og efnahagurinn tók enn betur við sér. Þegar Japanir réðust síðan á Bandaríkin í desember 1941 fór allt í fullan gang og 1942 var atvinnuleysi orðið minna en það var áður en kreppan skall á. ■

HAUST ÚTSALA

**20-
60%
AFSLÁTTUR**

Aðeins
17.32%
á mánuði

Royal
VIANA

60% AFSLÁTTUR

Vönduð þrýstijöfnunardýna. Þrýstijöfnunarefnið aðlagast alveg að líkamanum og veitir stuðning á rétta staði. **Verð ásamt rúmbotni og fótum.**



Stærð 90X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ

42.330 kr.

Fullt verð 105.826 kr.



Stærð 140X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ

61.008 kr.

Fullt verð 152.521 kr.



Stærð 160X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ

68.828 kr.

Fullt verð 172.071 kr.




Stærð 180X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ


85.104 kr.

Fullt verð 212.760 kr.

Þjófðum upp á allt að 12 mánaða vaxtalust kredikortlán. Einnig hægt að greiða með Netgíró



Ronald Reagan
Forsetinn og
lífvörðurinn.



Ronald Reagan bjargaði 77 mannslífum og fölskum tönnum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ronald Reagan var fertugasti forseti Bandaríkjanna og talinn með þeim áhrifameiri. Hann leiddi bylgu nýfrjálshyggjunnar á níunda áratugnum ásamt Margaret Thatcher, forsætisráðherra Bretlands. Reagan átti litríkan feril, bæði sem leikari í Hollywood á sínum yngri árum og síðar sem ríkisstjóri Kali-

fornú og forseti. Varð til dæmis gerð tilraun til að ráða hann af dögum í mars árið 1981, skömmu eftir að hann sór embættiseiðinn. Færri vita að Reagan starfaði sem lífvörður á skólaárum sínum og samkvæmt heimildum bjargaði hann 77 manns.

Stúlkurnar vildu láta bjarga sér
Reagan var fæddur í smábænum Tampico í norðurhluta Illinois-fylkis árið 1911. Snemma fékk hann viðurnefnið Dutch og þótti

grannur en nokkuð hraustur og fjallmyndarlegur. Hann gekk í framhaldsskóla í bænum Dixon og sýndi þar fram á hæfileika í íþróttum og leiklist en var aðeins í meðallagi sem námsmaður. Hann vildi ekki dvelja mikið heima við því faðir hans var alkóhólisti sem drakk sig dauðan nánast hvert kvöld.

Þegar Reagan var sextán ára gamall, árið 1927, fékk hann starf sem lífvörður við fljótið Rock River í þjóðgarðinum

Lowell Park í Iowa-fylki. Þar vann hann í sjö sumur samhliða námi við góðan orðstír.

Reagan hafði nóg að gera og þurfti oft að stinga sér í ána til þess að bjarga fólki. Í hvert skipti sem hann gerði það risti hann í drumb sem var þar. Eftir sumrin sjö voru risturnar orðnar 77 talsins.

Sumir hafa bent á að þessi tala geti varla staðist eða var sundkunnátta Iowa búa virkilega svona afleit? Aðrir hafa þó

bent á þá staðreynd að sumar stúlkurnar þóttust vera í hættu því þær vildu láta hinn unga og myndarlega Dutch „bjarga“ sér.

Kafaði eftir fölskum tönnum

Reagan bjargaði hins vegar ekki aðeins lífum í ánni heldur aðstoðaði hann fólk í ýmsum vanda. Þegar Reagan var nýbyrjaður sem lífvörður kom til hans eldri maður sem hafði verið að synda í ánni og sagði: „Gætir þú vinsamlegast stökkið út í ána því ég er búinn að týna fölsku tönnum mínum?“ Reagan gerði það en fann ekki tennurnar við fyrstu leit. Hann lét þó ekki deigan síga og kafaði margsinnis til viðbótar þar til hann fann loksins tennur karlsins. Eigandi tannanna var svo ánægður að hann verðlaundaði Reagan með tíu dollurum. „Þetta var í fyrsta skipti sem ég fékk borgað fyrir að gera nokkuð,“ sagði forsetinn í viðtali áratugum seinna.

Hlutverk hans var ekki aðeins að hjálpa fólki heldur einnig að sjá til þess að það fylgdi reglum; til dæmis að fara upp úr ánni á réttum tíma. Þegar garðinum var lokað á daginn voru margir sem vildu synda áfram. Öskraði hann þá: „Fljótartottur!!“ En það er annað orð yfir nútríur, stór og mikil nagdýr, skyld björum, með beittar tennur.

Eins og margir vita þjáðist forsetinn af Alzheimer á sínum efri árum og háði það honum mjög á síðara kjörtímabilinu í embætti. Hann varð lítt viljugur til að ræða við fólk, sérstaklega um fortíðina. En hann mundi alltaf eftir árunum í Lowell Park og mynd af ánni hékk uppi á vegg heima hjá honum. Þetta var það sem hann var stoltastur af undir lok ævikvöldsins árið 2004. ■



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





RB RÚM:


Vönduð verðlaunaframleiðsla og 75 ára reynsla

RB rúm hafa fært mörgum kynslóðum Íslendinga betri svefn, vellíðan og fallegt umhverfi því fyrirtækið hefur verið starfandi í 75 ár, var stofnað árið 1943. Stofnandinn, Ragnar Björnsson, húsgagnabólstrari úr Hafnarfirði, hefði orðið 102 ára þann 30. ágúst síðastliðinn en hann lést árið 2004. Frá upphafi hefur fyrirtækið haft gæði að leiðarljósi og fylgt þar háleitum viðmiðum. Gott dæmi um orðspor og góð vinnubrögð RB rúma er að árið 2010 hlaut fyrirtækið alþjóðleg verðlaun á ráðstefnunni International Quality Crown Awards í London, fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Þetta eru mikilsvirt verðlaun sem aðeins eru veitt einu fyrirtæki í hverri grein árlega.

RB rúm hafa ávallt verið í fararbroddi í þróun og framleiðslu á springdýnum (fjaðradýnum) og má segja að sá þáttur sé meginkjarninn í starfseminni. Er fyrirtækið meðlimur í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðasamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun á springdýnum. RB springdýnurnar hafa verið framleiddar á Íslandi í 75 ár, en félagið fagnar því afmæli núna í ár. Hægt er að velja um fjórar tegundir af springdýnum, það er RB venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe og Grand-deluxe. Fjórir stifleikar eru í boði á allar þessar fjórar tegundir: mjúk, medium, stíf og extrastíf, allt eftir óskum hvers og eins. RB rúm geta breytt stifleika springdýnanna eftir þörfum og óskum viðskiptavina.

RB rúm framleiða margs konar rúm, meðal annars hjónarúm, fermingarrúm, einstaklingsrúm og hin klassisku RB rúm. Rúmin eru í hinum ýmsu stærðum og viðskiptavinir geta valið um áklæði, rúmbotna og stifleika dýnu. Enn fremur framleiðir fyrirtækið rúm fyrir hótél, RB rúm með tvöföldu fjaðrakerfi. Hægt er að fá klæðningu og rúmbotna á þau að eigin vali. Ítarlegri upplýsingar um rúmin í máli og myndum er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.

Ýmislegt fleira vandað, fallegt og smekklegt er að finna í verslun RB rúma að Dalshrauni 8. Má þar nefna sængurver, púða og rúmteppi, dýnu-




hlífar og lök, að ógleymdum afar smekklefum kistum og náttborðum. Það síðastnefnda er smíðað eftir máli og geta viðskiptavinir valið um marga liti á efnum og áklæðum.

Einnig er til sölu úrval af smekklegri gjafavöru fyrir heimilið. Má þar nefna ýmiss konar kert, til dæmis ilmkerfi frá Yankee Candle, handklæði frá Scintilla og ýmiss konar gjafavöru frá Esprit Home. Skoða má úrvalið á heimasíðunni og á Facebook-síðu RB rúma. Skemmtilegast er þó að skoða úrvalið og fá faglega ráðgjöf í verslun fyrirtækisins að Dalshrauni 8 í Hafnarfirði. Þar er opið virka daga frá kl. 9 til 18 og á laugardögum frá 10 til 14.



Helgarkrossgátan

						sönglagið	stúlka		kappnæg
									2
								6	
								spyrja	
								erill	gauf
							fugl afundin		
krossgátugerð: Bjarni Sími 845 2510	↓	ákafur	Teikning: Halldór Andri eftirþrenntun bóttuð	fiskur	frá	kúldrast			
áformaðar									líkams- hlutinn
	↓		líffæri einar til			flokk	4		
pláss					muldur skrápur			2 eins gláðar	
nöldrur						fikill			spriklar
stafur			yrði grindina				auli		
		hagnað þorir			planta bárana				skákin
kviður					áverki		smyrja veisla		
áverki			röðull			púkar rugl			
lokuð					föggur		skömm- unum	1	eldstæði
röð	8		innyfli 4 eins				spíra 4 eins		
	fram baunina				berir				
fugl					steðjaði vað				
	3	angrar		tannstæði	nef	röð		líffæri	7
útnes						múli			
eftir			vitstola varðandi				fersk áttund		2 eins
knappan						brott			
útlím				spígspor		5	áflog		

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5	
8		4		2		1		
	7	3	4				9	
		9		4			1	
7						9	3	
3	6		2	7		8		
	1	2						
	5	8	9		4	2		
			1			5	8	4

Erfið

						3	5
		5			9	8	4
6		7					
	5		3	7		2	
	8		4			5	
	7	8	9	4	3	6	
				2			8
	1	4	5	6			

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Porfinnur Finnsson

Ástúni 2

200 Kópavogi

Lausnarorðið var **KÁLGARÐUR**

Porfinnur hlýtur að launum bókina Meistararnir



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin **Mín sök**

Mín sök

Höfundar: Clare Mackintosh, Eyrún Edda Hjörleifsd. þýddi

Regnvott síðdegi skýst drengur frá móður sinni og út á götu – beint í veg fyrir bíl. Örvæntingarfull móðirin horfir á bílinn bruna burt ...

Eftir dauðasýslid og endurtekna martröðina sem fylgir henni hvert fótmál flýr Jenna Gray í afskekkt þorp í Wales. Þar reynir hún að koma lífi sínu á réttan kjöl en yfir henni grúfir óttinn og sorgin, minningar um það sem gerðist þetta nóvembarsíðdegi – og það sem gerst hafði áður.

Mín sök er fyrsta bók Clare Mackintosh sem starfaði í bresku lögreglunni í tólf ár og nýtir sér hér reynslu sína af rannsókn glæpamála. Bókin hefur selst í milljónum eintaka víða um heim og fyrir hana hlaut höfundurinn Theakstons Old Peculier Crime Novel-verðlaunin 2016 auk þess sem franska þýðingin vann til verðlauna í Frakklandi.



saman



&



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avxtabillinn.is • avxtabillinn@avxtabillinn.is • 517 0110

SAKAMÁL



29. nóvember var Bandaríkjamaðurinn James Craig Kahler handtekinn. Deginum áður hafði hann myrt brottflutta eiginkonu sína, Karen, dætur þeirra tvær, og örmu Karenar. James skaut þær allar til bana eftir að Karen sótti um skilnað og tók saman við aðra konu. James var dæmdur til dauða 11. október 2011.

KLÁMFÍKN KOSTAÐI M

■ Henley glímdi við veikleika ■ Klám var hans ær og kýr ■ Fór vopnaður skammt

Sú var tíðin að klám var ekki jafn aðgengilegt og nú er raunin. Viðskipti með slíkt, hvort heldur kaup eða sala, var heimulleg aðgerð en afar ábatasöm fyrir þann sem seldi.

Á sjötta áratug síðustu aldar blómstraði næturlíf og vændi í Soho-hverfi á West End í London. Upp úr styrjaldarlokum óx þar viðskiptum með klámkvikmyndir og -blöð fiskur um hrygg og var þar helst um að ræða innflutning frá Frakklandi, Þýskalandi og Svíþjóð.

Úrval í bakherbergjum

Árið 1956 hafði eftirspurn eftir klámi aukist mikið og Soho varð óumdeilanlega miðstöð klámviðskipta á Englandi. Reyndar var ólöglegt að höndla með klámfengið efni en margir bóksalar höfðu gott úrval „undir afgreiðsluborðinu“ eða í bakherbergjum.

Yfirvöldum var vel kunnugt um stöðu mála en svo fremi að klám var ekki selt fyrir opnum tjöldum eða innihélt börn horfði Scotland Yard í gegnum fingur sér hvað það varðaði.

Spennt kanadísk áhöfn

Víkur nú sögunni til 25. október 1956. Daginn þann lagðist að Til-



„Ég hafði byssuna með mér til að verða mér úti um klámið með hótunum“

Bakherbergið Henley taldi sig hafa komist í feitt er hann sá úrvalið.

bury-bryggju í London kanadíska herskipið Iroquois. Áhöfnin var spennt, enda höfðu margir aldrei komið til London áður, og sá fram á fjóra daga í borginni.

Sumir áttu reyndar ættingja sem þeir hugðust heimsækja en í hugum flestra var fyrst og fremst um að ræða tækifæri til að baða sig í borgarljósunum.

Haltur yfirsjóliði

Í áhöfninni var yfirsjóliði að nafni Richard Henley, 26 ára Kanadamaður sem hafði gengið í konunglega kanadíska sjóherinn undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar, þá 15 ára.

Tveimur árum síðar slasaðist hann og var haltur þaðan í frá. Hvað sem því leið þá var hann glaðvær en kannski eilítið hlé-drægur. Eins og skipsfélagar hans hlakkaði hann mikið til að komast frá borði og vissi nákvæmlega hvað hann vildi sjá í London.

Á höttum eftir klámi

Þannig var mál með vexti að Henley hafði mikinn áhuga á klámi. Á ferðum sínum um heimsins höf hafði hann viðað að sér efni þar sem því var við komið og átti þegar þarna var komið sögu þokkalega stórt safn bóka og tímarita af þessum toga. En hann var spenntur að sjá hvað væri í boði í London.

Henley rauk þó ekki beint í Soho. Hann rataði ekki um borgina og fór því fyrst á nokkra bari í Piccadilly. Þar aflaði hann sér upplýsinga um hvert skyldi halda; Dean Street í Soho.

Ekkert klám í gluggum

Að þeim upplýsingum fengnum beið yfirsjóliðinn ekki boðanna og var eftirvænting hans nánast yfirþyrmandi þegar hann nálgadist bókaverslun James.

Innan glugganna var stillt upp bókum frá öllum heimshornum um nánast hvað sem er. Henley þekkti ekki til laga á Englandi um höndlun með klám og varð fyrir miklum vonbrigðum að sjá ekki svo mik-

„Fyrst sagðist Henley vera á höttum eftir „fræðandi“ bókmenntum“

ið sem eitt klámblað í glugganum. Hann ákvað engu að síður að leggja ekki árar í bát og kíkja inn fyrir.

Fræðandi bókmenntir

Handan afgreiðsluborðsins stóð John Robinson, 36 ára og ágætlega sjóaður á sínu sviði. Hann lét sér ekki bregða þegar Henley reyndi að útskýra eftir hverju hann væri að slægjast.

Fyrst sagðist Henley vera á höttum eftir „fræðandi“ bókmenntum, síðan einhverju sem tengdist heilsu og nekt og að lokum einhverju erótísku.

Nú, þegar það var komið á hreint benti Robinson sjóliðanum að koma inn í bakherbergi. Henley fannst hann himin höndum hafa tekið, þvílíkt var úrvalið af myndefni sem spannaði allt frá nekt til grófs kláms með kvenfólki frá 16 ára til miðaldra.

Skot í kvíðinn

En þrátt fyrir allt þá vildi Henley frekar klámkvikmyndir og tók

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysrluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Draghális 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON



20. desember, 2010, var íranska konan Mahin Qadiri hengd fyrir að hafa myrt fimm konur. Fórnlömb Mahin Qadiri voru miðaldra konur og fyrsta morðið framdi hún í febrúar 2008 og hið síðasta í maí 2009. Mahin barði konurnar með járnstöng svo þær misstu meðvitund og síðan kyrkti hún þær.

MANNSLÍF

Byssu í verslunarleiðangur



Skotinn í kviðinn John Robinson varð ekki lífs auðið.

Robinson hann þá í annað herbergi. Henley gat engan veginn gert upp við sig hvað hann ætti að kaupa og tók í skyndi þá ákvörðun að láta greipar sópa, greiða ekkert fyrir og hafa sig á brott með hraði.

Henley dró upp þjónustuskammyssu sína og fyrir en varði var hann búinn að skjóta einu skoti. Skotið hæfði Robinson í kviðinn og hneig hann veinandi af kvölum og angist niður á gólfíð.

Tómhentur af vettvangi

Leiða má líkur að því að þetta hafi ekki verið ætlun Henley því hann yfirgaf bókaverslunina í ofboði og tómhentur í þokkabót. Síðan ruddi hann sér leið í gegnum gangandi vegfarendur og lét sig hverfa.

Nokkrum mínútum síðar kom ungt par í bókabúðina. Engan var að sjá við afgreiðsluborðið og fór maðurinn inn fyrir og kannaði málið.

Innan fimm mínútna var lögregluþjónn kominn á staðinn og korterí síðar voru rannsóknarlögreglumenn frá Scotland Yard byrjaðir að fínkemma vettvanginn í von um að finna vísbendingar í þessu morðmáli. Robinson hafði dáið í sjúkrahúsi á leið á spítala.

Sjólíði í uppnámi

Henley komst ósæður um borð í Iroquois og laumaðist til híbýla sinna. Á vettvangi ræddi lögreglan við vitni og nokkur þeirra áttu það sammerkt að hafa séð haltrandi sjólíða með gleraugu og virtist sá í miklu uppnámi.

Lögreglan hafði samband við öll herskip breska flotans sem bundin voru við bryggju í London og nágrenni – um borð í þeim var allt með kyrrum kjörum og vitað um ferðir áhafna.

Játning undir fjögur augu

Iroquois var eina erlenda herskipið í London og klukkan ellefu að kvöldi laugardagsins 27. október höfðu rannsóknarlögreglumenn samband við skipstjóra þess.

Skipstjórinn lét þegar framkvæma nafnakall og varð undrandi þegar í ljós kom að Henley var um borð, enda taldi hann að ungu sjólíðarnir hefðu allir farið frá borði.

Að nafnakalli loknu óskaði Henley eftir því að tala við skipstjórann undir fjögur augu. Viðurkenni hann að hafa skotið Robinson og brotnaði niður þegar honum var sagt að Robinson hefði dáið. Í öngum sínum bætti hann við að hann vildi að hann sjálfur væri dauður.

Fylltist ofsahræðslu

Ef lögreglan átti von á harðsvíruðum glæpamanni þegar hún yfirheyrði Henley daginn eftir þá var engu slíku til að dreifa. „Ég á við vandamál að stríða og það er orsök þessa alls. Ég ákvað að þegar ég kæmi til London myndi ég verða mér úti um klám með því að ræna búð. Ég hafði byssuna með mér til að verða mér úti um klámið með hótunum,“ sagði Henley.

Henley sagði enn fremur að honum hafi virst sem Robinson ætlaði að ráðast á hann. „Ég fylltist



Bókaverslun James Áfangastaður Richards Henley við Dean Street í London.

ofsahræðslu og tók í gikkinn. [...] Það gerðist ósjálfrátt.“

Heimild til dauðarefsinga

Þann 8. nóvember var úrskurðað að Henley skyldi sæta varðhaldi þar til hann kæmi fyrir dóm í desember. Henley var í slæmum málum því hann hafði viðurkennt að hafa skotið Robinson til bana við ránstílraun.

Neðri deild breska þingsins hafði, meðan Henley var á bak við lás og slá, sett lög um morð sem

fólu í sér heimild til dauðarefsinga.

Engu að síður játaði Henley sig sekan frammi fyrir dómara í Old Bailey þann 5. desember og hafði dómarrinn ekki fyrir því að upplýsa Henley um mögulegar afleiðingar þess.

Fyrirmyndarfangi

Á bak við tjöldin hafði verjandi Henley verið upplýstur af innanríkisráðuneytinu um að engar hengingar yrðu framkvæmdar fyrir en áður nefnd lög tækju gildi, sem

yrði ekki fyrir en eftir þrjú mánuði.

Vegna þessara þriggja mánaða sluppu 42 dæmdir morðingjar, Henley þar á meðal, með skrekkin.

Þegar vika var til jóla fékk Henley að vita að hann slyppi við hengingarólina. Hann varð fyrirmyndarfangi og í desember 1964 gat hann um frjálst höfuð strokið eftir átta ár í fangelsi og sneri heim til Kanada.

Þannig fór um sjóferð þá. ■

ALLT FYRIR SULTUGERÐ FRÁ FLÓRU







SÍÐAN 1935

Anna Mjöll fékk svæsna matareitrun

Söngkonan hélt að þetta væri hennar síðasta því maturinn skilaði sér meira að segja út um nefið

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
ljilja@dvis



Ég er mikil áhugamanneskja um mat. Ég hef víst alltaf verið það að sögn mómmu, sem segir að ég hafi alltaf verið róleg og ánægð í barnastólum svo lengi sem ég hafði eitthvað að borða fyrir framan mig. Ég var víst síborðandi. Spínat var víst í miklu uppáhaldi," segir stór-söngkonan Anna Mjöll Ólafsdóttir hlajandi sínum smitandi hlátri.

Anna Mjöll er sérstakur gestur á tónleikunum Celebrating David Bowie sem fara fram í Hörpu 7. og 8. október. Anna Mjöll stígur á svið fyrra kvöldið en meðal laga sem hljóma það kvöld verða Ziggy Stardust, Modern Love, Hallo Spaceboy og Heroes. Anna Mjöll er búsett vestan hafis og hefur nóg að gera í söngnum. Hún er mikill matgæðingur og nýtir stundir á milli stríða til að leika sér í eld-húsinu.

Svört, brennd beinagrind á disk

„Mér þykir mjög gaman að halda stór matarboð. Því fleiri sem koma í mat, því betra," segir Anna Mjöll, sem passar að hafa alltaf nóg af mat sem gleður hjarta og maga í ísskápnum. „Ég passa að eiga alltaf egg, mjólk, ost, vínber og hvítvín í ísskápnum.“

En hvaða mat getur þú alls ekki borðað?

„Ég hef nú aldrei getað borðað sviðakjamma," segir Anna Mjöll og hlær. „Ég vil helst ekki borða neitt sem er að horfa á mig á meðan ég

borða. Ég hef prófað hitt og þetta eins og kengúru, snák, snigla og krókóðil en þau horfðu öll í hina áttina á meðan ég borðaði," bætir hún við.

Ef þú þyrftir að velja eina máltíð til að borða það sem eftir er ævinnar - hvað myndir þú velja?

„Ef ég hefði bara eina máltíð myndi ég velja jóla-lambarúlluna með brúnkálínu sem mamma gerir. Hún er best.“

Hver er skrítnasti rétturinn sem þú hefur smakkað?

„Það var sennilega „fresh fish“ sem ég pantaði einu sinni í Bangkok. Það var ekkert ferskt við hann. Það var búið að kveikja í honum og ég fékk bara svarta, brennda beinagrind á diskinn.“

Þhugaði að hringja heim og segja bless

Talið berst að eftirminnilegri minningu tengdri mat. Þá stendur ekki á svörunum hjá okkar konu, en við vörum lesendur við grafískri lýsingu á því sem gekk á.

„Ég man eitt sinn á tónleikaferðalagi í Búkaest. Við vorum öll vöðalega þreytt og komum inn á mjög fínt hótél þar sem þjónustufólkið beið eftir okkur í sínu finasta pússi og vísaði okkur inn í sal. Þar var stærsta og flottasta hlaðborð sem við höfðum nokkurn tímann séð. Við réðumst á borðið og ég fékk mér helling af dýrindis rækjum og hitt og þetta," segir Anna Mjöll, sem var södd og sæl eftir máltíðina. Hálfum sólarhring síðar dundu ósköpin yfir.

Maturinn kom út alls staðar sem hann gat

„Tíu til tólf tímum síðar fór ég að skjálfa inni á hótélherbergi og þá byrjaði ballið - matareitrun af verstu tegund," segir Anna Mjöll og brosir er hún rifjar upp þessa hræðilegu lífsreynslu. „Ég var ekki viss um að ég myndi lifa þetta af. Ég var að hugsa um að hringja heim og segja bless, bara svona til vara. Maturinn kom út alls staðar sem hann gat og af svo miklum krafti að hann kom meira að segja út um nefið. Ég var svo máttlaus að ég var komin með þetta í hárið og út um allt. Ég náði að hringja í læknuminn sem ferðaðist með okkur sem bauðst til að koma inn í herbergi. En honum var ekki alveg treystandi í svoleiðis aðstæðum þannig að ég sagði honum að ég myndi koma til hans. Hann var uppi á efstu hæð með Julio Iglesias," segir Anna Mjöll, en hún ferðaðist um tíma um heiminn með spænska látunsbarkanum og hljómsveit hans.

„Ég náði að skrifa út í lyftu með hárið allt klístrað, svarta bauga undir augunum og lyktin af mér hefur örugglega verið allsvakaleg.



Anna Mjöll syngur Bowie um helgina.



Anna Mjöll getur ekki borðað svið

Ég mætti hjónum í lyftunni sem héldu niðri í sér andanum. Ég man alltaf eftir því þegar lyftu-dyrnar opnuðust og fyrir framan mig stóðu þrjú vel vopnaðir lífverðir. Þeir lögðu allir hönd á byssuna. Ég leit á þá í allri minni dýrð og þeir litu á mig. Ég gekk bara beint framhjá þeim án þess að segja orð. Þeir sáu örugglega að það væri bara best að láta þessa eiga sig," segir Anna Mjöll, sem getur hlegið dátt að atvikinu í dag. Sem betur fer náði söngkonan sér að fullu og fékk síðar að vita að alls nítján manns hefðu fengið matareitrun þetta kvöld, þar af fjórir mjög alvarlega.

Karrí í kósímat

Eftir þessa átakanlegu sögu er eilítið kómískt að biðja Önnu Mjöll um uppskriftir að hennar eftirlæti kósímat og eftirrétti.

„Minn kósímat er í augnablikinu eru réttir eins og þessi kókoskarríkjúklingur (sjá mynd). Auðveldir og mjög góðir fyrir sálina. Ég bæti oftast við frosnum, grænum baunum eða bara einhverju frosnu grænmeti sem er til í frystinum. Svo læt ég líka slatta af Garam Masala-kryddi í alla karrírétti. Það gerir þá alltaf betri og ýtir undir karríbragðið góða.“

Kókoskarríkjúklingur

Uppskrift af vefsíðunni Epicurious

Hráefni:

- 4 kjúklingabringur, skornar í litla bita
 - 2½ tsk. milt karrírydd
 - 1½ tsk. salt
 - ½ tsk. pipar
 - 2 msk. kókos- eða grænmetisólía
 - ½ meðalstór laukur, saxaður
 - 1 dós kókosmjólk
 - 1 engiferbútur, án hýðis
 - 4 hvítlauksgeirar, án hýðis
 - ½ bolli kasjúhnetur (má sleppa)
 - 1½ tsk. sinnepsfræ (má sleppa)
 - 140 g spínat
 - Kóríander
- Hrisgrjón eða naan-brauð (meðlæti)

Aðferð:

Setjið kjúkling í meðalstóra skál og kryddið með karrí, salti og pipar. Takið pönnu í hönd og hitið tvær matskeiðar af olíu yfir meðalhita. Setjið laukinn á pönnuna og steikið í um 2 mínútur. Setjið



Kókos karríkjúklingur er í uppáhaldi hjá söngkonunni.

kókosmjólk, engifer og hvítlauk í blandara og maukið. Setjið blönduna, ásamt kjúklingnum, á pönnuna og eldið í 7 til 10 mínútur, eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn og sósan farin að þykkna. Takið þá til aðra pönnu og hitið tvær teskeiðar af olíu yfir meðalhita. Eldið hneturnar og sinnepsfræin í 2-3 mínútur. Bætið spínati í kjúklingablönduna og eldið í 1 mínútu. Deilið kjúklingnum í fjórar skálar og skreytið með kóríander og hnetublöndunni. Berið fram með hrisgrjónum eða naan-brauði.

Lífið er eins og konfektkassi

„Ég get aldrei gengið framhjá Ísdeildinni án þess að ná í Ben & Jerry's Chocolate Brownie Fudge-ís. Hann er vöðalega góður. Ég er mikill aðdáandi eftirréttu, svo lengi sem þeir innihalda súkkulaði auðvitað. Það verður að vera súkkulaði. „Lífið er eins og konfektkassi" – var það ekki sagt í einhverri blómmynd? Hér er einn ofboðslega góður eftirréttur sem slær alltaf í gegn þegar ég er með matarboð.“

Blaut súkkulaðikaka

Uppskrift af vefsíðunni Food & Wine

Hráefni:

- 115 g ósaltað smjör
- 170 g dökkt súkkulaði
- 2 egg
- 2 eggjarauður
- 50 g sykur
- Smá salt
- 2 msk. hveiti

Aðferð:

Hitið ofninn í 230°C. Takið til 6 lítil form og smyrjið þau með smjöri og dustið hveiti í þau. Sláðu á botninn á formunum til að ná sem mestu hveiti úr. Setjið formin á ofnplötu. Bræðið smjör og súkkulaði yfir vatnsbaði. Þeytið saman egg, eggjarauður, sykur og salt í meðalstórri skál þar til blandan hefur hvítnað og þykknað. Þeytið brædda súkkulaðið og smjórið þar til blandan er silkimjúk. Blandið eggjablöndunni og hveitinu varlega saman við með sleif eða sleikju og hellið deiginu í formin. Bakið í 12 mínútur, eða þar til toppurinn er bakaður en miðjan mjúk. Leyfið kökunum að kólna í formunum í 1 mínútu. Setjið síðan disk ofan á hverja köku fyrir sig og snúðið þeim varlega við. Leyfið þessu að standa í nokkrar sekúndur og fjarlægðu síðan formin. Berið strax fram.



GIMILI

FASTEIGNASALA



Biðjum uppá fritt söliverðmat

SÖLKUGATA 16, 270 MOSFELLSBÆR
79.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Raðhús
258 M²
6



Biðjum uppá fritt söliverðmat

BREIÐAVÍK 11, 112 REYKJAVÍK (GRAFARVOGI)
43.500.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Fjölbýli
109 M²
3



Biðjum uppá fritt söliverðmat

LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆR
54.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Raðhús
203 M²
6

DUNDERDON

Snickers
WORKWEAR

2017

Framúrskarandi
fyrirtæki



Nú fást

Snickers
WORKWEAR

vinnuföt í

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex

MILLER

OTTER

TOE GUARD

SOLID GEAR

Honeywell

Hultafors

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

HILTI

Verkfæri og festingar

„Þetta er sú alstærsta gjöf sem ég hef fengið í lífinu“

Páll Óskar ræðir tónlistina, skuldaspuna og styrktartónleika fyrir unga fíkla

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Poppstjarnan og öðlingurinn Páll Óskar Hjálmtýsson er listamaður sem hefur snert mörg íslensk tónlistarhjúrtu á löngum og glæstum ferli. Páll hefur ekki einungis látið sig tónlistina varða heldur hefur hann verið mikilvæg og öflug rödd í réttlætisbaráttu samkynhneigðra sem og annarra mikilvægra málefna en söngvarinn skipuleggur nú styrktartónleika undir formerkinu Lof mér að lifa – Styrktartónleikar fyrir unga fíkla. Á tónleikunum, sem haldnir verða í Háskólabíói þann 8 nóvember, mun rjóminn af íslensku tónlistarfólki koma fram.

Ferill Palla hefur ekki alltaf verið dans á rósum en tónlistar- maðurinn lenti í skuldavanda eftir mislukkaða plötu og tónleikahald um Evrópu, en með jákvæðnina að vopni og stífu aðhaldi tókst

honum að rétta úr kútnum og hefur aldrei verið á betri stað að eigin sögn.

Ég heyrði í Palla og forvitnaðist um ferilinn og sitthvað fleira hjá þessum vinsælasta tónlistarmanni þjóðarinnar og líklega þeim lífs- glaðasta.

Nú ertu búinn að vera í brans- anum í yfir tvo áratugi, hvernig hófst þetta allt saman hjá þér?

„Lætin byrjuðu 1991 þegar ég var í Menntaskólanum við Hamrahlíð og útskriftarverk- efnið mitt var Rocky Horror. Ég hins vegar byrjaði að syngja inn á barnaplötur sem krakki, söng og lék í auglýsingum og kom fram í Stundinni okkar. Það var bara upphitun fyrir það það sem koma skyldi.“

Hvernig er tilfinningin þegar þú horfir til baka yfir ferilinn, er eitthvað sem þú vildir hafa gert öðruvísi?

„Nei, alls ekki. Það sem ég er

mest þakklátur fyrir er það að vera enn þann dag í dag baksviðs alveg eins og krakki að klappa saman lófunum af tilhlökkun að komast inn á svið, ennþá sami viljinn og orkan. Að fá að gera þennan gjörning, sem er að syngja, troða upp og koma fram fyrir fólk. Þetta er sú alstærsta gjöf sem ég hef fengið í lífinu. Ég er líka þakklátur fyrir að mér hefur aldrei leiðst og aldrei orðið einmana. Þetta eru tvær tilfinningar sem ég einfaldlega þekki ekki.“

Þegar þú sérð þig fyrir tuttugu árum og svo eins og þú ert í dag, hverjar eru helstu breytingarnar, ef einhverjar eru, að þínu mati?

„Ég er fyrst og fremst miklu þolinmóðari og miklu reiðubúnari til þess að læra, einkum og sér í lagi af eigin mistökum. Ég held að þetta sé nákvæmlega tilgangur lífsins – þú lifir til þess að læra. Ég hef hitt fólk í lífinu sem að er einfaldlega alls ekki tilbúið til þess og

rekur sig á sömu veggina og gerir stöðugt sömu mistökin aftur og aftur. Sem betur fer er ég tilbúinn til þess að skoða sjálfan mig í krók og kring, alltaf tilbúinn til þess að bæta mig. Til dæmis sú vinna sem við höfum unnið í Borgarleikhúsinu í Rocky Horror-söngleiknum. Þar hef ég gert mitt besta til þess að bæta mig milli sýninga. Núna erum við að sýna sýningu númer sextíu og ég held að þessi sýning hafi aldrei verið jafn sterk. Rocky Horror styrkist eftir því sem sýningarnar verða fleiri. Ég vil líka sjálfur vaxa og dafna, styrkja sjálfan mig og finna nýja liti í litaboxinu.“

Nú eru vinsældir þínar miklar hér heima. En erlendis?

„Nei, ég hef aldrei gert neitt alvarlegt til þess að koma mér út fyrir landsteinana.“

Er einhver ástæða fyrir því?

„Það var aðallega eftir Eurovision 1997 þá ferðast ég svoltið mikið um Evrópu 1997, 98 og 99. Tróð upp á Eurovision-ráðstefnum, Eurovision-aðdáendaklúbbum og á Gay Pride-hátíðum sem þá voru haldnar víðs vegar um Evrópu. Oftar en ekki endaði þetta þannig að ég sat uppi með allan kostnaðinn. Ég þurfti að borga sjálfur flug, hótél, upphald og fékk síðan lítið sem ekkert út úr því að troða þarna upp. Á þessum árum var ekki komin nein loftbrú og styrkveitingar til poppara voru af frekar skornum skammti. Ef aðstæðurnar hefðu verið öðruvísi hefði ég alveg þegið meiri hjálp. Í stuttu máli þá fékk ekkert út úr þessu. Mig vantaði fleiri lög og betri lög á ensku. Ensku þjóðingarnar á íslensku lögunum voru oftar en ekki lélegar og hreinlega virkuðu ekki. Ég þurfti að taka ákvörðun um að koma heim og hreinlega byrja að borga reikningana og koma mér út úr skuldafeni. Ég kaus frekar að koma heim inn í aðstæður sem ég þekkti þar sem auðveldara var fyrir mig að skaffa tekjur. Það tók mig sex ár að vinna mig upp úr skuldafjallinu sem myndaðist árið 1999.“

Voru þetta helst ferðalögin úti sem komu þér í skuldaspuna?

„Bæði það og plata sem ég gaf út 1999 sem átti að vera svona „meik-plata“ á ensku, en hún stóð engan veginn undir kostnaði sem var á mínum herðum. Ég tók sénsinn og ég tók ábyrgðina á þeim séns. Í júní 2006 náði ég að borga

síðasta reikninginn af því skuldafeni. Þetta blessaða góðæri sem var í gangi á þeim tíma, það fór alveg gjörsamlega framhjá mér.“

Er það ekki svoltið þannig, að það er alltaf dyggur aðdáendahópur sem mætir á öll böll hjá þér?

„Jú, ég hef alveg tekið eftir því. Ég er samt alveg yndislega hissa á því á hvaða aldri fólk er. Það eru stundum alveg þrjátíu ár á milli mín og þeirra sem eru á dansgólfinu.“

Er það ekki frekar góð tilfinning?

„Mér finnst það aðallega algjörlega magnað, að það geti yfirhöfuð gerst.“

Af hverju heldurðu að það sé?

„Ég hef ekki eitthvert eitt svar. Málið er það að ég elska að gera þetta og ég get ekki „feikað“ það. Ég treð upp skilyrðislaust, líka þegar ég er veikur, illa fyrirkallaður og „fokked“. Þá fer ég upp á svið og gef blóð. Ég held að liðið „fíli“ hvað ég elska þetta. Það skapar algerlega filterslausa tengingu milli mín og þeirra.“

Ef við færum tónlistina aðeins til hliðar. Hvað gerir Páll Óskar í frítímanum?

„Akkurat núna þá er ég varla með neinn frítíma. Ég nýti lausa tímann í stúdíóvinnu. Ég er að vinna tvö lög í einu með tveimur mismunandi listamönnum, sem mér líst mjög vel á og koma út von bráðar, og munum vinna myndbönd með báðum lögunum. Ég er líka að vinna að styrktartónleikum sem haldnir verða 8. nóvember í Háskólabíói. Þetta eru tónleikar sem bera yfirskriftina Lof mér að lifa – Styrktartónleikar fyrir unga fíkla. Ég og restin af þjóðinni erum í áfalli yfir þeirri staðreynd að núna á þessu ári hafa rúmlega þrjátíu ungmenni dáðið af völdum neyslu á lyfseðilsskyldum lyfjum. Listinn er orðinn ansi langur af listamönnum sem vilja koma þarna fram. Ég er þarna, Baggalútur, Hjálmar, Svala Björgvins, Ellen Kristjáns, Sigríður Thorlacius, Elín Ey, Jói Pé og Króli, KK og fleiri listamenn að bætast við.“

Ég er líka að undirbúa annað svona hliðarverkefni. Mig langar svo að taka upp djassplötu, ég er loksins búinn að detta niður á þema sem ég er að „fíla“ í botn.

Eins og þú heyrir þá er þetta vel þétt og þannig vil ég líka hafa það,“ segir Páll Óskar og skellir upp úr. ■

TUDOR

ALLAR GERÐIR
RAFGEYMA

Mikið úrval -
Traust og fagleg þjónusta

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

ELDRI KONUR MEÐ YNGRI MÖKUM

Um síðustu helgi vakti frétt um nýjan kærasta tónlistarkonununnar **Svölu Björgvins** mikla athygli. Sá lukkulegi heitir Guðmundur Gauti Sigurðarson, alltaf kallaður Gauti. Ástæðan fyrir áhuga lesenda var ekki síst sú staðreynd að 18 ára aldursmunur er á parinu. DV tók því saman fleiri dæmi um glæsilegar valkyrjur sem hafa valið sér yngri maka.

Ágústa Johnson og Guðlaugur Þór

Það vakti mikla athygli árið 1999 þegar líkamsræktarfrómuðurinn Ágústa Johnson og borgarfulltrúinn Guðlaugur Þór Þórðarson fóru að stinga saman nefjum. Það er einkenni góðs sambands að báðir aðilar blómstri og það gildir svo sannarlega um þau hjónin. Guðlaugur Þór er utanríkisráðherra þjóðarinnar og heilsutengd viðskipti Ágústu mala gull.



Guðrún Gunnarsdóttir og Hannes Friðbjarnarson
Það er eitthvað með tónlistarfólk og þessi töfrandi tölfr. Það er einmitt aldursmunurinn á söng- og fjölmíðlakonunni Guðrúnu Gunnarsdóttur og Hannesi Friðbjarnarsyni tónlistarmanni. Þau skötu hjúin hafa verið saman um árabíl og geisla af hamingju.

Sigríður Beinteinsdóttir og Birna María Björnsdóttir

Tölf ára aldursmunur er á tónlistarkonunni góðkunnunni og sambýliskonu hennar, Birnu Maríu. Þaríð eignaðist tvívura, son og dóttur, fyrir tæpum átta árum og hefur Sigríður látið hafa eftir sér að edlilegra væri að hún væri amma barna sinna en móðir.



María Björk Sverrisdóttir og Örn Sævar Hilmarsson

Fjörtán ára aldursmunur er á tónlistarkonunni Maríu Björk Sverrisdóttur og manni hennar, athafnamanninum Örn Sævari Hilmarsyni. María Björk er þekktustu fyrir samnefndan söngskóla sinn, sem hún hefur rekið í aldarfjórðung, og útgáfu hins geysivinsæla barnaefnis Söngvaborgar, í samstarfi við Siggu Beinteins. Þá var hún umboðsmaður söngkonunnar Jóhönnu Bjargar auk þess sem hún hefur gert það gott með framlagi sínu í Eurovision-keppinni.

Svava Johansen og Björn K. Sveinbjörnsson

Eitt glæsilegasta par landsins er hjónin Svava Johansen, gjarnan kennd við Sautján, og Björn K. Sveinbjörnsson. Saman reka þau NTC og tengdar verlanir. Þau hafa verið saman síðan 2005 en Svava er fjórum árum eldri en Björn.

NOKIA 3.1

13 MP MYNDAVÉL
TEKUR 2 SIMKORT
5.2" 18:9 SKJÁR MEÐ
GORILLA GLASS

NOKIA androidone



Ford

ECOSPORT



HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.750.000 KR.

FORD ECOSPORT TITANIUM S
SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:

3.490.000 KR.



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Braggamálið á borði borgarlögmanns í meira en ár

Braggamálið svokallaða hefur undið upp á sig undanfarna daga. Borgarstjórn ákvað í vikunni að innri endurskoðun borgarinnar færi yfir málið og kannaði hvort öllum reglum um innkaup hafi verið fylgt eftir. Framkvæmdin hefur þó í lengri tíma vakið furðu innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Þannig staðfestir Sabine Leskopf, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður innkauparáðs Reykjavíkurborgar, að borgarlögmaður hafi fengið beiðni frá ráðinu um að skila inn álit

vegna framkvæmdarinnar. Það álit hefur ekki enn skilað sér þótt heilt ár sé liðið.

Sabine tók við formennsku í innkauparáði eftir kosningar en ráðið hefur fengið kynningar um gang málsins síðan árið 2017. Þá hafi ráðið sent spurningar til viðeigandi aðila vegna málsins. Þegar Sabine var spurð hvort innkauparáð Reykjavíkurborgar hafi fengið svör við spurningum sínum varðandi verkefnið, sagði hún: „Ég get ekki sagt hvort fólki hafi þótt svörin vera fullnægjandi.“

DV hefur ítrekað reynt að ná

tali af Ólafi I. Halldórsyni, verk-efnastjóra hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, sem var með yfirumsjón yfir verkinu, en hann neitaði að ræða við blaðamann. DV hafði samband við Bjarna Brynjólfsson, upplýsingastjóra hjá Reykjavíkurborg, vegna málsins og sagði hann: „Ólafur mun ekki svara fyrirspurnum vegna málsins á meðan úttekt innri endurskoðunar á því fer fram. Það er einkar eðlilegt verklag. Upplýsingabeitnir vegna málsins verða einnig metnar á þeim grundvelli.“



Lítt þekkt ættartengsl

Ofurhlauparinn og stórmeistarinn

Elisabet Margeirsdóttir, næringarfræðingur og fyrrverandi veðurfréttamaður, vann hið ótrúlega afrek að klára Gobi-eyðimerkurhlaupið á rúmum fjórum dögum. Hlaupið var 400 kílómetra langt sem þýðir að Elisabet hljóp tvö og hálf maraþon á degi hverjum. Það er nánast ómannlegt afrek en undirbúningur Elísabetar fyrir þolraunina var gríðarlega mikil.

Faðir Elísabetar er einnig þekktur fyrir sín íþróttafrek. Það er stórmeistarinn, og síðar fjárfestirinn, Margeir Pétursson. Á skákferli sínum var Margeir þekktur fyrir frábæran undirbúning og ótrúlega seiglu við að kreista fram vinninga í löngum skákum. Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.



Þau braggast í borgarstjórn!

Loki

Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjöti

Toppaðu pizzuna

með áleggjunum frá Stjörnugrís



Chorizo kemur frá Spáni. Ríkjandi bragðtegundir eru chili, reykt paprika og fennel.



Salami er dönsk tegund. Ríkjandi bragðtegundir eru hvítlaukur og pipar.



Calabrese kemur frá Suður-Ítalíu. Ríkjandi bragðtegundir eru paprika, tómatur, chili, laukur og anís.



Pepperoni kemur frá USA. Ríkjandi bragðtegundir eru chili, reykt paprika og fennel.



Romano kemur frá Norður-Ítalíu. Ríkjandi bragðtegundir eru hvítmygluostur, hneta og pipar.



Hvort sem þú villt toppa pizzuna eða fá réttu stemninguna á ostabakkann, þá eru áleggjin frá Stjörnugrís fullkomin hvar sem er.

Þú finnur áleggjin frá Stjörnugrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.

www.svinvirkar.is